

### 31. Ferðamálaráðstefna Ferðamálaráðs Íslands haldin á Hvolsvelli 18.-19. október 2001

#### Dagskrá

#### Fimmtudagur 18. október

- kl.  
09:30 Skráning og afhending gagna.
- kl.  
11:00 Setning: [Tómas Ingi Olrich](#), formaður Ferðamálaráðs Íslands
- kl.  
11:15 Ávarp: [Ágúst Ingi Ólafsson](#), sveitarstjóri Hvolsvelli
- kl.  
10:25 Ávarp: [Hr. Sturla Böðvarsson](#), samgönguráðherra.

#### Ástand og horfur í ferðaþjónustu á Íslandi í kjölfar atburðanna 11. september s.l.

- kl.  
10:45 **Almennt yfirlit yfir áhrif og horfur í kjölfar atburðanna.**  
[Magnús Oddsson](#), ferðamálastjóri  
[Steinn Logi Björnsson](#), form. Samtaka ferðaþjónustunnar  
[Friðrik Már Baldursson](#), Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
- kl.  
11:45 **Hádegisverðarhlé.**
- kl.  
13:00 [Almennar umræður um áhrif og viðbrögð nýliðinna atburða.](#)
- kl.  
14:00 **Pallborðsumræður: Menningartengd ferðaþjónusta. Niðurstöður skýrslu nefndar um menningartengda ferðaþjónustu.**  
[Tómas Ingi Olrich](#), form. nefndarinnar.  
**Pallborðsumræður:**
- kl.  
14:50 [Jón Jónsson](#), þjóðfræðingur og framkvæmdastjóri Sögusmiðjunnar
- kl.  
14:55 [Einar Bollason](#), frmakvæmdastjóri Íshesta
- kl.  
15:00 [Arnar Már Ólafsson](#), forstöðumaður Ferðamálaseturs Íslands
- kl.  
15:05 [Svanhildur Konráðsdóttir](#), samskipta- og ímyndafræðingur
- kl.  
15:10 [Tómas Þór Tómasson](#), markaðsstjóri Ferðamálaráðs Íslands
- kl.  
15:15 [Guðrún Helgadóttir](#), menningarráðgjafi Hólum í Hjaltadal
- kl.  
15:45 **Kaffihlé.**
- kl.  
16:00 **Markaðssetning menningar í ferðaþjónustu.**  
[John E. Moreu](#), framkv.stjrn. MMNC, fyrrv. framkvæmdastjóri Ferðamálaráðs Amsterdam

og fyrrv. forseti FECTO (City Tourism).

kl.  
16:15 Fyrirspurnir.

kl.  
16:45 Almennar umræður og afgreiðsla ályktana.

kl.  
18:00 Ráðstefnuslit.

kl.  
19:30 Fordrykkur í boði samgönguráðherra.

kl.  
20:00 Kvöldverður og skemmtun.

**Afhending umhverfisverðlauna Ferðamálaráðs Íslands fyrir árið 2001.**  
**Hátíðarræða hins aðflutta manns - Matthías Pétursson.**

### **Föstudagur 19. október**

kl.  
09:30 Kynning á ferðaþjónustu svæðisins.

### **Ráðstefnustjórar:**

Guðmundur Svavarsson, framleiðslustjóri SS og Halldóra Magnúsdóttir, aðstoðarskólastjóri Hvolsskóla.

### **Tómas Ingi Olrich**

Í upphafi setningarræðu minntist formaður FMR Ágúst Hafberg sem sat í Ferðamálaráði frá upphafi, 1964-1997 eða í 33 ár, lengur en nokkur annar hingað til. Þá stýrði Ágúst Ferðamálaráðstefnum ráðsins frá upphafi og í áratugi. Risu ráðstefnugestir úr sætum og minntust Ágúst og starfa hans í þágu ferðaþjónustunnar.

Samgönguráðherra, góðir ráðstefnugestir

Með skyndilegum hætti hefur okkur verið svipt inn í nýja veröld, hráslagalegan og dapurlegan veruleika hefndarverka og mannfyrirlitningar. Ferðaþjónustan, sem lifir á því að skapa tengsl milli manna og landa, sem nærast á friði, á meira á hættu við þessar nýju aðstæður en nokkur önnur atvinnugrein. Við þurfum að setjast á rökstóla og velta því fyrir okkur, með hvaða hætti við getum brugðist við þessari vá, hvernig við getum lágmarkað tjónið. Þótt hinir hörmulegu atburðir 11. september boði erfiðleika og þjáningar, verðum við einnig að vega það og meta hvort við getum fundið einhver ráð til að breyta vörn í sókn.

Við höfðum hugsað okkur að helga starf okkar á þessari ráðstefnu menningartengdri ferðaþjónustu. Með tilliti til þess hve allar forsendur hafa breyst, þótti okkur rétt að tvískipta ráðstefnunni og verja fyrri hluta hennar til

að ræða almennt um ástand og framtíðarhorfur greinarinnar í ljósi þróunarinnar síðustu daga, en skoða síðan menningartengdu ferðaþjónustuna bæði sem sérstakt verkefni en einnig sem mikilvægt þróunarverkefni sem gæti verið hluti af þeim viðbrögðum sem við grípum til, hluti af þeim möguleikum sem við eygjum í þröngri stöðu.

Það er mikilvægt að samgönguráðherra og atvinnugreinin fái tækifæri til að ræða þessa alvarlegu stöðu sameiginlega. Það er mjög mikilvægt að við nýtum þetta tækifæri til að skiptast á skoðunum í fullri hreinskilni. Því raunsærra sem matið er, því líklegra er að við getum brugðist við á réttan hátt. Því hreinskilnari sem skoðanaskiptin eru, því líklegra er að við náum saman um aðgerðir. Það sem mestu skiptir þó er að viðbrögðin beri merki um sóknarhug og bjartsýni, þrátt fyrir alla erfiðleika.

Um leið og ég lýsi ráðstefnuna setta, bind ég miklar vonir við að hún verði verðugt framlag til þess að takast á við þá erfiðleika, sem framundan eru, og snúa vörn í sókn.

### **Ágúst Ingi Ólafsson**

Samgönguráðherra, ráðstefnustjórar, formaður Ferðamálaráðs, góðir ráðstefnugestir.

Ég vil bjóða ykkur öll velkomin í Rangárþing. Það er ánægjulegt að ferðamálaráðstefnan í ár skuli haldin hér á Hvolsvelli sem er því næst í miðri Rangárvallasýslu.

Í dag eru í Rangárvallasýslu 10 sveitarfélög en samkvæmt manntali 1. des. s.l. voru íbúar sýslunnar 3.223, en hér í Hvolhreppi þar sem við erum stödd bjuggu 796 íbúar og þar af hér í þéttbýlinu á Hvolsvelli um 700. Íbúum Hvolhrepps hefur lítillega fjölgað á þessu ári.

Hvolhreppur er fremur landlítið sveitarfélag ef litið er til sýslunnar allrar en sýslan nær frá Þjórsá í vestri til Jökulsár á Sólheimasandi í austri og einnig teygir hún anga sína langt inn á miðhálandi Íslands.

Á þessu ári hefur verið unnið markvisst að því að fækka sveitarfélögum í Rangárvallasýslu og í mars s.l. var kosið um sameiningu allrar sýslunnar í eitt sveitarfélag. Sú sameining gekk ekki eftir þar sem fjögur sveitarfélög felldu sameininguna. Nú er unnið að sameiningu sex sveitarfélaga í austur hluta sýslunnar þ.e. frá Eystri-Rangá að Jökulsá á Sólheimasandi. Kosið verður um þá sameiningu þann 17. nóvember n.k.

Ferðaþjónusta er sá atvinnuvegur sem fengið hefur vaxandi athygli þjóðarinnar á síðustu árum. Hér í Rangárvallasýslu höfum við tekið virkan þátt í uppbyggingu ferðamannaþjónustu. Stofnuð hafa verið félög til að vinna að því að auka þátt sýslunnar í ferðaþjónustu auk þess sem margir einstaklingar og

fyrirtæki hafa lagt í mikla uppbyggingu í ferðaþjónustunni bæði hvað varðar gistirými, þjónustu og afþreyingu.

Árið 1993 var stofnað hér á Hvolsvelli hlutafélagið Sælubúið ehf. sem ætlað var það meginverkefni að efla ferðaþjónustu sem atvinnugrein í héraðinu. Sælubúi er fornt nafn en "til forna fylgdi sælubúum að ala önn fyrir ferðamönnum". Stofnendur voru úr hópi einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila. Mikil ferðamálaumræða hefur farið fram á þessum tíma og oft hefur verið leitað til ýmissa kunnáttumanna um úrlausnir sem við höfum ekki þekkingu á. Við verðum stöðugt að afla okkur þeirrar þekkingar sem til er.

Viðfangsefnið býður upp á vettvang samstarfs í ferðaþjónustu sem er ekki afmarkaður sérstöku svæði. Í dag er unnið að því að öll Rangárvallasýsla verði þátttakandi í þessu verkefni.

Með ábendingu frá Sælubúinu ehf. var verkefnið "Á Njáluslóð" formlega sett af stað um áramótin 1995-1996 af sveitarfélögunum sex í austanverðri Rangárvallasýslu og góðri aðstoð frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands. Verkefnið nýtti Njálssögu til að skapa sterkt aðdráttarafl í héraði og afþreyingu fyrir ferðamenn.

Afraksturinn varð m.a. Sögusetrið á Hvolsvelli sem var fyrst opnað 17. júní 1997 og merking helstu sögustaða Njálu í héraðinu, ýmist með einföldum merkingum eða ítarlegum upplýsingaskiltum á fimm tungumálum. Með Sögusetrinu hefur tekist að skapa í héraðinu öflugt þema og aðdráttarafl í ferðamennsku.

Á fyrsta ári var Sögusetrið sumarverkefni í félagsmiðstöðinni hér á Hvolsvelli en flutti að því loknu í mun stærra framtíðarhúsnæði sem var opnað 1998 þar sem það hefur verið starfrækt síðan. Í núverandi húsnæði hefur starfsemin vaxið mikið og orðið fjölbreyttari. Kaupfélagssafnið var opnað í byrjun árs 1999 en uppsetning þess var kostuð af fyrrum starfsmannafélagi Kaupfélags Rangæinga. Í safninu er greint frá starfseminni allt frá upphafi í Hallgeirsey þar til að það sameinaðist Kaupfélagi Árnesinga. Nú hefur fyrir forgöngu Kaupfélags Árnesinga verið komið upp safni sem segir frá starfsemi allra kaupfélaga á Suðurlandi. Safnið varðveitir stóran þátt í verslunarsögu Suðurlands.

Sögusetrið er sem stendur í eigu sex sveitarfélaga en þar er gert ráð fyrir innkomu fleiri sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga sem vilja láta að sér kveða við að efla ferðaþjónustu. Sveitarfélögin hafa skilgreint samstarf sitt um Sögusetur með Skipulagsskrá þróunarstofnunar Sögusetursins sem er eigandi mannvirkja og stuðlar að uppbyggingu og þróunarmálum en hefur ekki sjálf reksturinn með höndum.

Þá hefur verið gerður samningur við Sælubúið ehf. um að annast allan rekstur í Sögusetrinu og fer hann fram í þess nafni. Stjórn Sælubúsins ákvað hins vegar

þegar svo var komið að öll kynning "út á við" yrði með nafni Sögusetursins til að ekki þyrfti að koma upp ruglingur í nöfnum. Þá var einnig auðveldara að koma einu nafni á framfæri og til þess var Sögusetrið talið betra. Að verkefninu á Njáluslóð stendur eftir að við erum og störfum "á Njáluslóð".

Þegar við fjöllum um okkar hlut í ferðapjónustunni verðum við að líta á Suðurland sem eitt markaðssvæði. Það sem skiptir máli er að ferðamenn komi til Suðurlands, þeir fái góðar móttökur, njóti dvalarinnar og fari ánægðir heim. Ef um útlendinga er að ræða þá er landið í heild eitt markaðssvæði og fyrsta skrefið að þeir komi til Íslands en fari ekki til annars lands. Komi þeir til Íslands þá á Suðurland líka möguleika ef þar er aðdráttarafl sem laðar sterkt til sín ferðamenn ekki síður en aðrir staðir á landinu.

Sem betur fer er hér margt áhugavert fyrir ferðamenn og þar með talið er Sögusetrið vaxandi og verðugt aðdráttarafl. Þegar þangað er komið er auðvelt að ná til ferðamannsins og kynna honum það sem í boði er í héraðinu. Þar er upplýsingamiðstöð og bráðlega verður fullbúinn sýningarskáli ferðamannsins þar sem kynna má héraðið á mjög glæsilegan hátt með sýningu í máli og myndum. Í sýningarskalanum koma ferðapjónustuaðilar vöru sinni á framfæri, ferðamaðurinn ber upp fyrirspurnir til starfsfólksins og þar getur sala farið fram í örvandi umhverfi.

Sögusetrið er stærsta sameiginlega ferðapjónustuverkefnið í héraðinu en mörg önnur verkefni eru og hafa verið í gangi svo sem Ferðamálafélagið Hekla, Heklumiðstöð, Töðugjöld o.fl. Þá eru ótalin ótal verkefni einstaklinga og fyrirtækja sem mörg hver hafa unnið ötullega að uppbyggingu ferðapjónustunnar. Þessi sameiginlegu verkefni styðja framtak einstaklinganna.

Í dag ætlið þið að fjalla um ferðapjónustuna í landinu og einnig sérstaklega um menningartengda ferðapjónustu en það er einmitt sú ferðapjónusta sem við höfum einbeitt okkur hvað mest að síðustu árin.

Dagskrá ráðstefnunnar vekur áhuga og er það von mín að hún megi verða árangursrík fyrir ferðapjónustuna í landinu. Ég óska ykkur góðs gengis hér á ráðstefnunni og ánægjulegrar dvalar á Hvolsvelli.

## **Sturla Böðvarsson**

Ráðstefnustjórar, ágætu ráðstefnugestir

Mér er það kærkomið tækifæri að fá að ávarpa ráðstefnu Ferðamálaráðs hér á Hvolsvelli í dag. Frá síðustu ferðamálaráðstefnu, á Ísafirði s.l. haust, hefur margt á dagana drifið og ferðapjónustan hefur verið í miklum vexti. Hryðjuverkin sem framin voru í Bandaríkjunum fyrir rétt rúmum mánuði hafa komið hart niður á ferðapjónustunni um allan heim. Erum við hér á Íslandi ekki undanskilin. Því er mikilvægt að nota þetta tækifæri til að meta ástandið af yfirvegum og raunsæi og ekki síður til að leggja á ráðin um hvað greinin sjálf og

stjórnvöld geti gert til að snúa vörn í sókn. Heimsmyndin hefur vissulega breyst, og það kallar á ný og breytt vinnubrögð. Það er ekki vafi í mínum huga, að þrátt fyrir þetta áfall mun íslensk ferðaþjónusta nýta sér þau tækifæri sem skapast á næstu misserum og halda áfram þeirri miklu sókn sem hún hefur verið í undanfarin ár.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að flugfélögin eru þau fyrirtæki sem hafa orðið fyrir mestu tjóni í kjölfar atburðanna 11. september. Rekstur margra þeirra hafði verið erfiður fyrir, en almennur samdráttur í flugi hefur haft þau áhrif að fjölmörg flugfélög standa frammi fyrir gífurlegum rekstrarerfiðleikum.

Því miður er það svo að íslensk flugfélög hafa ekki farið varhluta af þessu ástandi. Flugleiðir hafa um árabil haldið uppi öfluggu millilandaflugi árið um kring. Stöðug fjölgun áfangastaða og tíðni ferða hefur myndað það samgöngukerfi sem hefur ekki síst orðið grundvöllur þess, að komum erlendra ferðamanna hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum. Það er því mikil hætta á að bein fylgni verði á milli þess að Flugleiðir hafi nú neyðst til að fækka ferðum og að samdráttur verði hjá innlendum ferðaþjónustufyrirtækjum á næstu mánuðum.

Gegn þessari þróun verður að sporna með öllum tiltækum ráðum og óhjákvæmilegt annað en að ferðaþjónustan sjálf og stjórnvöld taki höndum saman til að takmarka tjón greinarinnar. Nauðsynlegt er að horfa til þess hvað aðrar þjóðir eru að gera en við búum við meiri sérstöðu vegna landfræðilegrar legu okkar. Því er enn brýnna en ella að grípa til aðgerða sem tryggja stöðuna hvað varðar fjölda áfangastaða og tíðni ferða.

Eitt af þeim atriðum sem nefnd hafa verið til sögunnar eru kynningarmál. Flugleiðir hafa á undanförunum árum haldið uppi mjög öfluggu kynningar- og markaðsstarfi um Ísland, sem án efa hefur nýst ferðaþjónustunni í heild. Eg segi ykkur nú, að samgönguráðuneytið mun af öllu afli vinna að nauðsynlegum aðgerðum á þessu sviði í samvinnu við atvinnugreinina.

Á miðjum síðasta áratug var unnið að umfangsmikilli stefnumótun á sviði ferðaþjónustunnar. Með þeirri vinnu var stefnan mörkuð að undirlagi greinarinnar sjálfrar. Fyrr á þessu ári fól ég Ferðamálaráði að meta hvernig stefnumótuninni hefur verið framfylgt. Sú úttekt liggur nú fyrir og verður ásamt öðrum gögnum grundvöllur að nýrri stefnumótun sem unnin verður að á næstu mánuðum.

Þegar skoðað er hvað stjórnvöld hafa látið framkvæma af þeim fjölmörgu atriðum sem brýn eru talin í stefnumótuninni, sést að mörgum stærstu málunum hefur verið ágætlega sinnt. Gert hefur verið átak í markaðs- og gæðamálum og unnið markvisst að breytingum á rekstrarumhverfi greinarinnar. Enn er unnið að gæða- og öryggismálum vegna afþreyingarfyrirtækja ferðaþjónustunnar og er áætlað að ljúka því starfi í nóvembermánuði. Aðkoma

að fjölsóttum ferðamannastöðum hefur verið stórbætt og samkvæmt nógildandi vegaáætlun hefur verið varið meiri fjármunum til uppbyggingar vegakerfisins en nokkru sinni áður.

Til þess að tryggja öruggar flugsamgöngur milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar hafa flugleiðir á Norðurlandi og Vestfjörðum verið boðnar út með ríkisstyrk. Ég hef tekið ákvörðun um að flugleiðin milli Reykjavíkur og Hafnar í Hornafirði verði boðin út fyrir næstu áramót. Þangað til verður flug til Hafnar tryggt, með samningi við Flugfélag Íslands. Með því vil ég leggja áherslu á það svæði sem mikilvægan hlekk í íslenskri ferðaþjónustu og við munum gera þær kröfur til flugfélaga um framboð á þjónustu og stærð á flugvél sem er við hæfi, bæði varðandi þjónustu við ferðamenn og ekki síður varðandi sjúkraflutninga sem að eru mjög mikilvægir því að á Höfn er ekki sjúkrahús.

Umfangsmiklum endurbótum er nú að fullu lokið á öllum flugbrautum Reykjavíkurflugvallar. Er þar með aukið til muna öryggi allrar þeirrar umferðar sem um völlinn fer. Unnið er að gerð akstursbrauta, frágangi og fegrun svæðisins, og er stefnt að verklokum á næsta ári. Jafnframt er unnið að undirbúningi að byggingu þjónustu- og samgöngumiðstöðvar við flugvöllinn, en að því verki vinnur nefnd, sem Leifur Magnússon, fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá Flugleiðum, veitir forstöðu. Samgöngumiðstöð þessi mun tengja saman flug og langferðabifreiðar á sama stað, notendum þessarar þjónustu til mikilla hagsbóta að mínu mati.

Mikil vinna hefur farið fram í ráðuneytinu hvað varðar uppstokkun sérleyfa til fólksflutninga á landi. Í fyrsta lagi má nefna að framlög til sérleyfishafa hafa verið tvöfölduð, úr 50 í 100 milljónir króna. Lögð hefur verið áhersla á sameiningu sérleyfa, til að auka rekstrahæfni fyrirtækjanna. Gerðir hafa verið þjónustusamingar við sérleyfishafa sem verður að teljast mikil bót frá því sem áður var. Þá geri ég ráð fyrir að lagðar verði fram tillögur í vetur um framtíðarfyrirkomulag sérleyfa sem gildi a.m.k. til ársins 2005. Þar verði tekið mið af markmiðum væntanlegrar samgönguáætlunar fyrir árin 2003-2014 sem nú er unnið að í ráðuneytinu. Loks er gert ráð fyrir útboði allra sérleyfa árið 2005, eða jafnvel fyrr. Með þessum aðgerðum vil ég tryggja bættar almenningssamgöngur um landið og tengja almenningssamgöngur með áætlunarbílum flugsamgöngum og þjónustu annarra aðila sem ekki eru starfandi á vettvangi sérleyfanna.

Nefnd um rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar, sem ég skipaði á árinu 1999, skilaði niðurstöðum sínum í fyrra. Ég fullyrði að mikið hefur áunnist í aðgerðum til að bæta rekstrarumhverfi greinarinnar í samræmi við tillögur þeirrar nefndar. Beinir aðgerðir stjórnvalda árið 2000 og á þessu ári, hafa leitt til lækkunar á vörugjöldum á bílaleigubíla og vélsleða. Breytingar hafa verið gerðar á virðisaukaskattsreglum, sem hafa þýtt hækkun á endurgreiðsluhlutfalli til veitingahúsa og gert endurnýjun hópferðabíla auðveldari. Þungaskattur hefur verið lækkaður, styrkir til sérleyfishafa tvöfaldaðir í þeim tilgangi að skjóta

styrkari stoðum undir almenningssamgöngur eins og fyrr er nefnt, og fasteignagjöld á landsbyggðinni hafa verið lækkuð.

Gerðir hafa verið samningar um gestastofur og fjármunum er varið árlega til eflingar upplýsingamiðstöðva á landsbyggðinni auk þess sem að efnt er til samstarfs við Hólaskóla. Og síðast en ekki síst vil ég nefna að skattalækkanir stjórnvalda styrkja ferðaþjónustuna líkt og aðrar atvinnugreinar.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á heilsutengda ferðaþjónustu. Kannanir hafa sýnt og mér er sagt að ferðamönnum á aldrinum 50-70 ára muni fjölga mest á komandi árum. Þessi aldurshópur er bæði vel í stakk búinn fjárhagslega og sækist mikið eftir heilsutengdri ferðaþjónustu.

Nefnd um heilsutengda ferðaþjónustu, undir forystu Önnu Sverrisdóttur, skilaði skýrslu sinni um mitt síðasta ár. Þar komu fram fjölmargar mikilvægar tillögur sem án efa hafa nýst greininni við uppbyggingu og þróun og mun væntanlega nýtast greininni við uppbyggingu og þróun í framtíðinni. Er augljóst að bæði einstaklingar og sveitarfélög hafa séð þá möguleika sem heilsutengd ferðaþjónusta býður upp á. Má í því sambandi nefna að Reykjavíkurborg kynnir hina fjölmörgu baðstaði sem aðdráttarafl fyrir bæði innlenda og erlenda ferðamenn, og Orkuveita Reykjavíkur hefur ráðið sérstakan starfsmann til að sinna þessum málaflokki. Stykkishólmsbær hefur í samstarfi við fjárfesta staðið fyrir athugun á því, hvernig standa megi að eflingu heilsutengdrar ferðaþjónustu, með því að nýta heita vatnið á staðnum, en það hefur fengið sérstaka vottun.

Í Hveragerði er áratugahefð fyrir heilsutengdri þjónustu, staður sem hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og Bláa Lónið er að sjálfsögðu heilsutengdur ferðamannastaður á heimsmælikvarða. Á Mývatni eru kjöraðstæður fyrir ferðaþjónustu sem þessa og hafa þegar verið settar fram athyglisverðar hugmyndir um uppbyggingu á svæðinu. Þetta eru ólíkir staðir með mismunandi áherslur, en sýna vaxtarbroddinn sem felst í greininni. Hér er um að ræða nýsköpun í íslensku atvinnulífi sem verður að líta á sem slíkt og nýta alla hugsanlega möguleika sem tengjast þessari grein.

Ferðamálaráði var falið að fylgja eftir tillögum nefndarinnar, til að greina þær aðgerðir sem mættu verða til að stuðla að frekari framgangi heilsutengdrar ferðaþjónustu á Íslandi. Haldin verður ráðstefna um heilsutengda ferðaþjónustu þann 6. desember nk. Verður þar leitast við að kanna möguleika á samstarfsvettvangi orkufyrirtækja og ferðaþjónustunnar. Í samræmi við tillögur nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu verða veitt hvatningarverðlaun Ferðamálaráðs því fyrirtæki eða einstaklingi sem þykir hafa skarað fram úr á þessu sviði. Er ætlunin að veita þessi verðlaun árlega og eru vonir bundnar við að þau hvetji ferðaþjónustuna enn frekar til dáða á þessu sviði.



Fyrir stuttu skilaði nefnd um menningartengda ferðaþjónustu yfirgripsmikilli skýrslu og tillögum sem þegar hefur verið dreift til ráðstefnugesta. Í tillögum sínum kemst nefndin að þeirri niðurstöðu, að grundvöllur sé fyrir því að byggja íslenska ferðaþjónustu í framtíðinni upp á tveimur meginstöðum, íslenski náttúru og íslenski menningu. Megináhersla verði lögð á að kynna saman náttúru landsins og menningu þjóðarinnar.

Lagt er til að menningartengd ferðaþjónusta verði skilgreind sem sérstök grein ferðaþjónustunnar. Til að skipuleggja uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu, leggur nefndin til að gerðar verði svæðisbundnar áætlanir, sem allar varpi ljósi á tengsl menningar og náttúru, en á hinn bóginn verði lögð áhersla á að draga fram sérkenni og styrkleika hvers svæðis fyrir sig. Er ljóst að tillögur nefndarinnar falla mjög vel að þeim hugmyndum sem ég varpaði fram á síðasta aðalfundi SAF um ákveðin vaxtarsvæði, sem væru sérstaklega skilgreind og horft til við uppbyggingu og markaðsetningu. Hef ég nú þegar falið Ferðamálaráði úrlausn þessa verkefnis. Nefndin leggur til að stofnaðir verði tveir sjóðir til að styðja við uppbyggingu þessarar greinar ferðaþjónustunnar. Þessar tillögur kalla á vissa uppstokkun í greininni sjálfri og því nauðsynlegt að allir þeir er vinna að ferðamálum, fari vel yfir tillögur nefndarinnar og móti sér skoðun á því hvernig beri að hrinda þeim í framkvæmd.

Hér hefur verið stiklað á stóru af tillögum nefndarinnar. Þó að hér séu settar fram hugmyndir um stóraukin ríkisframlög til styrktar þessari nýju grein ferðaþjónustunnar, er nauðsynlegt að benda á að hér er ekki síður um að ræða verkefni greinarinnar sjálfar og hinna fjölmörgu menningar- og listastofnana vítt og breitt um landið. Ég ætlast til að skýrslan komist í sem flestra hendur, svo að hugmyndir þær sem þar koma fram, verði virkjaðar og þeim hrint í framkvæmd af þeim sem best þekkja til á hverjum stað. Menningartengd ferðaþjónusta verður ekki að veruleika nema þeir, sem starfa í atvinnugreininni og að menningarmálum, vinni nánar úr þeim tillögum sem settar eru fram í skýrslunni. Lausn á þessum málum verður hvorki fundin í ráðuneytum né stofnunum ríkisins.

Mér finnst nú eins og það sé að bera í bakkafullan lækinn að minnast á eina nefndina enn í þessari ræðu, en ég verð að geta Framtíðarnefndar ferðaþjónustunnar, sem skipuð var í vor. Verkefni hennar er að horfa allt fram til ársins 2030, leitast við að meta þá sýn sem við blasir og leggja á ráðin um nauðsynlegar aðgerðir, svo ferðaþjónustan megi enn vaxa í sátt við umhverfið. Er nefndinni ætlað að skila tillögum í apríl á næsta ári. Bind ég miklar vonir við starf þessarar nefndar, sem skipuð er valinkunnum einstaklingum undir formennsku Hrannar Greipsdóttur.

Hugmynd mín er sú að á grundvelli tillagna Framtíðarnefndar verði lagður grunnur að nýrri stefnumótun íslenskrar ferðaþjónustu. Þar verði byggt á þeim mikla árangri sem í raun hefur áunnist á undanförunum árum, og þeim hugmyndum sem fram hafa komið um eflingu íslenskrar ferðaþjónustu. Sem

ráðherra ferðamála mun ég leggja ríka áherslu á vöxt og viðgang íslenskrar ferðaþjónustu.

Ég vil að endingu óska ykkur öllum, fulltrúum á 31. ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs Íslands, ánægjulegra og árangursríkra daga hér á Njáluslóð.

## **Magnús Oddsson**

### **Ástand og horfur í ferðaþjónustu í kjölfar atburðanna 11. september s.l.**

Sú breyting var gerð á fyrirhugaðri dagskrá Ferðamálaráðstefnunnar að bætt var inn í umræðum um áhrif og horfur í ferðaþjónustu í kjölfar atburðanna 11. september sl. Þetta var ákveðið í samráði SAF og Ferðamálaráðs. Hér verða þrír framsögumenn, sem munu reifa málið frá mismunandi hliðum og síðan verða almennar umræður. Í minni framsögu mun ég reyna að fara almennt yfir áhrifin, viðbrögð og velta upp líklegri þróun og frekari viðbrögðum. Margt af því sem hér kemur fram hefur verið rætt innan Ferðamálaráðs í Markaðsráði og í samstarfshópi SAF og Ferðamálaráðs.

Eins og öllum hér inni er ljóst hefur verið mikil aukning í umsvifum ferðaþjónustu í heiminum á undanförunum áratugum allt frá lokum síðari heimstyrjaldar. Ekki hefur þó verið um jafna aukningu að ræða og nokkrum sinnum hefur dregið verulega úr aukningunni. Koma þar til olíukreppa, slys, stríðsátök, hryðjuverk auk ýmissa efnahagslegra þátta. Oftast hefur þó verið um tiltölulega staðbundin og mjög tímabundin áhrif að ræða. Aðeins einu sinni á árunum 1950-2000 hefur orðið samdráttur **í heildarumfangi** ferðaþjónustu í heiminum. Það var árið 1982, þegar samdrátturinn var 0,4%, og aðeins einu sinni á sama tíma hefur orðið samdráttur **í flugi**, þ.e. 1991 í kjölfar Persaflóastríðsins um 1,5 %

Þannig að þó áhrif séu bundin við hluta heimsins virðist svo sem einhver tilfærsla verði og áhrifin á ferðaþjónustu séu bundin við umrædd svæði átaka, eða hryðjuverka. Ferðalög halda áfram en færast til. Sem dæmi um hve áhrifin geta verið svæðisbundin og skammvin má nefna hryðjuverk við Luxor í Egyptalandi 1997. Þrátt fyrir mikil áhrif á ferðaþjónustu í Egyptalandi árið 1998, þá varð engin minnkun í Mið-Austurlöndum það ár og árið 1999 varð aukning í Egyptalandi um 40% frá árinu áður og umfang orðið meira en fyrir umrætt hryðjuverk, sem þó beindist að erlendum ferðamönnum í landinu.

Þegar litið er til Bandaríkjamarkaðar sérstaklega þá hafa orðið mun meiri sveiflur á honum en hér hafa verið nefndar, sérstaklega síðustu tvo áratugi. Ef skoðuð eru áhrif hryðjuverka og styrjalda á síðustu 15 árum þá hefur ferðamönnum frá Bandaríkjunum til Evrópu fækkað tvívegi um allt að 20 % í heild næstu 12 mánuði á eftir, en innan 18 mánaða frá viðburðinum hefur umfangið verið komið í sama horf og fyrr.

Á árunum 1987-1989 fækkaði t.d. Bandaríkjamönnum sem hingað komu um 36%, en hefur fjölgað mikið síðan og hlutfallslega meira en heildinni. Þannig voru þeir um 16% af heildinni 1990, en á síðasta ári 18%.

Þegar horft er á þessar sögulegu upplýsingar er eðlilegt að spurt sé hvort sama mynstur muni verða nú:

Þ.e. samdráttur í ferðþjónustu í heiminum verði enginn í heildinni heldur bundinn við Bandaríkin og þau svæði sem Bandaríkjamenn sækja og að 12-18 mánuðum liðnum verði jafnvægi aftur komið á og áframhaldandi aukning hliðstæð og fyrr? Þessi skoðun hefur verið sett fram m.a. af Alþjóðaferðamálaráðinu með ákveðnum fyrirvörum. Og ég hef í höndum slíkar skoðanir frá ýmsum aðilum, sem líta til ofangreindar reynslu og vísa til hæfileika þessarar atvinnugreinar til að vinna sig út úr vandamálum. Rökin eru í reynd ekki mikil og önnur en þau.

Auðvitað höfum við á þessari stundu engar forsendur til að spá um þessa þróun til þess eru óþekktu stærðirnar allt of margar. Ekki megum við þó líta einungis til sögunar og gera ráð fyrir því að allt verði komið í samt lag eftir 12-18 mánuð og það jafnvel af sjálfu sér. Þannig að þrátt fyrir þær skoðanir sem hér hafa verið nefndar um tímalengd og umfang áhrifanna hafa líka verið settar fram skoðanir að áhrifin nú verði meiri og langvinnari en fyrr.

Og hvaða rök eru sett fram fyrir þeim skoðunum?

Í fyrsta lagi eru þessir atburðir svo miklu meiri en við höfum áður séð og svo sýnilegir öllum og lifa lengur í huga fólks. Atburðirnir eru ekki afmarkaðir í huga fólks hvorki landfræðilega né tímalega þar sem engum er nú ljóst hvenær þeim er í reynd lokið né hvert þeir teygja anga sína. Í raun má segja að atburðarásin sé enn í gangi samanber nýjustu fréttir.

Í öðru lagi er ljóst af viðbrögðum flugfélaga um allan heim að þau virðast gera ráð fyrir að þessi samdráttur verði meiri nú enn fyrr og langvinnari. Það kemur m.a. í ljós í þeirra ákvörðunum um gífurlegan samdrátt í öllu framboði strax. Þetta eru harðari og sneggri ákvarðanir um samdrátt en fyrr í sögu ferðþjónustunnar

Í þriðja lagi langvinnari ótti enn fyrr við ferðalagið sjálft.

Í fjórða lagi möguleg breyting í forgangsröð í neyslumynstri. Ferðalög hafa verið að færast ofar og ofar í neyslumynstri okkar, en sú skoðun hefur verið sett fram að við munum nú endurraða þessu mynstri, sem gæti leitt til varanlegrar breytingar. Endurskoðað gildismat.

Í fimmta lagi að almenningur líti til þess að samdráttartímabil fylgi í kjölfarið og þá gætir alltaf tilhneigingar til að sparnaðar frekar en eyðslu. Þess sér nú þegar stað.

Í sjötta lagi verði áhrifin á kostnað vegna ferðalaga meiri nú en fyrr ekki síst vegna dýrra krafna um aukið öryggi.

Varðandi þá skoðun sem sett hefur verið fram um hugsanlegt samdráttartímabil þá hefur verið bent á það að atburðirnir 11. september hafi í reynd virkað sem hvati til að ákvarðanir um mikinn samdrátt jafnvel gjaldþrot voru teknar hjá fyrirtækjum sem þá þegar voru í miklum vandræðum innan ferðaþjónustunnar í heiminum. Við megum ekki gleyma því þegar litið er yfir sviðið í heild að ákveðinn samdráttareinkenni voru komin fram innan ferðaþjónustunnar fyrir 11. september sem gera má skóna að hefðu dregið verulega úr vexti greinarinnar á næstu mánuðum. Samtök evrópskra flugfélaga höfðu t.d. tilkynnt 0,8% samdrátt í flutningum í ágúst og 3,5% minnkun á flugleiðum yfir N- Atlantshaf.

Loks hefur verið bent á í þessu samhengi að allar þessar aðgerðir nú geti leitt til "survival of the fittest", þannig að ferðaþjónustan verði rekin í færri en sterkri einingum eftir allar þessar hremmingar, þar sem þeir veikustu hverfa af sviðinu.

Hér hefur verið varpað fram til umræðu á fundinum með ákveðnum rökum tveim mismunandi skoðunum um hve langvinn og mikil áhrifin verða. Ákveðin bjartsýni, byggð fyrst og fremst á reynslunni og hins vegar svartsýnni skoðun. Hver niðurstaðan verður mun tíminn einn leiða í ljós. Nauðsynlegt er þó að minna á að niðurstaðan VERÐUR ekki bara, heldur er hún að ákveðnum leyti komin undir okkur og öðrum í ferðaþjónustu í heiminum. Hvernig VIÐ látum málin þróast.

Hver hafa svo orðið viðbrögðin þessar 5 vikur sem liðnar eru frá atburðunum?

Við þekkjum flest hér inni hver viðbrögð ferðaþjónustufyrirtækja urðu. Gífurlegur niðurskurður í framboði í flugi, sem leiddi til uppsagna hundruða þúsunda starfsmanna í ferðaþjónustu.

Sex stærstu flugfélög Bandaríkjanna tilkynntu um 20-25% samdrátt í flugi og sögðu upp 120.000 manns strax.

Flugfélög í Eyrópu sögðu upp um 20.000 starfsmönnum og a.m.k tvö urðu gjaldþrota. Áhrif þessara uppsagna flugfélaganna gætir eðlilega í öllum þjónustugeiranum og nú er áætlað að á næstu vikum muni um 1 milljón manna í ferðaþjónustu í Bandaríkjunum hafa misst atvinnuna.

Hér á Íslandi voru Flugleiðir fyrstir fyrirtækja í ferðaþjónustu til að grípa til aðgerða. Ég mun ekki fara hér í gegnum þeirra aðgerðir enda þeirra fulltrúi hér, sem ræðir það sérstaklega.

Hver gætu áhrifin orðið hér á landi til skemmri tíma, þegar litið er til þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir?

Þegar litið er til þess niðurskurðar, sem Flugleiðir hafa ákveðið svo og þess samdráttar í framboði, verður ekki hjá því komist að gera ráð fyrir verulegum samdrætti í erlenda hluta ferðaþjónustunnar hér á landi næstu mánuði a.m.k.

Ákveðið samhengi hefur verið á milli aukningar í umfangi erlenda hluta ferðaþjónustunnar hér á landi og aukins sætaframboðs Flugleiða á undanförunum árum. Erfitt er að sjá að annað gildi nú þegar dregið er úr framboði.

Yrði samdrátturinn með vísan til þess samdráttar sem orðinn er fyrstu vikunnar og samdráttar, sem er fyrirsjáanlegur í framboði næstu mánaða 18% næstu sex mánuði gæti það jafngilt um 2100 milljónum minni gjaldeyrstekjum en á sama tíma fyrir ári.

Ef þessum samdrætti væri skipt niður á nokkra þætti þá yrði minnkun tekna í fluginu um 900 milljónir og í öðrum tekjum af erlendum ferðamönnum um 1200 milljónir. Þar myndi gistipátturinn þá skerðast á bilinu 300- 400 milljónir frá fyrra ári og veitingapátturinn um hliðstæða upphæð.

Verslun á Íslandi gæti þannig dregist saman á næstu sex mánuðum um a.m.k 100 milljónir vegna samdráttar í komu erlendra gesta enda hafa nú þegar borist fréttir af samdrætti í verslun hér á landi í kjölfar hryðjuverkanna.

Þær tölur sem hér hafa verið nefndar fyrir næstu sex mánuði eru byggðar á þeim forsendum að vöntunin miðað við fyrra ár verði 18% að meðaltali yfir allan tímann og að engin aukning verði annars vegar vegna bættrar sætanýtingar og hins vegar að enginn árangur náist í að ná hærra hlutfalli af farþegum Flugleiða til að heimsækja Ísland á kostnað ferða yfir Atlantshafið.

Með sömu forsendum þ.e. 10% minnkun umsvifa að sumri yrði samdráttur í gjaldeyrstekjum næsta sumar á sex mánaða tímabili rúmlega 2000 milljónir.

En áhrifin eru ekki eingöngu á fyrirtæki í ferðaþjónustu. Hlutur stjórnvalda í gjaldeyrstekjum af ferðaþjónustu hefur verið áætlaður á bilinu 20-25 % í formi beinna og óbeinna skatta og gjalda. Miðað við þær forsendur gæti beint tap þjóðarbúsins orðið um 400-500 milljónir í vetur og allt að 800- 1000 milljónum á næstu 12 mánuðum.

En auðvitað verður einmitt að leggja á það áherslu að breyta hlutfalli farþegahópsins þannig að hærra hlutfall en fyrr verði Íslandsfarþegar nú þegar dregið er úr heildarframboði. Það er verkefni okkar næstu mánuði til að draga úr skaðanum og snúa vörn í sókn nú þegar dregið er úr heildarframboðinu.

Hér voru að framan nefnd möguleg áhrif til næstu 6-12 mánaða og nefndar tölur. Mín skoðun er sú að í allra versta falli miðað við núverandi stöðu og engar nýjar aðgerðir yrðu áhrifin samdráttur sem næmi 4-5 milljörðum í gjaldeyriskjóm á 12 mánaða tímabili frá 11. september sl., en erfitt sé að gera sér vonir um að samdrátturinn verði minni en 1,5 milljarðar eða rúm 4% og þá verði gripið til aðgerða strax til að snúa vörn í sókn. Það fari eftir aðgerðum okkar hvar á bilinu 1,5 - 5 milljarða gjaldeyristað þjóðarinnar verður?

### Hvaða aðgerðir?

Hér að framan hafa verið nefndar aðgerðir, sem gripið hefur verið til af fyrirtækjum í þeim tilgangi að draga úr tjóni og freista þessa að tryggja áframhaldandi rekstur. Þær lýsa samdrætti og minnkandi umsvifum. En hvað með frekari aðgerðir til varnar og sóknar? Á fundi í framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs Evrópu fyrir skömmu kom fram að ferðamálaráð margra landa hyggjast nú leggja aukna áherslu á innlenda markaðinn. Hér á Íslandi er hlutur hans hlutfallslega miklum mun minni en í flestum öðrum löndum Evrópu. Aukin áhersla á hann myndi því ekki vegna stærðar hans breyta mjög miklu í heildinni. Þrátt fyrir það er auðvitað eðlilegt að enn frekari áhersla verði nú lögð á hann.

Hvað varðar erlenda markaðinn er nauðsynlegt að stórauka allt upplýsinga- kynningar og markaðsstarf til að freista þess að samdrátturinn í ferðaþjónustu hér á landi verði sem allra minnstur. Á þeim fundum sem boðað hefur verið til erlendis hefur komið sterklega fram að ferðamálaráð í Evrópu hafa flest ef ekki öll uppi áform um að auka markaðsstarfið. Af því er ljóst að ætlum við að tryggja áframhaldandi samkeppnishæfni okkar verðum við á sama hátt að vera þátttakendur í þessu aukna markaðsstarfi þó ekki væri til annars en að halda okkar hlut í minnkandi heild.

Nú þegar ferðaþjónustan er orðin önnur stærsta atvinnugrein landsmanna með tilliti til öflunar gjaldeyris og skilar ríkissjóði 6-7 milljörðum í beinum og óbeinum sköttum og gjöldum árlega er öllum ljóst hvaða hagsmunir eru í húfi. Þá hafa einstaklingar og fyrirtæki fjárfest mikið á undanförunum árum með hliðsjón af miklum vexti. Stjórnvöld hafa einnig fjárfest mikið í upplýsinga- og markaðsstarfi. Allra leiða hlýtur að verða leitað til að tryggja arðsemi þessara fjárfestinga. Þá er ekki síður nauðsynlegt að líta til þess að við erum hér ekki aðeins að tala um ferðaþjónustu sem atvinnugrein.

**Ferðaþjónustan á Íslandi er í reynd einnig samgöngukerfi okkar við umheiminn.**

Leiðakerfi Flugleiða, sem byggt hefur verið upp er hornsteinn ferðapjónustunnar. Þessi brú okkar til umheimsins allt árið. Nú eru komnir brestir í þessa brú og hana verður að styrkja. Við munum öll þegar brýrnar á Skeiðarársandi hurfu, hve við vorum öll sammála um að byggja upp þessar samgöngur okkar sem væru okkur lífsnauðsynlegar. Nú þegar brestur kemur í millilandabruna hljótum við á sama hátt að leita allra leiða til að styrkja hana ekki aðeins ferðapjónustunnar vegna heldur vegna alls atvinnulífs í landinu. Ég mun ekki frekar fara í að skýra leiðakerfi Flugleiða enda gert það áður í ræðu og riti, en bið ykkur að íhuga hvernig landslagið yrði, ef 9 mánuði ársins væru samgöngur í samræmi við þarfir okkar litla markaðar 285.000 íbúa.

Því vil ég í lokin leggja áherslu á eftirfarandi:

Útilokað er á þessari stundu að fullyrða með einhverri vissu hver áhrif hryðjuverka verða til næstu 12 mánaða, en ekki verður horft fram hjá ákveðnum vísbendingum um að þau geti orðið meiri og langvinnari en fyrr, þegar atvinnugreinin hefur orðið fyrir áföllum.

Með engum aðgerðum gætu gjaldeyrstekjur þjóðarbúsins dregist saman um 4-5 milljarða á næstu 12 mánuðum. Með markvissum og auknum markaðsaðgerðum er að mínu mati hægt að draga verulega úr þeim skaða.

Að mínu mati eru aðgerðir sem tryggja tíðni og áfangastaði núverandi leiðakerfis Flugleiða, sem er hornsteinn ferðapjónustunnar hér á landi mikilvægastar til að draga úr frekari áhrifum. Leiðakerfi Flugleiða er ekki aðeins hornsteinn ferðapjónustunnar heldur forsenda fyrir þátttöku fyrirtækja í alþjóðlegu viðskiptalífi. Gera yrði ráð fyrir að einhver þeirra flyttu starfsemi sína erlendis, ef ekki nyti þeirrar tíðni og fjölda áfangastaða, sem íslenskt viðskiptalíf nýtur nú allt árið um kring. Nægir þar að nefna sem dæmi hve slík heilsárstíðni til allra okkar helstu markaða er nauðsynlegt matvælaútflutningi okkar til að vera samkeppnisfærir á ferskvörumarkaði.

Ekki verður hér farið í frekri útfærslu að auknum markaðsaðgerðum en ég tel nauðsynlegt að nefna það hér hve öll ferðapjónusta í landinu er háð auknu eða minnkandi framboði í leiðakerfi Flugleiða.

Ég fullyrði það hér og vísa til reynslu minnar af gangverki íslenskrar ferðapjónustu að besta stuðningur við öll ferðapjónustufyrirtæki í landinu eru markaðsaðgerðir í takt og samhljómun við þeirra aðgerðir sem tryggja leiðakerfi Flugleiða og þannig innstreymi erlendra gesta allt árið svo og samgöngur íslensks atvinnulífs við umheiminn.

Þá þekki ég vel hvernig Flugleiðir hafa borið hitann og þungann af okkar sameiginlega markaðs- og kynningarstarfi. Við hljótum að skoða það nú strax með hvaða hætti við getum komið sterkar inn þar. Það er útilokað að gera ráð fyrir að fyrirtækið haldi því áfram nú með sama þunga og fyrr.

Samdráttur í framboði Flugleiða og markaðsvinnunni kemur niður á öllum fyrirtækjum í ferðapjónustu hér á landi og á sama hátt njóta allir þess ef tekst að snúa vörn í sókn og byggja kerfið upp aftur og að mínu mati ríkissjóður hlutfallslega mest. Það gagnar lítið að styrkja grunnþætti ferðapjónustunnar innanlands, ef ekki er beitt markaðsaðgerðum til að auka eftirspurnina, sem tryggir nægt framboð flutninga til landsins allt árið um kring.

Gera verður ráð fyrir að næstu vikur séu mestu ósvissutímar í ferðapjónustu frá lokum síðari heimsstyrjaldar.

Íslensk ferðapjónusta er vandanum vaxin. Vandamáli okkar hafa oft orðið til þess að við höfum orðið að leita nýrra leiða, nýta ný tækifæri. Svo verður einnig nú. Útsjónarsemi og dugnaður einstaklinga og fyrirtækja hefur byggt upp þessa atvinnugrein á örfáum áratugum. Þess alls munum við njóta í átökum komandi mánaða þar sem okkur, stjórnvöldum og greininni mun í sameiningu takast að snúa vörn í sókn.

### **Steinn Logi Björnsson**

Fundarstjóri, Samgönguráðherra, góðir fundarmenn.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Íslensk ferðapjónusta hefur vaxið gífurlega á síðustu árum og hefur hún verið ein aðal driffjöðrin í hagvexti á Íslandi nú um skeið. Lætur nærri að komum erlendra ferðamanna hafi fjölgað árlega um 8% á ári, á s.l. 20 árum, sem er gífurleg aukning og á sér varla hliðstæðu í hinum vestræna heimi. Þó er aukning allra síðustu ára meiri en meðaltal þessa tímabils.

### **En hvaðan koma þessir ferðamenn og hvaðan hefur aukningin orðið mest?**

Árið 1996 komu 200.835 erlendir ferðamenn til Íslands. Fjórum árum síðar eða árið 2000, komu yfir 300.000 erlendir ferðamenn til landsins, sem er aukning um rúm 50%. Á sama tíma fjölgaði Bandaríkjamönnum um 75% og eru þeir nú fjölmennasti hópurinn. Bretum fjölgaði á sama tíma um 100%, en þessum tveimur þjóðum hefur fjölgað langmest. Aukningin utan hins hefðbundna háannatíma var jafnframt mun meiri en sumarfjölgunin og hefur fjöldinn utan háannatímans nær tvöfaldast á síðustu 6 árum.

### **Hvers vegna hefur þessi fjölgun verið svona mikil og hvers vegna meiri utan háannatímans?**

Almennt má segja að efnahagsaðstæður í hinum vestræna heimi hafi almennt verið hagstæðar á þessu tímabili, einkum í Bandaríkjunum. Jafnframt ber að nefna og þakka að yfirvöld hafa komið heldur meira að markaðssetningu erlendis en áður var og hefur það verið mjög hvetjandi fyrir aðra að leggja einnig meira af mörkum. En ég held það verði á engan hallað, þótt viðurkennt



sé að sú stefna Flugleiða h.f. sem hefur falið í sér að fyrirtækið skilgreinir sig sem ferðapjónustufyrirtæki en ekki bara flugfélag, og hefur sett stefnuna á mikinn vöxt í flugi og markaðssetningu Íslands, hafi ráðið hér mestu um. Einkum hefur skipt lykilmáli áhersla félagsins á stóraukið flug allt árið um kring þannig að nú er svo komið að tiltölulega lítill munur er á tíðni að vetri og sumri á flestum leiðum. Þessu hefur eðlilega fylgt mikið átak í markaðssetningu utan háannatímans.

Á sama tíma hafa mörg framsýn fyrirtæki í íslenskri ferðapjónustu lagt sitt af mörkum í móttöku þessara ferðamanna og í því að gera Ísland að samkeppnishæfari ákvörðunarstað. Á meðal þessara fjölmörgu fyrirtækja sem hvað mest hafa lagt undir og fjárfest í þessari framtíð, eru t.d. Bláa Lónið, Íshestar, ýmis hótél fyrirtæki, bílaleigur, hópferðafyrirtæki og afþreyingarfyrirtæki. Það er sammerkt með þessum fyrirtækjum og Flugleiðum að öll eru þau að byggja upp fyrir framtíðina. E.t.v. að fórna skammtímagróða, fyrir lengri tíma arðsemi. Þetta er skynsamleg og eðlileg stefna í stöðugu umhverfi þar sem menn sjá fram á að geta notið ávaxtanna síðar meir af þeirri fjárfestingu sem nú er ráðist í.

En svo kom níundi ellefti, eða nine, one, one eins og Ameríkanar hafa þegar nefnt hinn afdrifaríka dag, níunda september s.l. Þá var umhverfið ekki lengur stöðugt. Þá var fjárfestingin e.t.v. ekki lengur skynsamleg, eða a.m.k. kom algjörlega nýr áhættuþáttur í ljós. Þá varð framtíðin allt í einu ekki lengur björt og skýr, heldur óviss og ótrygg.

### **En hver eru hin raunverulegu áhrif þeirrar atburðaraðar sem hófst 11. september í Bandaríkjunum á íslenska ferðapjónustu til skamms og langs tíma?**

Samtök ferðapjónustunnar gekkst í síðustu viku fyrir könnun á meðal félagsmanna sinna, sem eru um 300 fyrirtæki, stór og smá, í íslenskri ferðapjónustu. Samtals bárust heilstæð svör frá 66 fyrirtækjum. Helstu niðurstöður þeirrar könnunar eru þessar:

#### **Um veltu og verð.**

Spurt var:

Telur þú að atburðirnir hafa einhver áhrif á umsvif fyrirtækisins og þá hver ?  
Velta eykst **7,5%** Velta minnkar 54,5% Engin áhrif **38%**

**Nokkrar athugasemdir komu fram um að menn teldu þetta vera tímabundinn samdrátt, sem myndi rétta sig við innan 6 mánaða.**

Ef krafa kemur fram um verðlækkunir, ætlar þú að svara þeim  
Já **17%** Nei 76%

Telur þú að verðlækkun myndi skila auknum viðskiptum  
Já **15%** **Nei 80%**

### **Um starfsmannahald.**

Ætlar þú að gera breytingar á starfsmannahaldi í kjölfar þessara atburða meira en áformað hafði verið ?

Fækka starfsmönnum **23%** Fjölga starfsmönnum **1,5%**

Um hvað mikið í % á bilinu **5-15 %** hjá þeim sem ætluðu að fækka.  
**45,5% sögðust verða með óbreytt starfsmanna hald, eða vera búnir að fækka hvort sem er vegna árstíðarsveiflu.**

### **Um tækifæri/ógnanir og markaðsstarf.**

Sérð þú sóknarfæri eftir þessa atburði í ljósi stöðu Íslands sem frekar "öruggs" lands ?

**Já 91% !!!** Nei **9%**

Ætlar þú að breyta útgjöldum til markaðssetningar ?

Auka **23%** Minnka **6%** **Óbreytt 70%**

Ætlar þú að breyta áherslum í markaðssetningu t.d á ný svæði eða nýja markhópa

Já **38%** **Nei 56%**

Af þessum niðurstöðum skoðanakönnunar SAF verður ráðið að ferðapjónustufyrirtæki á Íslandi sjá almennt að tækifæri felist í þessari stöðu fyrir þau, þrátt fyrir að þau búist frekar við samdrætti í tekjum sínum til skamms tíma. Í samræmi við þessa sýn búast þau almennt ekki við að fækka starfsfólki mikið umfram árstíðabundnar breytingar. Það er athyglisvert að þrátt fyrir að þau sjá langflest tækifæri í stöðunni, þá hafa þau ekki í hyggju að breyta um áherslur í markaðssetningu eða auka hana til muna.!! Er þetta vegna þess að þau sjái sig ekki hafa mikil áhrif á markaðssetninguna almennt og að aðrir sjái um þessa hluti? Verandi einn af fulltrúum SAF í Markaðsráði ferðapjónustunnar, þá tel ég mig finna það oft á tíðum hve ósjálfbjarga mörg fyrirtæki eru í markaðssetningu og hve þau líta mjög til annarra aðila s.s. Markaðsráðs eða Flugleiða til að sjá um almenna Markaðssetningu Íslands. Mér finnst þessar niðurstöður heldur styðja við þá kenningu, ef kenningu má kalla. Í ljósi þessa er það sláandi hve yfirgnæfandi meirihluti fyrirtækjanna sér tækifæri í stöðunni.

Mér þykir það afskaplega leitt að geta ekki sjálfur verið eins afgerandi bjartsýnn um framhaldið eins og flestir félagar mínir sem stýra ferðapjónustufyrirtækjum.

Kann þetta að ráðast af því að það fyrirtæki sem ég starfa hjá, Flugleiðir, eru ekki aðeins háðar stöðu Íslands sem ákvörðunarstaðar, heldur einnig háðar ástandi og horfum í flugheiminum almennt og þá sérstaklega á Norður Atlantshafs-markaðnum. Frá mínum sjónarhóli séð get ég fallist á það að Ísland sem ákvörðunarstaður á að geta farið mun betur út úr þessari krísu en margir ef ekki flestir aðrir ákvörðunarstaðir. Hvort þau áhrif verði í heild jákvæð m.v. það sem annars hefði orðið tel ég meira vafa undirorpið. Varðandi það að í þessu geti falist tækifæri fyrir íslensk flugfélög umfram önnur, m.a. vegna ímyndar landsins um friðsæld og hlutleysi, tel ég slíkt afar vafasamt, og sé a.m.k. engin áþreifanleg merki þess enn t.d. í bókunum hjá Flugleiðum yfir Atlantshafið.

Því miður er þvert á móti ýmislegt sem bendir til þess að t.d. Flugleiðir fari síst betur út úr þessari krísu en önnur flugfélög. Í ljósi þeirrar miklu bjartsýni sem gætir um að tækifæri felist í þessu fyrir íslenska ferðapjónustu og í ljósi þess hve háð íslensk ferðapjónusta óneitanlega er leiðakerfi Flugleiða, tel ég mér skylt að skýra þetta nánar út.

Staðreyndin er sú að áhrif þessarar krísu eru mest á flug yfir Norður Atlantshafið. Það er önnur staðreynd að aðeins tvö flugfélög í heiminum eru háðari Norður Atlantshafinu heldur en Flugleiðir. Í þriðja lagi, eru Flugleiðir tiltölulega mjög háðir þeim 3 borgum í Bandaríkjunum sem hvað verst urðu úti þann 11. september, þ.e. New York, Boston og Washington.

Þau tvö flugfélög sem eru háðari Norður Atlantshafinu en Flugleiðir eru Aer Lingus annars vegar og Virgin Atlantic hins vegar. Bæði þessi flugfélög eru talin í mikilli gjaldþrotahættu. Aer Lingus er svo aðframkomið af þessum sökum að félagið sagði fyrir nokkrum dögum upp um 2500 starfsmönnum af 6000, eða um 40% af heildarstarfsmannafjölda. Aer Lingus hefur hins vegar viðurkennt að eiga ekki einu sinni nægt fé til að greiða starfsmönnum laun á lögbundnum uppsagnartíma. Félagið hefur gripið til þess að lækka fargjöld á samkeppnisleiðum um allt að 70% til að verða sér úti um reiðufé hvað sem það kostar til að lengja lífdaga sína. Jafnframt hefur félagið leita á náðir ríkisstjórnar Írlands um aðstoð, en Aer Lingus er í ríkiseigu. Um stöðu Virgin Atlantic er minna vitað enn sem komið er, en einnig þeir hafa tekið þátt í miklu verðstríði á Norður Atlantshafinu til að afla sér reiðufjár.

Almennt má segja að flugheimurinn sé rjúkandi rúst eftir 11. september. Bandarísk flugfélög hafa sagt upp yfir 100 þúsund starfsmönnum og er fullkomin óvissa um framtíð sumra af stærri og þekktari flugfélögum vestan hafs. Í heild er talið að 500 þúsund manns missi vinnuna í ferðapjónustu í Bandaríkjunum af þessum völdum. Miðað við höfðatöluregluna myndi þetta jafngilda því að um 100 starfsmenn íslenskra flugfélaga misstu vinnuna og að 500 störf myndu hverfa í íslenskri ferðapjónustu. Það er þegar ljóst að hvað flugfélögin varðar þá fer Ísland verr út úr þessum samanburði, en vonandi mun íslensk ferðapjónusta sleppa betur miðað við höfðatölu en sú bandaríska. Ég er

reyndar sannfærður um að svo sé og styður fyrrgreind könnun á meðal félagsmanna SAF þá niðurstöðu.

Í Evrópu er myndin flóknari, þar sem eignarhald flugfélaga er ólíkt og aðkoma ríkisvalds að flugfélögum er mismunandi. Auk þess eru þau mjög mismunandi háð Norður Atlantshafsflugi eða flugi til fjarlægari heimsálfa, sem almennt virðist þjást meira í þessari krísu. Sum Evrópuflugfélaganna, eins og sum bandaríks félög einnig, í mjög alvarlegum rekstrarerfiðleikum fyrir 11. september og ramba nú á barmi gjaldþrots, eins og Swissair og Sabena.

Áhrifin eru hvað alvarlegust á þau flugfélög sem líkt og Flugleiðir fljúga mikið til Bandaríkjanna. Áður gat ég um Aer Lingus og Virgin Atlantic. British Airways er að skera sína sitt risavaxna leiðakerfi niður um 10% og segja upp 7000 starfsmönnum. KLM er að segja upp 2500 manns og lækka laun. Finnair, sem flýgur sáralítið til Bandaríkjanna hefur óskað eftir ríkisstyrk og tilkynnt miklar sparnaðaraðgerðir. SAS hefur sem kunnugt er gengið í gegnum mikla erfiðleika á undanförunum vikum, þar sem margir helstu stjórnendur og öll stjórn fyrirtækisins þurftu að segja af sér vegna Maresk, hneykslisins og síðan bætti hið hörmulega slys í Milano gráu ofan á svart.

Öll eru þessi flugfélög sem hér hafa verið nefnd langtum stærri en Flugleiðir, og sum hver eru risavaxin. Þau eiga það þó sameiginlegt að vera langtum MINNA mikilvæg fyrir ferðapjónustu og efnahagslíf sinna þjóða, en Flugleiðir eru fyrir Ísland.

### **Spyrja má: hvers vegna eru Flugleiðir þá að rembast þetta á Norður Atlantshafinu? Hvers vegna ekki bara einbeita sér alfarið að flugi til Íslands?**

Því er hér til að svara, að tvö helstu tilvistarvandamál íslenskra flugfélaga eru annars vegar smæð hins íslenska markaðar og hins vegar hinar miklu árstiðarsveiflur í eftirspurn eftir flugi til og frá Íslandi.

Það er þekktara en frá þurfi að segja að á hverjum vetri tapa Flugleiðir h.f. einhverjum milljörðum króna yfir vetrartímann en vinnur það síðan upp (oftast, og vonandi) yfir sumartímann. Því er það eitt höfuðviðfangsefni félagsins að reyna með öllum ráðum að stækka markað sinn og tekjugrunn yfir vetrartímann eins hratt og hægt er. Á meðan verið er að byggja upp eftirspurn eftir ferðum til Íslands, er nauðsynlegt að geta sótt á aðra markaði sem eru fyrir hendi eins og Norður Atlantshafsflugs markaðinn. Gott dæmi um þetta er að þegar Flugleiðir hófu mjög mikla sókn inná Bandaríkjamarkað 1995 var það markmið sett að þrefalda söluna til Íslands fyrir aldamót. Þetta tókst, en samt er aðeins um þriðjungur af sölu Flugleiða í Bandaríkjunum í dag, til Íslands. Þessi mikla aukning til Íslands hefði hins vegar ekki verið möguleg ef ekki hefði verið fjölgað ákvörðunarstöðum og tíðni aukin. Í vetur eru, þrátt fyrir þegar boðaðan niðurskurð, 20 flug á viku milli Íslands og Bandaríkjanna. Á milli Finnlands og

Bandaríkjanna verða 4 flug á viku í vetur og milli Bandaríkjanna og Noregs er ekkert flug. Ég leyfi mér að fullyrða að færri Bandaríkjamenn leggja leið sína sem almennir ferðamenn til þessara landa yfir vetrarmánuðina, heldur en til Íslands!!

Staðreyndin er einfaldlega sú, að án þeirra farþega sem ferðast með Flugleiðum um Keflavíkurlugvöll milli Evrópu og Norður Ameríku, væri lítill grundvöllur fyrir heilsársflugi milli Bandaríkjanna og Íslands. Það hefur ekki aðeins afleiðingar fyrir íslenska ferðapjónustu, heldur einnig öll íslensk fyrirtæki og aðila sem mjög eru háð samskiptum við Bandaríkin í starfsemi sinni. Þetta eru fyrirtæki eins og Íslensk Erfðagreining, Össur h.f. , Marel h.f. , SÍF og SH svo örfá fyrirtæki séu nefnd.

Hin hliðin á þessu máli er að um 36% af öllum farþegum milli Ísland og Evrópu eru að koma frá eða fara til Bandaríkjanna. Þetta þýðir m.ö.o. að meira en þriðja hvert flug milli Íslands og Evrópu myndi falla niður ef þessara farþega nyti ekki við. Mun líklegra er þó að fast að helmingi fluganna yrðu óarðbær, þar sem þessir farþegar dreifast á öll flug, en eru ekki allir á þriðja hverju flugi.

Af þessu má ljóst vera að í leiðakerfinu er hvert flug háð öðru og leiðakerfið því allt mjög viðkvæmt fyrir áföllum eins og þeim sem nú dynja yfir. Er ekki ofsögum sagt að nú um stundir hrikti ærlega í því leiðakerfi sem er í raun grundvöllurinn undir markaðssókn íslenskrar ferðapjónustu. Nauðsynlegt er að allir geri sér grein fyrir þessu samhengi hlutanna þar sem það varðar okkur öll mjög.

### **Um útlit of horfur.**

Vitur maður hefur sagt að það sé alltaf ákaflega erfitt að spá, einkum um framtíðina. Ég ætla mér ekki að vera betri spámaður en þeir félagsmenn SAF sem tóku þátt í fyrrnefndri könnun. Ég vona svo sannarlega að þeir reynist sannspáir um þau tækifæri sem framundan eru. Ég trúir því líka sjálfur að íslensk ferðapjónusta eigi að geta komið mun betur úr út þessari kreppu en í flestum öðrum löndum. Hvernig til tekst veltur þó mjög á því hver þróun samgangna við landið og markaðssóknar verður. Flugleiðir hafa tilkynnt um þriðjungs niðurskurð á Norður Atlantshafinu, en samt eru enn 20 flug á viku til Bandaríkjanna, sem er margfalt það sem sum stærri lönd hafa eins og áður var nefnt. Það eru ennþá mjög góðar samgöngur. Vonandi tekst að verja þá tíðni, þótt það verði að segjast eins og er að bókanir fram í tímann lofa ekki allt of góðu. Og eins og áður sagði, þá er það heildarþókanir og tekjur í flugi til og frá landinu sem skiptir sköpun varðandi þá tíðni sem hægt er að verja og bjóða uppá, en ekki bara bókanir til landsins þar sem þær einar sér geta aldrei haldið uppi þeirri tíðni sem verið er að bjóða uppá.

Áður hefur verið upplýst að Flugleiðir töldu sig hafa tapað 100 milljónum króna á þeim 3 dögum sem flug til Bandaríkjanna stöðvaðist. Í dag var tilkynnt að

farþegar félagins í September séu 16,5% færri í September en í sama mánuði í fyrra. Þessar niðurstöður valda vonbrigðum. Þetta þýðir það að tekjur félagsins af millilandafarþegaflugi voru heilum 400 milljónum minni í septembermánuði einum, heldur menn töldu í upphafi mánaðarins. !! Þetta eru 400 milljóna króna versnun á 20 dögum, eða 20 milljón króna versnun á dag frá 11. September til loka mánaðarins!!

Það sem e.t.v. kemur mest á óvart í þessu, er hve íslenski markaðurinn virðist veikur. Þetta staðfesta einnig aðrir aðilar í ferðaþjónustu sem selja utanlandsferðir. Virðist sem Íslendingar haldi mjög að sér höndum með ákvarðanir um ferðalög til útlanda um þessar mundir. Samkvæmt könnun sem Gallup gerði um þetta mál fyrir tveimur dögum, virðist það ekki síður vera vegna blankheita" heldur en einhverrar ferðahræðslu, þó hennar gæti vissulega líka. Ferðamönnum um Ísland á leið yfir hafið fækkar í September um 23% sem er í takt við það sem búast mátti við. Hins vegar fækkar farþegum til Íslands einna minnst, sem er ánægjuefni fyrir íslenska ferðaþjónustu og gefur þeim væntingum stoð sem að framan er getið.

### **Og hvað er þá til ráða?**

Tækifærin í stöðunni, eru þau að með réttri markaðssetningu og áherslum á að vera hægt að koma Íslandi á framfæri sem góðum ákvörðunarstað á þessum óvissutímum. Ógnin er sú að niðurskurður í flugi og markaðssetningu komi í veg fyrir að þessi tækifæri nýtist. Ljóst er einnig að enn er töluvert í land með að það sem tapast hefur í sölu og bókunum síðustu vikna, hafi unnist upp.

Nýlega var skipaður vinnuhópur á vegum Ferðamálaráðs og Samgönguráðherra til að koma með tillögur og vera til ráðuneytis um aðgerðir af hálfu hins opinbera til að bregðast við þeirri stöðu sem komin er upp í þessari mikilvægu atvinnugrein í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum. Í vinnuhópnum voru fulltrúar úr Ferðamálaráði auk fulltrúa frá SAF og Samgönguráðuneytinu. Hópurinn hafði einnig samráð við Markaðsráð ferðaþjónustunnar og kynnti því frumniðurstöður sínar.

Að mati hópsins m.v. horfur og fyrirsjáanlega þróun í framboði sæta til og frá Íslandi mætti búast við að bein áhrif á gjaldeyristekjur ferðaþjónustunnar yrði samdráttur uppá rúma 2 milljarða á næstu 6 mánuðum. Hlutur ríkisins í þessu er talinn vera 20-25%. Auk þess er óskilgreind áhrif á ýmsa verslun og þjónustu þar sem þegar hefur orðið vart við samdrátt í kjölfar hryðjuverkanna s.s. í áfengissölu og sérvöruverslun.

Í niðurstöðum hópsins segir orðrétt:

"Hópurinn telur að aðgerðirnar eigi að miðast að því að tryggja að tap þjóðarbúsins vegna þessara hryðjuverka verði sem minnst og helst ekkert. Það er skoðun hópsins að með engum aðgerðum gæti gjaldeyristekjur þjóðarbúsins

dregist saman um 6-7 milljarða á næstu 6-7 mánuðum. Með markvissum og auknum markaðsaðgerðum verður að draga úr þeim skaða eins og mögulegt er."

"Hópurinn bendir á þær fjárfestingar sem einstaklingar og fyrirtæki hafa ráðist í á grundvelli væntinga um áframhaldandi vöxt, sem nú sé ógnað. Hópurinn bendir jafnframt á að á undanförunum árum hafi stjórnvöld varið meiri fjármunum en fyrr til markaðs- og kynningarmála. Þessir fjármunir hafi skilað sér margfalt til baka sbr. 50% aukning gjaldeyrstekna. Því sé það meginniðurstaða hópsins að besta og fljótvirkasta leiðin til að verja fjárfestingu í ferðaþjónustu og þann árangur sem náðst hefur og núverandi leiðakerfi Flugleiða, sé að styðja við markaðs- og kynningarstarf fyrirtækisins á næstu 12-18 mánuðum. Það verði gert með sameiginlegum aðgerum stjórnvalda og fyrirtækisins til að tryggja áframhaldandi tíðni samgangna við landið. Þannig verði hagsmunir ferðaþjónustunnar í heild og ríkissjóðs best tryggðir."

Ég get verið sammála þessum niðurstöðum vinnuhópsins. Það er ljóst að bregðast verður skjótt við því tíminn er naumur. Hér eru á ferðinni slíkir ógnarkraftar og staðan er þröng. Það er ljóst að hlutur ríkisins í landkynningu hefur í gegnum tíðina verið allt of lítill, þó reynda hafi þar orðið töluverð bragarbót á allra síðustu árum, og ber að þakka það og virða. En betur má ef duga skal. Ef aðrir aðilar s.s. Flugleiðir og fleiri hefðu ekki komið til, þá er ljóst að markaðsstarf fyrir Ísland sem ákvörðunarstað hefði ekki verið eins öflugt og raun ber vitni, og árangur því ekki eins mikill. Nú er rétti tíminn fyrir ríkið að auka sinn hlut verulega. Þetta eru önnur lönd að gera í mun ríkara mæli en íslenska ríkið. Nýlega samþykkti norska stórþingið t.d. að lögð skuli fram 5 ára áætlun um markaðssetningu Noregs m.v. ákveðna ímynd þar sem lagðar verði fram 500 milljónir norskra króna fyrsta árið og stig hækkandi upphæðir eftir það.

Hér er ekki verið að tala um ríkisstyrki, heldur myndi ríkið þarna loks vera að taka á sig eðlilegt hlutverk sitt og axla réttlátar byrgðar. Það ber að varast beina ríkisstyrki við atvinnurekstur í lengstu lög og haga aðkomu ríkisins svo sem verða má að þeim liðum þar sem það er beinlínis eðlilegt að hið opinbera komi að. Landkynning er gott dæmi, en einnig allt er lítur að öryggisgæslu og vernd gegn hugsanlegum glæpamönnum og hryðjuverkum, hvort sem það er kostnaður vegna aðgerða á flugvöllum eða í flugvélum. Önnur lönd hafa þegar tekið ákvörðun um slíkt og getur íslenska ríkið ekki skorast undan að bera slíkan kostnað. Einnig verður að teljast eðlilegt að ríkið komi að hlutum sem hreinlega er ekki á valdi fyrirtækja að gera s.s. varðandi þá tryggingarvernd sem nauðsynleg er svo velar megi fljúga en samt er ekki hægt að kaupa á markaði á viðráðanlegum kjörum.

Í ljósi þess sem löngu er vitað, að áætlunarflug milli Íslands og annarra landa er og hefur alltaf verið rekið með tapi yfir vetrarmánuðina sem síðan er greitt upp af hagnaði sumarsins, þá hlýtur það að koma mjög til greina að örva flugfélög,

öllum flugfélögum til að fljúga meira til Íslands að vetri með sérstökum ívilnunum s.s. með því að létta álögunum o.þ.h.

Góðir fundarmenn. Íslensk ferðaþjónusta er í ákveðinn kreppu. Það eru tækifæri í stöðunni, en það eru einnig slíkar ógnanir að e.t.v. komumst við aldrei að því að nýta okkur tækifærin. Sú gríðarlega uppbygging í samgöngum til og frá landinu og markaðssetningu þess á erlendum mörkuðum sem fram hefur farið á síðustu árum, er í hættu. Hættan stafar að okkur einna helst í gegnum ógnanir við leiðakerfi Flugleiða sem er hornsteinninn að þeim árangri sem náðst hefur. Starfshópur ferðaþjónustunnar og ráðherra hefur komist að þeirri niðurstöðu að ríkið verði nú þegar að koma með mjög myndarlegum hætti að markaðssetningu í ferðaþjónustu til að vernda þann árangur sem náðst hefur. Jafnframt þarf að tryggja rekstursgrundvöll heilsársflugs í þeirri kreppu sem nú stöðjar að.

Varast ber beina ríkisstyrki í lengstu lög. Í þeim efnum ber þó að hafa í huga að slíkir styrkir eru þegar komnir til við flugfélög bæði í Bandaríkjunum og Evrópu og hefur lögum sem banna slíkt verið ýtt til hliðar beggja vegna Atlantshafsins vegna stríðsástandsins. Við getum ekki verið heilagri en páfinn sjálfur í þessum efnum, enda er þá samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja og Íslands sem ákvörðunarstaðar raskað. Ef ríkisstjórnir þessara landa telja sig knúnar til að grípa inni og koma að málum, hlýtur hið opinbera á eyríkinu Íslandi einnig að þurfa að verja sína hagsmuni, hagsmuni ferðaþjónustunnar og hagsmuni þjóðfélagsins alls með því að ganga þegar til samstarfs við ferðaþjónustuna með myndarlegum hætti. Þá eigum við sameiginlega að geta verndað þá sterku stöðu sem við höfum byggt upp, og sótt fram eftir þeim tækifærum sem virðast vera við sjóndeildarhringinn.

Takk fyrir.

Friðrik Már Baldursson

**[Glærur \(25,4 KB\)](#)**

Ráðherra, fundarstjóri og góðir fundargestir.

Ég er nú í svolítið annarri stöðu heldur en félagar mínir sem að hér hafa talað. Ég er ekki ferðaþjónustumaður og mun ekki verða með bein tilmæli til stjórnvalda eða neitt slíkt. Ég ætla einfaldlega að reyna að setja þetta í þjóðhagslegt samhengi.

Ég ætla sem sagt að reyna að setja ferðaþjónustuna og að einhverju leyti þessa atburði sem að urðu 11. september eða afleiðingarnar af þeim skulum við segja í þetta þjóðhagslega samhengi eða heildarsamhengi í íslenskum þjóðarbúskap og þetta er kannski efni sem að margir þekkja hérna en ég held ég fari samt í gegnum það.



Það er svolítið skrítið þegar maður sér þennan stóra hóp hérna inni að rifja það upp að ferðaþjónustan, ef maður fer í þjóðhagsreikningana og leitar að henni þá finnst hún ekki þar, engin grein sem heitir ferðaþjónusta heldur er þetta samsett grein úr fjölda atvinnugreina sem að starfa að meira eða minna leyti á þessu sviði. Sem sagt þessi grein er ekki til í þjóðhagsreikningunum þó að hún sé orðin feiki mikilvæg í þjóðhagslegu samhengi. Samt hefur hún fengið þessa skilgreiningu og er haldið svona til hliðar.

Ef við rennum aðeins yfir hlutdeild einstakra greina í ferðaþjónustunni. Þar eru flugsamgöngurnar langstærstar með um helming. Næst koma að ég held veitingastaðir og gististaðir og samgöngur á landi o.s.frv. Flugíð er feiki mikilvægt en síðan, þótt ég sé leikmaður í ferðaþjónustunni þá hef ég ekki komist hjá því að heyra af því að ja stundum er kvartað yfir svartri starfsemi í ferðaþjónustu og það ber að huga að því að þessar tölur sem hér er byggt á eru að ég held að langmestu leyfi byggðar á skattframtölum og það sem ekki kemur þar fram kemur ekki heldur hér fram.

Þeir sem að á undan mér töluðu minntust á það að ferðaþjónustan hafi verið driffjöðrin í hagvextinum hérna og það er alveg rétt. Ferðaþjónustan hefur vaxið feiki hratt á síðustu árum, næstum því 8% á ári á árunum 1996-1999 og á sama tíma þá óx hagkerfið í heild innan við 5% og það er því alveg rétt að ferðaþjónustan er ein af þeim greinum sem að hefur lagt hvað mest til þessa hagvaxtarskeiðs sem við höfum séð síðustu 5 ár eða svo.

Nú svona einfaldur reikningur, hlutdeildin í landsframleiðslunni hefur aukist líka á sama tíma allt frá 4% árið 1996 uppí 4,5% árið 1998-1999. Þetta þýðir það að árlegt framlag ferðaþjónustu til hagvaxtar hefur verið u.þ.b. þriðjungur úr prósentustigi á hverju ári. Þetta hljómar nú ekki hátt en auðvitað er þetta mjög mikið því að þetta fer inn í tölur sem að kannski við eðlilegar aðstæður eru í kringum 3% og við erum ekki að tala um mjög háar tölur þegar við erum að tala um hagvöxt yfirleitt til lengri tíma.

Nú heimsvöxturinn á sama tíma, bara til hliðsjónar var 3,5% samkvæmt mínum upplýsingum þannig að væntanlega höfum við verið að auka okkar hlutdeild í markaðnum á þessum tíma. Gjaldeyrstekjurnar, þar sér maður flokkun í aðalatriðum í tvennu lagi þ.e.a.s. fargjöld og aðrar tekjur í opinberum hagtolum, sem sagt aðrar tekjur þ.e. útgjöld ferðamanna á Íslandi og þar er ljóst ef maður kíkir á söguna að ferðaþjónusta á Íslandi hefur stöðugt verið að auka sinn hlut umfram flugið í raun og veru. Annað sem maður tekur eftir þegar maður skoðar þessar tölur er það að vöxturinn hefur vissulega verið feiki hraður á síðustu tveimur áratugum en það hafa auðvitað komið samdráttartímar og kannski skemmst að minnast Flóabardaga og áhrifanna á flug á þeim tíma en það er kannski líka fróðlegt íhugunarefni að velta því fyrir sér að það fór saman líka þá að efnahagsstarfsemi í heiminum almennt var ekki kraftmikil á þessum tíma þannig að það er svolítið svipað ástand núna og þá, það eru ótryggir tímar og stríðstímar í hluta heimsins. En það var líka ljóst að það myndi verða töluverður

samdráttur eða kannski ekki beint samdráttur heldur það að vöxturinn yrði töluvert hægari á seinni hluta þessa árs og næsta ári í okkar helstu viðskiptalöndum heldur en áður.

Nú aðeins nánar um sundurliðunina. Hlutdeildin núna í útflutningstekjunum er orðin um 13% ef maður leggur saman fargjaldatekjurnar og aðrar tekjur af ferðamönnum. Það reyndar ber að nefna það að mér skilst að flugfélagið Atlanta sé inni í öðrum samgöngutekjum með líklega um helminginn þar þannig að hlutdeildin er ennþá stærri heldur en þetta. Hún er hátt í 20% væntanlega ef að allt er talið. Þar með er auðvitað ferðaþjónustan sem slík komin upp í næstum helminginn af sjávarafurðunum sem hafa jú alltaf verið burðarásinn hjá okkur og töluvert umfram stóriðjuna á þessu ári og 2000. Hún er auðvitað í örum vexti líka, það ber að hugsa til þess.

Nú markaðssvæðin. Það vita örugglega allir hér inni miklu betur hver þau eru en ég ætla samt að renna aðeins yfir þau. Ég flokka Norðurlöndin í einn hóp með ja tæp 30%, síðan eru Þýskaland og Bretland mjög stórt markaðssvæði auðvitað Bretland með 15% og Þýskaland með 11%. Önnur Evrópulönd með 21% og Norður-Ameríka með 19% núna. Þetta eru auðvitað mjög mikilvægt að hafa í huga vegna þess að hagvöxtur í þessum löndum, hvernig tekjur fólks breytast í þessum löndum, hefur klárlega mjög mikil áhrif á eftirspurn eftir þjónustunni hér. Bara til samanburðar segja gistinæturnar mjög svipaða stöðu þó að það séu aðeins öðruvísi tölur og það er klárt að þarna eru gistinætur á hótelum og gistiheimilum. En allavega þá eru stærðargráðurnar mjög svipaðar.

Nú er mikið rætt um fækkun út af minnkuðu sætaframboði og þá er kannski ekki vitlaust að skoða aðeins samhengið á milli fjölda ferðamanna og gjaldeyrsteknanna. Það er klárt að það er töluvert samræmi í þessum tölum, þarna er bláa línan fjöldinn og fjólubláa línan gjaldeyrstekjurnar á föstu verði. Það er ákveðið samræmi í þessum tölum en samt er ljóst að það eru töluverð frávik og þarna er árið 1991-1992 kannski sérstaklega athyglisvert en líka allra síðustu ár. Þegar ég brá þessu upp fyrir mig þá var þetta athyglisvert. Það sem ég held að sé skýringin þarna 1991-1992 er auðvitað Flóabardaginn ekki síður en það að okkar helstu markaðssvæði og þá ekki síst Norðurlöndin og Evrópa að þar var hagvöxtur mjög slakur þessi ár. Gott að hafa það í huga. Mér sýnist svona á öllu að það sé styttri dvalartími kannski sem að gerir það að verkum að gjaldeyrstekjurnar vaxa ekki eins hratt og fjöldin síðustu árin 1999-2000 en þó ber að hafa í huga raungengið, hlutfallslegt verðlag, á Íslandi miðað við önnur lönd að það fór nokkuð hækkandi á þessum tíma og það er ljóst líka ef maður skoðar söguna að það er einn mikilvægasti áhrifaþátturinn í tekjum innlendrar ferðaþjónustu og þarna er gula línan raungengið og það vita það nú víst allir að það hefur lækkað verulega á þessu ári og það er a.m.k. eitt af því sem að er jákvætt fyrir innlenda ferðaþjónustu og bætir samkeppnisstöðuna verulega.

Ég treysti mér ekki til að fara spá beint um það hvað þessi fækkun, ef hún þá verður, hvaða áhrif hún mun hafa. Það má hinsvegar auðvitað stilla upp

dæmum, það var gert hér áðan og ég ætla að stilla upp einu líka. Ég tók bara töluna 10% til að taka einhverja tölu, maður getur valið sér tölu ef maður vill taka 20% þá margfaldar maður bara með tveimur. Þá er náttúrulega fyrst að spyrja, hvað eigum við við þegar við erum að reyna að skoða áhrifin. Eigum við við 10% minnkun frá því sem að hefði mátt búast við og það sem við hefðum kannski búist við var ca 5% vöxtur eða eitthvað svoleiðis. En það þýðir þá það að við erum að tala um 2-5% hreinan samdrátt milli ára. Eða eigum við við 10% hreinan samdrátt sem er þá raunverulega miklu meiri frávik frá ja hvað eigum við að segja einhverjum ferli sem að aðilar í ferðapjónustunni hafa væntanlega haft í huga þegar þeir hafa skipulagt sinn rekstur og farið út í fjárfestingar og annað slíkt.

Ég vel hér að reikna með síðara tilvikinu og þá erum við að tala um svona 15% samdrátt "effectivt" frá því sem að hefði mátt búast við. Þetta er held ég í samræmi við það sem hér kom fram áðan, gjaldeyriskjurnar eru jú eða voru á árinu 2000, þær eru orðnar töluvert hærri út af gengisbreytingum og vexti en þær eru svona rúmir 30 milljarðar, og það þýðir það að 10% minnkun frá fyrra ári eru um 3 milljarðar og ef maður hugsar þetta sem frávik frá 5% vexti þá er það 4,5 milljarður. Þetta er um 1,3% af útflutningstekjunum okkar þessi beinu áhrif minnkunin frá fyrra ári og rétt tæpt 0,5% frá landsframleiðslunni.

Nú frá þessum ferli sem ég hugsa sem vaxtarferil þá erum við auðvitað að tala um aðeins stærri tölur eða 2% af útflutningi og 0,7% af landsframleiðslunni.

Beinu áhrifin á hagvöxtinn þau verða raunverulega mjög svipuð og þessi prósentu þarna af landsframleiðslunni þ.e. 0,4% til minnkunar og ef maður tekur algengar tölur, þetta er mjög óvíst allt saman hver þessi svo kölluðu margfeldisáhrif gætu verið, þá getum við kannski hækkað þessa tölu upp í u.þ.b. 0,7%.

Nú það er einhversstaðar á bilinu 5-6 þúsund ársverk sem að mæld eru í ferðapjónustunni og ef maður umreiknar þetta bara beint þá erum við að tala um fjölda á bilinu 5-6 hundruð sem að ársverkum myndi þá fækka við þessi beinu áhrif og í áætluðum heildaráhrifum eða margfeldisáhrifum þá gæti þetta orðið kannski um 800 og ef við hugsum um fólkið sem er að bætast inn á vinnumarkaðinn og þann vöxt sem að þarf raunverulega að vera til að taka við því þá væru þetta 1200 störf. Þetta fer svona auðvitað eftir því hvernig maður stillir þessu dæmi upp.

Auðvitað ber að hafa í huga fjölmarga fyrirvara við þetta og sá fyrsti er nú kannski annar punkturinn á þessari glæru og það er raungengið. Það hefur orðið mikil lækkun og sú lækkun ætti að ýta undir eftirspurn og hún ætti ekki bara að ýta undir eftirspurn þeirra erlendu ferðamanna sem að koma hingað, þeir munu eyða meiru, heldur líka auðvitað Íslendinga og þetta svo sem spilar saman við þessi almennu efnahagsáhrif, fróðlegt að heyra þessar tölur hjá Steini Loga áðan að það er klárt að þessi áhrif eru þegar farin að koma fram í ákvörðunum

fólks um það hvort að það fer til útlanda eða ekki. Þetta er kannski ekki mikil huggun fyrir Flugleiðir en þetta er a.m.k. ja jákvæður punktur fyrir þá sem starfa hér á innanlandsmarkaðnum.

Nú hitt sem að maður verður að hafa í huga það er ekki alveg eins jákvætt og það er það að hagvöxturinn í viðskiptalöndunum hefur mikið dregist saman. Við höfum verið með þetta á bilinu 3,5-4% hagvöxt í Evrópu og Bandaríkjunum á síðustu árum en núna hefur heldur betur komið bakslag í seglin og var þegar komið en síðan hafa menn raunverulega endurskoðað áætlanir um hagvöxt enn niður á við og nú er talið að hagvöxtur á þessu ári í Bandaríkjunum verði um 1% og ca 1,5% í Evrópu. Tölurnar voru 4% í Bandaríkjunum og 3,5% í Evrópu og þetta er gríðarlega minnkun og hefur án efa töluverð áhrif á þennan markað.

Nú 2002 er spáð frekar slökum hagvexti, ég tek það fram að þetta eru nýjar spár sem ég fann frá október þannig að þeir sem að þarna halda á reiknivélinni þeir ættu að vera búnir að taka tillit til þessara atburða þó að þeir viti svo sem ekkert eða sjái ekkert endanlega fyrir hvernig þetta fer allt saman frekar en aðrir. Það er sem sagt spáð 1,3% hagvexti í Bandaríkjunum á næsta ári og tæpum 2% í Evrópu og á Norðurlöndunum.

Síðan eru menn svona tiltölulega bjartsýnir fyrir 2003 og spá því að þá fari hagvöxtur kannski í eðlilegt horf einhversstaðar á bilinu 3-3,5%. Ég held að þetta sé nú svona það sem að ég hef að segja. Ég vil nú bara vara við því samt að vera of svartsýnn. Eins og Magnús fór hér ágætlega yfir áðan þá hafa auðvitað komið upp svona atburðir og ekki bara aðilar í ferðaþjónustu heldur yfirleitt allir hafa yfirleitt verið kannski of svartsýnir, talið að áhrifin yrðu mjög mikil en þau hafa undantekningarlaust orðið tímabundin og tiltölulega takmörkuð og við skulum bara vona að það verði reyndin líka núna. Takk fyrir.

## **Umræður um áhrif 11. september Einar Bollason, Íshestar.**

Þingforsetar, góðir félagar. Ég vil nú byrja á því að þakka ræðumönnum hér áðan fyrir sérstaklega gott innlegg inn í þau mál sem að okkur eru að sjálfsögðu efst í huga og sérstaklega vil ég biðja aðstoðarmenn Sturlu að skila til hans góðum kveðjum. Það er mjög ánægjulegt eins og reyndar Steinn Logi sagði sjálfur að fá svona skýr skilaboð frá ráðherra um að þeir væru tilbúnir til aðstoðar við greinina.

Nú ég vil nú svona aðeins afsaka okkur fyrirtækin í greininni að við skulum ekki vera svona jafn ákøf eða eins og Steinn Logi kvartaði yfir að það skildu ekki koma svona hörð viðbrögð frá okkur um að við værum tilbúnir til að stórauka markaðssókn. Ég held að ástæðunnar sé nú fyrst og fremst að leita í þeirri einföldu staðreynd að það eru ekki miklir peningar eftir í þau mál. Nú staðan í september er mjög einföld og ég held að margir geti sagt sömu sögu eins og við í okkar fyrirtæki að þegar talið var upp úr kössunum þá er staðan í þeim mánuði 60% af áætlunum það sem er þó óhugnanlegra og sýnir best hversu sérstaklega

Bandaríkjamarkaðurinn er mikilvægur fyrir allavega suðvesturhornið yfir vetrarmánuðina er að 47% af þessum 60 voru komin fyrstu 10 daga mánaðarins.

Ég hygg og reyndar veit af samtölum mínum við fjölmarga í greininni að þessi staða okkar endurspeglar stöðu fjölmargra annarra. Nú að sjálfsögðu eigum við bágt og margir eru kvíðnir fyrir erfiðum vetri sem að hefur nú oft ekki skilað okkur mörgum krónum í kassann. Ég vil alveg sérstaklega taka undir orð Magnúsar Oddssonar hér áðan að þó að auðvitað sé enginn og hafi enginn neitt á móti því að fá stuðning á erfiðum tímum þá held ég að númer eitt sé hjá okkur öllum að styrkja samgönguæðina, án flugs til landsins eru við náttúrulega ekki neitt neitt. Það er náttúrulega svo einfalt reikningsdæmi að þar þarf varla að ræða það. Og ég get náttúrulega sagt það hér og nú að sem stjórnarmaður í SAF þá er þar alger einhugur innan stjórnarinnar um þær leiðir sem að á að fara og eru í samræmi við orð ferðamálastjóra hér áðan að við þurfum fyrst og fremst að styrkja markaðsstarfið, koma að Flugleiðum í þeirra markaðsstarfi þar að ég ítreka líka að það er líka hægt að gera ýmislegt annað saman ber að létta álögum yfir veturinn og það þarf ekki að einskorðast neitt við Flugleiðir. Það mætti t.d. alveg hugsa sér að létta af lendingargjöldum í Keflavík sem og einhverjum öðrum álögum t.d. í september til maí. Það er auðvitað alveg sjálfsagt og frjálst öllum þeim flugfélögum sem hefðu áhuga á að koma til okkar yfir vetrartímamann, ætti þá að sjálfsögðu að standa það jafn opið eins og Flugleiðum. Ég hygg nú að þau séu ekki mörg samt sem áður.

Nú ég vil ítreka bara mína skoðun hér, ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að fleiri komi hér upp. Ég tel mjög nauðsynlegt að samgönguráðherra og forsvarsmenn Ferðamálaráðs fái að heyra í greininni hvernig við lítum á þetta mál. Ég veit að það er kvíði í okkur og það er ekkert óeðlilegt við það en við þurfum að vera samtaka um leiðina og ég ítreka það enn einu sinni að nú er rétti tíminn til að snúa bökum saman og snúa vörn í sókn. Það er alltaf frekar leiðinlegt í vörninni, það er mikið skemmtilegra að vera frammi og skora þar, þannig að við eigum að fylkja okkur saman og láta samgönguráðherra finna fyrir því hvað við erum samtaka í þessu og hversu mjög mikilvægt það er fyrir okkur að stórefla alla markaðssókn og fyrst og fremst að tryggja að flugtiðnin minnki ekki frá því sem er í dag. Takk fyrir.

### **Erna Hauksdóttir, Samtök ferðaþjónustunnar.**

Ráðstefnustjórar, góðir ráðstefnugestir.

Ég vil þakka þeim sem að fluttu erindi hér fyrir hádegið fyrir afar góð erindi. Við stöndum nú frammi fyrir því að Flugleiðir hafa tilkynnt um 20% samdrátt í vetraráætlun. Það fór aðeins um mig og ugglaut um fleiri þegar Steinn Logi sagði frá því að það hefði orðið 400 milljóna króna tap til viðbótar því sem áður hafði verið áformað í september. Ef að greinin horfir fram á viðlíka samdrátt og Flugleiðir eru búnir að skera niður á vetraráætlun þá verður alvarlegt bakslag í íslenskri ferðaþjónustu. Það er áhyggjuefni hversu Bandaríkjamenn vigta þungt, það hefur hingað til verið ánægjuefni hversu Bandaríkjamenn hafa vigtað þungt

yfir vetrartímam hingað en nú er áhyggjuefni ef að þeir ætla að minnka sín ferðalög að marki.

Ég átti sæti í þeirri nefnd sem að komið hefur fram hér sem að var skipuð af ferðamálaráði til þess að koma fram með tillögur um aðgerðir og Steinn Logi ræddi um. Við vorum sammála um það að við ætluðum ekki að horfa upp á það að það yrði 6-7 milljarða króna tap á næstu 6-12 mánuðum ef að ekkert yrði að gert. Það var einróma álit þeirra sem að áttu sæti í þessari nefnd að það væri ekki eftir neinu að bíða með aðgerðir. Við skulum ekki gleyma því að aðgerðir, markaðsaðgerðir, í ljósi þessa ástands sem nú er uppi eru sameiginlegir hagsmunir ríkisins, greinarinnar og almennt íslensks atvinnulífs.

Aðgerðirnar eru í sjálfu sér einfaldar, það er að tryggja leiðakerfi Flugleiða og ásættanlega flugtíðni sem að hefur verið lífæð ferðabjónustunnar. Að snúa vörn í sókn og að um almennar aðgerðar til stuðnings núverandi markaðsaðgerðum sé um að ræða. Ég vil með þessum orðum hvetja öll fyrirtæki í ferðabjónustu til að þjappa sér saman um þá ósk til íslenskra stjórnvalda að aukið fé verði sett til markaðsmála í ljósi þessa ástands til að verja árangur liðinna ára og nýta þau sóknarfæri sem að við getum fundið. Takk.

### **Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnassýslu.**

Ráðstefnustjórar, ráðstefnugestir.

Ásborg Arnþórsdóttir heiti ég og er ferðamálafulltrúi uppsveita Árnassýslu og jafnframt í stjórn Félags Ferðamálafulltrúa á Íslandi. Mig langaði svona aðeins að deila með ykkur að ég er nýkomin af ráðstefnu sem að var haldin í Austurríki og það eru til samtök, Evrópusamtök ferðamálafulltrúa, og okkar íslenska félag var að ganga í þessi samtök og við fórum tvær úr stjórninni á þennan fund og þar var að sjálfsgöðu mikið rætt um þessa atburði. Það sem kom okkur kannski skemmtilega á óvart þarna úti var bjartsýni manna, auðvitað litu þeir þetta alvarlegum augum en samt sem áður voru þeir bjartsýnir og þeir voru þegar búnir að snúa bókum saman og snúa vörn í sókn og ætluðu allir að gera mikið átak í innanlandsmarkaðssetningu. Þeir ætluðu að leggja mikla áherslu sem sagt á innanlandsferðalög í hverju landi og nágretta ferðalög. Við erum náttúrulega í svolítið annarri aðstöðu, við erum ekki með þessa nágretta sem að þeir hafa.

En ég fann líka sterklega fyrir því hvað þeim fannst, eins og kom fram hér í morgun, að Ísland er "inn" og þeim fannst Ísland vera ímynd öryggis og þeir voru alveg sérstaklega bjartsýnir fyrir okkar hönd að þetta gæti hugsanlega orðið til góðs ef eitthvað væri. En eitt að lokum, það var skemmtilegt sem að einn bryddaði upp á, þeir voru mikið að tala um að við yrðum að vinna traust og gera út á öryggið og vera svolítið róleg og að þetta væru svo viðkvæmir tímar. Þeir líktu þessu við það sem væri að gerast í Hollywood að nú væru menn í stað þess að gera stórslysa og stríðsmyndir þá væru þeir svona rólegir og rómantískir, og sögðu að greinin yrði að vera það svolítið líka. Við yrðum að vera svolítið á svona rólegum og rómantískum línunum á næstunni. Takk fyrir.

## **Anna G. Sverrisdóttir, Bláa lónið.**

Ráðstefnustjórar, góðir fundargestir.

Það er ágætt að koma á eftir Ásborgu að tala um tala um rólega og rómantíska ferðamennsku því að það er varla hægt að hugsa sér betra heldur en Bláa lónið sem að ég er svo heppin að starfa hjá í því tilfelli með þetta rólega og rómantíska.

Þar held ég að sé nú t.d. eitt af þeim sóknarfærum sem að við eigum í íslenskri ferðaþjónustu sem að vonandi eiga eftir að koma í ljós og við eigum öll eftir að vinna að því að koma á framfæri og það er heita vatnið okkar og sú orka sem í því býr. Kyrrðin og mannfæðin auk ýmiss annars s.s. eins og menningararfleiðar okkar og bara fegurðarinnar.

En ég vildi ekki láta hjá líða að koma í ræðustól og taka undir þau orð sem að hafa verið sögð um að við þurfum virkilega, allri Íslendingar, það eru ekki bara ferðaþjónustan heldur allir Íslendingar. Við þurfum á því að halda að vera bökkuð upp núna, þetta er grein sem að hefur ekki gert miklar kröfur, hefur kannski verið svolítið sundruð þangað til núna á síðustu tveim til þrem árum þá hefur orðið breyting en við þurfum verulega á stuðningi að halda. En við þurfum náttúrulega sjálf að sýna ábyrgð og ég held að svörin sem að SAF fékk úr skoðanakönnuninni um daginn hafi kannski svolítið mótast af því að við fengum tvo daga til þess að svara henni og þetta eru stór mál. Ætlum við að setja meira í markaðssetningu eða hvernig ætlum við að skipuleggja okkur, við erum ekki tilbúin til þess. En um leið og ég skora á stjórnvöl að taka verulega til hendinni, bakka upp flugið ekki í ríkisstyrkjum endilega það eru ýmsar aðrar leiðir t.d. að koma inn í markaðssetninguna og lendingargjöldin eins og komið hefur fram. En við sjálf, fyrirtækin bæði lítil og stór í ferðaþjónustunni, við verðum að taka þátt líka. Við getum ekki búist að þessir svokölluðu "free riders", fyrirgefið þið að ég sletti, það er ekki víst að þeir lifi endalaust. Þannig að ég skora á ykkur öll að taka þátt í því markaðsátaki gagnvart erlendum mörkuðum sem við þurfum á að halda á næstunni. Takk fyrir.

## **Tómas Ingi Olrich**

Fundarstjóri, góðir fundarmenn.

Ég vil nú sem formaður Ferðamálaráðs þakka fyrir þessa beinskeittu umræðu sem hefur verið hér. Hún tók stuttan tíma en hún var beinskeitt og ég held að í ljósi þess sem sagt var hér áðan þá sé eðlilegt að menn hugi að því að koma fram ályktun á þessum fundi. Ályktunin á að fjalla um það eins og ég skildi þessar umræður hér og mér finnst að menn eigi að leggja áherslu á það að flugið skiptir grundvallarmáli fyrir ferðaþjónustuna en við eigum að leggja áherslu á það að flugið skiptir líka grundvallaratriði fyrir allar aðrar atvinnugreinar í þessu landi. Þannig að okkar hagsmunir af þessu mikla máli eru líka hagsmunir þjóðarinnar og á því byggja menn óskir um að hér verði komið myndarlega að því að styrkja þetta. Við skulum líka minnst þess að eitt af sérkennum ferðaþjónustunnar á Íslandi er einmitt að hér hafa yfirvöld í ferðamálum átt mjög langt og mjög farsælt samstarf við flugfélagið Flugleiðir.

Það er meira en sagt verður víða annarsstaðar. Við höfum langa reynslu af þessu, við kunnum að vinna saman og það verður þess vegna hluti af því sem að býr okkur til styrkleika í þessari erfiðu stöðu.

Þið hafið sjálfsagt flest séð þessa skýrslu um Menningartengda ferðaþjónustu. Skýrslan er nokkuð efnismikil af tveimur ástæðum, annarsvegjar er reynt í þessari skýrslu að ná utan um flókið efni sem heitir menningartengd ferðaþjónusta. Ég held að það megi kannski segja að það hafi ekki verið gerð tilraun til þess áður að ná utan um alla þætti menningartengdrar ferðaþjónustu eins og hún lítur að landinu öllu fyrir en þessi skýrsla hér er samin. Þetta er þó sagt með fullri og mikilli tilfinningu fyrir því hversu margar eyður eru í þessar skýrslu. Af þessum sökum er skýrslan nokkuð efnismikil. Þið sjáið það á efnisuppsetningu skýrslunnar að það er tekið hér fyrir bæði efnislega, svona sérstaða íslenskrar menningar í fortíð, sérstaða íslensks menningararfs og svo sérstaða íslenskrar nútímamenningar. Það er reynt að höndla þetta eða reynt að festa fingur á þessari sérstöðu. Það er einnig farið yfir nokkur sérsvið, væði þessi hefðbundnu sérsvið menningar eins og menningu og listir en einnig önnur svið og þá er sérstaklega fjallað um Reykjavík Menningarborg sem ég vík að hérna á eftir og svo er fjallað um nokkur önnur mjög mikilvæg svið sem flokkast undir menningu þ.e. matargerð og matreiðsla, atvinnumenningu og svo þetta sérstaka fyrirbæri sem hér hefur þróast í 1100 ár sem er samband mannsins og hestsins sem er menningarfyrirbæri ekki síður heldur en íprótt.

Síðan er fjallað um stoðkerfi og grunnþjónustu. Það er fjallað um fjármögnun, þróunaráætlanir, rannsóknir og þróun og upplýsingamiðlun. Síðasti kafli skýrslunnar er svo tilraun til þess að staðsetja menningartengda ferðaþjónustu í heildarstefnumörkun ferðaþjónustunnar. Þannig er þessi skýrsla byggð upp. Þið sjáið hverjir sátu í þessari nefnd, Sigríður Kristjánsdóttir og Dagný Emilsdóttir eru hér á fundinum ásamt mér af þeim sem að í þessari nefnd sátu þannig að það gefst þá tækifæri til þess að tala við okkur þrjú út af þessari skýrslu í heildina.

Nú í þessari skýrslu er svona einskonar leynigestur sem heitir Andri Snær Magnason. Hér er um að ræða ungan rithöfund sem ég snéri mér til og bað að skrifa hugleiðingu um það með hvaða hætti við gætum fest hönd á einhverskonar tákni fyrir íslenska menningu. Og "Leitin að Monu Lísu" er leitin að þessu tákni. Þetta er skrifað í hans eigin stíl, hann fékk algerlega frjálsar hendur um að gera þetta og mín niðurstaða er sú að hann hafi lagt þessari skýrslu mikið til. Hér er í raun og veru ekki bara verið að leita til Andra Snæs Magnasonar til að leysa þarna ákveðinn vanda fyrir skýrsluna og fyrir mig heldur líka verið að mæla með ákveðinni vinnuaðferð. Vinnuaðferðin er þessi að við fáum okkar rithöfunda, skáld og vísindamenn og fræðimenn til þess að hugleiða með okkur og með greininni hver er menningarleg sérstaða Íslendinga.

Við hugsum ekki mikið um þetta, hver menningarleg sérstaða okkar er, en sannleikurinn er sá að við njótum mikillar viðurkenningar á menningarlegri



sérstöðu okkar í raun. Hún er miklu meiri heldur en við gerum okkur grein fyrir. Menningarleg sérstaða menningararfsins stendur fastari og dýpri rótum heldur en við gerum okkur flest grein fyrir. Við þurfum að þróa skilning okkar sjálfra á þessu og nútímamenning okkar er fjölbreytt og svo fjölbreytt í raun og veru og leitar í svo margar áttir að það er kannski nokkuð erfitt að festa hendur á henni og búa henni til eitthvert sérstakt tákn.

Í þessari skýrslu er reynt að sýna fram á hverjir séu helstu styrkleikar íslensks menningarstarfs, bæði í fortíð og nútíð og ég ætla án þess að vitna neitt í þessa skýrslu sérstaklega því þið hafið hana hjá ykkur og getið gluggað í hana eftir því sem þið viljið þá ætla ég að segja ykkur í hverju þessi styrkleikar og þessir veikleikar eru fólgnir að mínu mati.

Það á að koma fram í skýrslunni og það kemur mjög skýrt fram í tillögum nefndarinnar. Það má kannski segja að íslensk menning, bæði í fortíð og nútíð, einkennist af nokkrum sterkum atriðum. Í fyrsta lagi þá býr þessi þjóð yfir miklum menningarlegum metnaði. Þetta er hinsvegar svo sjálfsagður hlutur að mjög margir Íslendingar gera sér ekki grein fyrir því. Þeim finnst sjálfsagður að þessi metnaður sé eins og hann er, þeim finnst þetta ekki vera neitt tiltökumál. En ef þið lítið yfir þetta litla samfélag og berið það saman við álíka stór samfélög úti í heimi, þetta er jú eins og lítil borg út í Frakklandi eða lítil smáborg úti í Bandaríkjunum, þá þarf ekki lengi að skoða málið til að þið áttið ykkur á því að virkni íslenskra smásamfélaga og sveitarfélaga upp á 3000 manns eða jafnvel allt ofan í 300 manns að virkni þessara samfélaga er miklu meiri heldur en nokkurs staðar er hægt að finna annarsstaðar.

Ég hef stundum tekið dæmi um þetta af Raufarhöfn. Raufarhöfn tók upp á því fyrir nokkrum árum að halda upp á 50 ára afmæli sitt og Raufarhöfn bauð í afmæli sitt öðru sveitarfélagi, síðan buðu þeir forseta Íslands að sjálfsögðu og þingmönnum kjördæmisins og svo buðu þeir fulltrúum erlendra ríkja. Það sem gerðist og var athyglisvert að fulltrúar erlendra ríkja þáðu boðið og það sátu í þessari veislu a.m.k. 7 fulltrúar erlendra ríkja, þar á meðal rússneski sendiherrann sem talaði reiprennandi íslensku og tveir menningarfulltrúar og blaðafulltrúar úr franska sendiráðinu. Ég lenti við hliðina á þessum ungu mönnum sem að voru að vinna sitt ár hér á Íslandi og ég sagði við þá, viljið þið nú hlusta vel og gera mér grein fyrir því hvaða áhrif þessi hátíð hefur á ykkur. Og þeir gerðu það samviskusamlega og voru hlýðnir og góðir og gerðu mér grein fyrir þessu á eftir. Þeir sögðu í fyrsta lagi; ef að við ættum sveitarfélag þar sem búa 280 manns og það eigum við. Við eigum mörg slík sveitarfélög þá myndi þeim ekki detta í hug að halda upp á 50 ára afmælið sitt, ekki einu sinni 100 ára afmælið sitt. Þeim myndi síst af öllu detta í hug að bjóða forseta Frakklands í afmælisveisluna. Þeir myndu ekki bjóða þingmönnum og þeir myndu síst af öllu bjóða fulltrúum erlendra ríkja. Það sem vakti athygli þeirra var að þetta litla samfélag hafði metnað til þess að halda þessa veislu og taldi sig hafa eitthvað fram að færa.

Þetta er kannski það sem einkennir einna helst Íslendinga að þeir telja sig hafa eitthvað fram að færa í heiminum og staðreyndin er sú að þeir hafa eitthvað fram að færa af því að þeir trú á það að þeir hafi eitthvað að segja. Ástæðan fyrir því að sérstaða íslenskrar menningar er svo áberandi sem hún er í raun og veru er fyrst og fremst þessi trú, að fólk trúir á sjálft sig hér. Og ef að við ætlum að kynna íslenska menningu þá eigum við að kynna þetta sjálfstraust, þetta sjálfstraust þjóðarinnar sem að kemur allsstaðar fram, þetta kann að virka á ykkur sem framandlegt en það er vegna þess að þið eruð svo full af sjálfstrausti sjálf að ykkur finnst það ekkert vera neitt tiltökumál. Þetta er kannski grundvallaratriði í mínum skilaboðum til ykkar.

En ég ætla líka að leggja áherslu á annað sérkenni íslenskrar menningar en það er sveigjanleikinn. Það er mikill sveigjanleiki í þessu samfélagi og þessi sveigjanleiki hefur í raun og veru nærst og aukist af því að við drögum okkur áhrif úr tveimur áttum, annarsvegar frá Evrópu og hinsvegar frá Ameríku. Það hefur orðið til hér samfélag sem er blandað samfélag evrópskra og amerískra menningaráhrifa. Við tökum að sumu leyti það besta úr báðum áttum. Við erum dálítið fljót að laga okkur að aðstæðum, við t.d. sköpum störf hraðar en gamla Evrópa gerir þó að við gerum það ekki eins hratt og Bandaríkin gera. Við höfum þess vegna ýmislegt af því besta frá Evrópu og sumt af því besta frá Bandaríkjunum og við höfum komið okkur upp miklum sveigjanleika og þessi sveigjanleiki byggist líka á mikilli nýungagirni. Þessi þjóð er ótrúlega nýungagjörn, hún er meira að segja stundum svo nýungagjörn að það gengur fram af manni en nýungagirninn er engu að síður klárlega hluti af styrkleikum þessarar þjóðar.

Þá er líka eitt sem við þurfum að huga að og það er að menningaráhuginn, áhugi þjóðarinnar á menningu og viljinn til þess að taka þátt í menningarviðburðum, sem yfirleitt er þó með þeim hætti að menn greiða með því en fá ekki neitt út úr því fjárhagslega séð þessi áhugi á menningarmálum er ótrúlega mikill hér á landi og hann nær til allra samfélaga. Hann er áberandi mjög áberandi í Reykjavík, það er gífurlegur menningarmetnaður í Reykjavík en hann nær líka út til hinna smæstu samfélaga.

Ég segi hér frá því, og tel það vera dæmi um þennan menningaráhuga, og þá tek ég sem dæmi Ísafjörð sem er í raun mjög táknrænt sveitarfélag að þessu leiti. Þar sem menningaráhuginn og virknin nær mjög djúpt. En á sama tíma og við erum sveigjanleg, nýungagjörn þá erum við líka mjög íhaldssöm. Við erum mjög íhaldssöm á mælikvarða evrópskrar menningar. Íhaldssöm að því leyti til, ég veit ekki hvort þið takið eftir því ég mynnist á það hér í þessari skýrslu, hafið þið opnað DV, lesið þið alltaf DV? Það er nú bara svo að í hér um bil hverju einasta blaði þá er að finna einhver afrek hagræðinga. Í þessu frjálslýnda blaði og svona blaði sem að ábyggilega vill ekki stimpla sig sem mjög íhaldssamt. En það er í hverju einasta blaði einhverjar vísur og þær eru kveðnar eftir hverskonar bragarháttum. Bragarhættirnir eru sumir hverjir 900 ára gamlir, nánast. Þetta er kveðið eftir einhverri forneskju. Og þetta gerum við og höfum

gaman af þessu. Hagyrðingakvöld eru haldin hér og fylla alla sali. Og þetta er eina þjóðin í heiminum sem að gerir þetta, eina þjóðin. En þetta gefur smá innsýn inn í heim sem að er horfinn, inn í samfélag sem að var ábyggilega mjög viðamikl í heiminum og við erum kannski eina þjóðin í heiminum sem að heldur enn þá í leifarnar af þessum sérkennilega menningaráhuga.

Við erum líka mjög íhaldssöm á tungumál og aðrar þjóðir líta nú til okkar, Danir gera það og Frakkar gera það og Þjóðverjar gera það. Þeir líta til okkar sem þjóðar sem hefur leyst á vissan hátt vandamál sem að þeir eiga enn við að etja í sambandi við tungumálið. Þetta er nú kannski styrkleiki okkar. Þetta er mótsagnakennd arfleið, þessir hæfileikar sem að ég hef dregið fram í menningarviðleitni þjóðarinnar eru mjög mótsagnakenndir þessir hæfileikar en þetta er frjór jarðvegur. Hann er hugmyndaríkur, hann er góður fyrir menningu. Við búum þess vegna við afar frjóan jarðveg en það er ekkert endilega auðvelt fyrir okkur að nýta okkur þetta í ferðapjónustunni. Það er ekkert endilega auðvelt.

Vandkvæðin eru margvísleg og eitt af vandamálunum sem ég nefni hér í þessari skýrslu alveg sérstaklega og við þurfum að yfirvinna er það að okkar menningararfleið hefur þá sérstöðu að hún er ekki eins og menningararfleið Grikkja sem er í byggingum og munum. Þeir eiga ógrynni muna og bygginga, Frakkar eiga það líka, sem að hægt er að sýna eða muni sem hægt er að þreifa á. Þetta eigum við ekki, við eigum enga byggingu frá miðöldum. Okkar menningararfleið er fólgin í því að við eigum ótrúlega sérstætt safn af upplýsingum. Og það er erfitt að gera þessar upplýsingar áþreifanlegar og sýnilegar fyrir ferðamenn. Það er ekki ómögulegt og Íslendingar nútímans sem eru mjög uppteknir af tækni og tæknimöguleikum, hugbúnaði og hugbúnaðargerð og upplýsingatækni, þeir geta örugglega lagt þessu verkefni lið þ.e.a.s. að við getum fest betur hendur á þessum menningararfi okkar og kynnt hann betur.

Það er þess vegna hluti af þeim hugmyndum sem við setjum fram í þessari skýrslu að við leiðum saman þá þekkingu sem að þjóðin býr núna yfir í upplýsingatækni og hugbúnaðargerð, leiðum saman þessa þekkingu og þá þekkingu sem er á íslenska menningararfinum og búum til með ýmsum hætti mjög sérstaka og sérstæða kynningu á menningararfinum. Ég er sannfærður um það að ef okkur tekst þetta þá getum við gert hér á Íslandi, þá getum við komið hér á framfæri sérstæðri menningu bæði nútímans og fortíðarinnar með afar sérstökum hætti. Það er að finna í þessari skýrslu röð af tillögum, þær eru í raun og veru mjög margar og það ber að líta á þær sem hugmyndir, þær eru 27 tillögur að verkefnum. Sumar þeirra eru reyndar þannig að það er nauðsynlegt að taka þessar tillögur mjög alvarlega ef að á vera hægt að koma þessum hugmyndum í framkvæmd.

Sögustaðirnir og hugmyndir um þróun þeirra skipta mjög miklu máli og ég hefði litið svo á að það sé óhjákvæmilegt að taka þær alvarlega, taka þær sem beinar

tillögur um verkefni sem að á að ráðast í. Ýmsar aðrar tillögur þarna má líta á sem valkosti. Það er einnig mikilvægt að saman verði steyppt, annarsvegar hugmyndunum um sögustaðina og uppbyggingu þeirra og hinsvegar þróunaráætlunarinnar sem að eru miðaðar við ákveðin landsvæði.

Það er líka ljóst að það er kominn tími til þess að stjórnvöld fari að huga að því með hvaða hætti þau ætli að virkja þann almenna menningaráhuga sem að hér á landi er. Við höfum mjög mörg dæmi um það að einstaklingar og fyrirtæki ráðist í fjárfrek verkefni á sviði menningartengdrar ferðapjónustu sem eru svo fjárfrek að þau í raun og veru ganga afar nærri sér. Ég hef stundum tekið sem dæmi hús sem að verið er að gera upp á Ísafirði og kostar nánast 40 milljónir. Það eru einstaklingar sem að eru að vinna að þessu verkefni og á að tengjast ferðapjónustu. Framlag ríkisins inn í þetta fjárfreka dæmi er sennilega núna á bilinu 5 milljónir. Þetta er ekki gerlegt, menn brenna upp, menn brenna upp áhugann og menn brenna upp fjármunina í verkefnum af þessu tagi á meðan hið opinbera getur ekki lagt þessum verkefnum lið sem eru þó í þágu allrar þjóðarinnar. Þetta eru menningarverkefni og þau eru mörg á Íslandi sem að eru af þessu tagi. Við verðum að taka þetta alvarlega. Við þurfum að búa okkur til verkfæri, sjóði, til þess að styrkja verkefni sem að annarveggar hafa mikið gildi fyrir menninguna en hinsvegar líka fyrir ferðapjónustuna og koma upp í hendur á samgönguráðherra og ferðamálaráðherra, verkfæri til þess að styrkja við þessi verkefni og koma þeim betur í framkvæmd heldur en hingað til.

Við eigum þess vegna bæði að búa til fjárfestingar og vöruþróunarsjóði á sviði menningarmála. Það er gerð hér tillaga um að þessir sjóðir verði 200 milljónir á ári. Ég lít svo á að það sé ekki há upphæð, hún er frekar ef eitthvað er of lág. Hún er sett fram sem svona viðmiðunarupphæð og ég held að hún myndi skipta sköpum ef að farið yrði eftir henni. Það er síðan sett fram líka tillaga um listviðburðaframlag, listviðburðastyrki. Ég hef kynnt mér þá hlið málsins alveg og ég veit að upphæð af þessu tagi sem hér er verið að tala um eða 30 milljónir á ári myndu skipta sköpum fyrir alla þá fjölmörgu einstaklinga sem að nú leggja vinnu sína og fjármuni sína í að bjóða upp á listviðburði en hafa alltof veikan grundvöll til þess að gera það.

Ég vil hvetja ykkur til þess að tjá ykkur um þessa skýrslu og hífa henni ekki. Það eru eflaust mjög margir veikir þættir í þessari skýrslu sem að við þurfum að fjalla um hér og þið getið líka gefið ykkur lengri tíma til þess að fjalla um þetta. Ég vil að þið farið yfir þetta með gagnrýnum huga og lítið á þessa skýrslu sem upphaf. Þetta er upphaf, þetta er ekki endir og þið þurfið að taka þetta verkefni að ykkur og þróa það. Það verður unnið á sviði safnamála, það er hluti af þessu verkefni hér, það þarf að þróa það á ýmsum sviðum. Þið þurfið að líta á þessa skýrslu sem upphaf að einhverju meiru og taka þátt í því að þróa verkefnið í heild.

Ég held að ég hafi þessi inngangsorð ekki fleiri. Ég tel að ef þessum verkefnum hér verður hrint í framkvæmt þá munum við á til þess að gera stuttum tíma, ég

er að tala um þróunartímabil sem gæti staðið í 5 ár eða svo, þá myndi okkur takast að búa til grundvöll sem gerði okkur kleift að byggja ferðapjónustuna á styrkari stoðum en hingað til og fjölga stoðunum og hafa þær tvær, náttúru landsins annarsvegar og meningu þjóðarinnar hinsvegar.

Í lokin ætla ég að segja ykkur það að menningarlegar sérstaða þjóða fer heldur minnkandi. Danir hafa fundið fyrir þessu og þeir hafa skilgreint þetta, þeir hafa fjallað um stöðu sína á sterkasta markaði þeirra sem er Þýskaland og þeir hafa áttað sig á því að staða þeirra þar er að veikjast. Hún er meðal annars að veikjast vegna þess að þeir njóta ekki neinnar menningarlegrar sérstöðu. Eitt er alveg ljóst og það held ég að hafi nú kannski komið mjög skýrt fram í þessu mikla og mjög vel heppnaða verkefni "Reykjavík Menningarborg 2000" að sérstaða og menningarleg sérkenni Íslendinga eru viðurkennd. Það fékkst staðfesting á því í gegnum þetta verkefni. Ég held að þess vegna eigum við ekki við erfiðleika að stríða að þessu leiti. Ég held að sérstaða okkar geti notið viðurkenningar, við þurfum hinsvegar að nota markviss vinnubrögð til þess að vekja áhuga á menningu okkar og ég held að við eigum að líta til "Reykjavíkur Menningarborgar" sem stórs og mikilvægs tilraunaverkefnis á þessu sviði. "Reykjavík Menningarborg 2000" getur sagt okkur mikla sögu, það er raunar búið að rekja þessa sögu að talsverðu leiti í skýrslu sem um þetta verkefni fjallar. Það er farið hér nokkuð ítarlega en þó ekki náðarnærri eins ítarlega eins og í þessari sérstöku skýrslu í þetta verkefni hér í menningartengdu ferðapjónustunni.

Það er ekki rætt sérstaklega um Reykjavík í þessum þróunaráætlunum sem hér eru settar fram af þeirri einföldu ástæðu að Reykjavík er komin lengra heldur en önnur svæði. Reykjavík nýtur þessarar reynslu af "Reykjavík Menningarborg 2000", þar vita menn meira og eru komnir lengra áleiðis, menn hafa haft meiri peninga úr að spila en að mörgu leiti þá vísar "Reykjavík Menningarborg 2000" okkur veginn í þessu stóra verkefni.

Ég ætla þess vegna að hvetja ykkur til að hika ekki við að fjalla um þessa skýrslu á opinskáan og gagnrýnninn hátt. Á þann hátt held ég að hún myndi verða okkur að mestu gagni ef að við lítum á þetta sem upphaf en ekki sem endi og upphaf að einhverju sem að þið getið tekið þátt í að móta. Þakka ykkur fyrir.

### **Jón Jónsson**

Góðan daginn góðir gestir. Ég vil þakka Ferðamálaráði fyrir að hafa boðið mér til þátttöku í þessari pallborðsumræðu í tilefni að þessari nýju skýrslu um menningartengda ferðapjónustu sem að skrifuð er af Tómasi Inga Olrich á vegum samgönguráðuneytisins og nefnd sem að skipuð var í þessum tilgangi.

Skýrslan er að mörgu leiti afskaplega góður umræðugrundvöllur um þetta svið og margt í henni er hrósvert og ýmsar mikilvægar lykilhugmyndir afskaplega góðar. Þannig þykir sjálfsagt fleirum en mér guðspakkar vert að stefnt sé að því

að leggja aukna áherslu á uppbyggingu og markaðssetningu menningarinnar í landinu, menningartengdrar ferðaþjónustu, og þessi hugmynd um að gera hana að annarri meginstöð ferðaþjónustunnar. Það er aldrei gott að standa lengi á einum fæti.

Til þessa þarf auðvitað aukið fjármagn og skýrsluhöfundur er afskaplega meðvitaður um það og hann leggur fram ákveðnar tillögur í þessum efnum. Nú það er kannski rétt að undirstrika að hérna er um heilmikla stefnubreytingu að ræða. Þessi tegund ferðaþjónustu á að fá verulega aukið vægi samkvæmt skýrslunni. Samt má náttúrulega alls ekki líta framhjá því að á síðustu árum og áratugum þá hefur ríkisvaldið, ráðuneyti og fjárlaganefnd alþingis stutt uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu víðsvegar um landið með mjög myndarlegum hætti. Í þeim verkefnum þá hefur ekki síst verið litið til byggðasjónarmiða. Þess að verkefni sem að njóta stuðnings þau eiga að hafa heilmikil áhrif á menningu og mannlíf á því svæði og allt atvinnulífið, ekki bara á ferðaþjónustuna. Þessi stefna sem að hefur verið í styrkúthlutunum ríkisins byggir á hugmyndafræði sem að mínu mati er afskaplega vel ígrunduð.

Það er nefnilega þannig að menningartengd ferðaþjónusta er ekki bara ferðaþjónusta. Hún er líka menning og menningarstarfsemi er eitt af lykilatriðum í þessari samverkandi fléttu sem að gerir búsetu alveg jafnt sem viðkomu og viðdvöl á hverjum stað eftirsóknarverða. Áhrif uppbyggingar menningartengdrar ferðaþjónustu á mannlíf og menningu í hverju héraði hlýtur því að vera ofarlega á blaði þegar verkefnahugmyndir eru bornar saman og metnar. Innbyrðis samkeppni verkefna er af hinu góða. Menningartengd ferðaþjónusta er heldur ekki bara menning og ferðaþjónusta. Hún er líka þjónusta og þar kemur annað lykilatriði í þessu félagslega umhverfi sem að byggðin í landinu er grundvölluð á.

Velheppnuð menningartengd ferðaþjónusta hún er þá þjónusta fyrir heimamenn jafnt sem gesti og reyndar er það hversu vel tekst til að virkja heimamenn til þátttöku í menningarverkefnum ágætis mælikvarði á það hversu vel verkefnið er heppnað. Það er alveg sama hvort að verið er að ræða um hátíðarhöld eða uppákomur eða söfn eða sýningar, það sem er ekki nógu gott fyrir heimamenn á hverjum stað það er ekki heldur nógu gott fyrir ferðafólk. Ég hef litið þannig á að uppbygging þessarar tegundar ferðaþjónustu sem byggir á menningararfinum sérstaklega, en skýrslan er náttúrulega víðtækari og fjallar bæði um listir og ýmiskonar hámenningu, að þessi leið að byggja á menningararfinum og sögu og sérstöðu héraða sé að mörgu leiti leið landsbyggðarinnar í ferðaþjónustunni.

Þessi öflugur menningarverkefni á landsbyggðinni þau séu öðrum verkefnum heppilegri til að auka afþreyingarmöguleikana og um leið að auka gæðin í ferðaþjónustunni á landsbyggðinni yfirleitt. Og það er alveg á hreinu í mínum huga að uppbygging á menningartengdri ferðaþjónustu hefur mest jákvæð áhrif þar sem byggðin er veikust fyrir. Ég þarf ekkert að leita neitt langt yfir skammt

til að finna dæmi til að styðja þetta atriði hjá mér. Sjálfseignarstofnunin Strandagaldur sem að ég er í forsvari fyrir hefur síðustu ár unnið að uppbyggingu á galdrasýningu norður á Ströndum. Afskaplega kostnaðarsöm menningarverkefni og ferðaþjónustuverkefni sem er beinlínis hannað til að hafa sem allramest jákvæð áhrif á ferðaþjónustu, atvinnulíf, mannlíf og búsetu.

Margfeldisáhrifin af þessu framtaki virðast samt vera ennþá meiri heldur en að við stjórnarmenn í stofnuninni höfðum nokkurn tímann ímyndað okkur og þó er uppbyggingin varla tæplega hálfnuð. Um þetta eru bæði sveitarstjórnarmenn og ferðaþjónustuaðilar á svæðinu sammála. Það sama gildir um mörg önnur verkefni í menningartengdri ferðaþjónustu sem að ríkisvaldið hefur verið að styrkja á undanförunum árum, myndarleg verkefni í sveitum sem að oft eiga undir högg að sækja, Vesturfarasetur á Hofsósi, Eiríksstaðabærinn í Dölunum og Síldarminjasafnið á Siglufirði, Snorrastofa í Borgarfirði og Njálusýningin hér á Hvolsvelli svo dæmi séu nefnd.

Þessi verkefni þau hafa svo margar jákvæðar hliðarverkanir þegar vel tekst til að stuðningur ríkisins við þau getur verið ómetanlegur fyrir byggð á þessum svæðum. Í þessu ljósi þá hlýt ég að nefna sérstaklega kafla í skýrslunni um svæðisbundnar þróunaráætlanir á bls. 53. Þar er gerð tillaga um að gerðar verði þróunaráætlanir sem að ná til vel skilgreindra svæða á landinu og í framhaldinu er talað um að landinu verði skipt í vaxtar- og markaðssvæði og þau svæði eru sérstaklega tekin út og nefnd. Ég lít þannig á og ímynda mér að það hafi verið meining skýrsluhöfundar að þessi vinna við skiptingu landsins í þróunarsvæði sé eftir. Að þessar hugmyndir sem að settar séu þarna fram séu tillögur eða hugdettur sem að vinna megi út frá, hér sé umræðugrundvöllurinn lagður.

Ef að þetta er réttur skilningur hjá mér þá er eðlilegt framhald á þessari vinnu kannski það að atvinnuþróunarfélög og ferðamálasamtök í einstökum landshlutum leggist yfir þá vinnu að gera þessa þróunaráætlun fyrir hvern landshluta af því að það liggur mikið við að þessi þróunarvinna sé þannig gerð og byggð upp að hún sé í takt við vilja heimamanna á hverjum stað og sé í takt við þau verkefni sem að verið er að vinna að í héraðinu og eru kannski ekki einu sinni komin á opinbert umræðustig. Þessi áætlun sem að yrði þannig gerð og unnið út frá hún yrði að vera opin. Það er aldrei hægt að gera endanlega áætlun í þessum efnum held ég. Og það þarf að endurskoða hana reglulega því að sjálfsgöðu koma til með að spretta fram nýjar hugmyndir á næstu árum um margvíslega menningarverkefni og þessar verkefnahugmyndir eiga eftir að lenda í innbyrðis samkeppni á hverju svæði þangað til að menn komast að einhverri niðurstöðu um hvaða verkefni sé heppilegast.

Svona þróunaráætlun gæti sem að væri unnin sem sagt í samvinnu heimamanna gæti orðið ómetanlegt hjálpargagn fyrir svona styrktarkerfi eða fyrir ríkisvald og byggðastofnun. Það verður líka að taka tillit til þessarar nýju hugmynda. Maður getur nefnt sem dæmi að í Borgarnesi er núna verið að vinna að hugmynd um Egilsstofu, í Húnaþingi vestra er hafin vinna við Grettistak.

Grettistak er viðamikid menningar- og ferðapjónustuverkefni sem að byggir á Grettissögu. Þegar þessi verkefni verða komin í fullan gang og vinna við þessi tvö verkefni hafin þá bætast kannski við tvö önnur verkefni sem að snúa að Íslendingasögunum. Sjálfsgagt verður eitthvað úr umræðum um að gera Gíslasögu Súrssonar skil á Vestfjörðum og þá er nú stóru mennirnir Hrafnkell Freysgoði eftir fyrir austan og þá er kominn mjög áhugaverður söguhringur á þessu sviði.

Svona áætlanir, menningararfurinn er ekki föst stærð og svona áætlun má heldur ekki verða föst stærð. Hann er síbreytilegur og hugmyndir okkar og umheimsins um þennan menningararf koma til með að breytast í framtíðinni þannig að við getum aldrei ákveðið í eitt skipti fyrir öll hvað við eigum að gera. En það er samfæring mín að það sem eigi að stjórna þessu sé annarsvegar þessi sjónarmið um byggðamál og atvinnumál og gæði ferðapjónustunnar og hinsvegar það að það sé á bak við hvert verkefni hópur harðsnúinna og áhugasamra heimamanna sem ætli að fylgja verkefninu sínu eftir fram í rauðan dauðann. Slík verkefni eiga opinberir aðilar að kappkosta að styðja við. Takk fyrir.

### **Einar Bollason**

Ráðstefnustjórar, góðir félagar. Nú ég vil náttúrulega fagna skýrslunni og þakka nefndinni fyrir vel unnin störf. Ég var nú svo heppinn að fá þessa skýrslu aðeins á undan mörgum ykkar herna þannig að mér gafst kannski betri tími til að glugga í hana þó að mér á sumum sviðum líði nú eins og svona skólastrák sem að gleymdi að lesa nógu vel heima.

En ég ætla nú að hlaupa hér á nokkrum köflum í þessu. Að sjálfsgöðu dvaldi ég lengsti við kafla 5.5 þó það nú væri. Þar er mér málið mjög skylt. Þar sem að Íslenski hesturinn er auðvitað svo samtvinnuður okkar menningu að engin ástæða er að slíta það í sundur. Eins og ég get nú oft verið leiðinlegur og gangrýninn þá verð ég nú bara að segja það að þó að ég hafi reynt á allan hátt að finna þessum kafla eitthvað til foráttu þá var það bara ekki nokkur leið. Ég hef bara engu við þann kafla að bæta. Aldeilis frábær framsetning sem að þarna kemur fram og ég er mjög sáttur við lokaorðin í þeim kafla þar sem að Skagfirðingum, sem að sjálfsgöðu eru allra manna skemmtilegastir, og ekki Hólaskóla er vel treystandi fyrir þessu verkefni. Þannig að ég er mjög sáttur við það.

Ég vil þó, svo ég víki nú aðeins út úr þessum kafla það er engin ástæða til að dvelja við eitthvað sem að maður er svona rosalega ánægður með því að Tómas bað nú um ábendingar og svona, biðja fólk að fletta upp á þar sem talað er um að skilgreina ákveðin svæði á landinu og margir mjög góðir punktar í því, á bls. 53. Þar er gerð tilraun til að skipta landinu upp í ákveðin svæði og það var það eina sem að ég set smá spurningarmerki við að það er nú svo með okkur Íslendinga að þó að þetta sé sett upp að sjálfsgöðu sem leiðbeinandi hlutur þá getur það kannski virkað of mikið sem fastmótaðar tillögur og t.d. mætti þá



Hvolhreppingar alls ekki fara á hestbak ef að menn tækju þetta svona mjög svo nákvæmlega. Þetta er náttúrulega grín.

Ég vil þó vara við svona einum of fastmótuðum skilgreiningum á svæðum heldur hafa það svona aðeins opnara. Það er auðvitað mjög mikið verk framundan hjá ekki nefndinni heldur okkur öllum að skilgreina hugtakið "menningartengd ferðaþjónusta". Ekki síst verður það mikið verk að fá aðila í ferðaþjónustunni til þess að staðsetja sig innan þessarar skilgreiningar og skilja hvað í raun að baki liggur. Ég held nefnilega að jafnvel finnist fólk hér inni sem að er hugsanlega að setja sig inn í þessi mál í fyrsta sinn og margir sjálfsagt utan þessa staðar og finnist líka það fólk hérna sem að hefur kannski ekki einu sinni hugleitt hugtakið en er kannski í mörg ár búið að vinna mjög svo ötullega að menningartengdri ferðaþjónustu.

Ég get bara nefnt ykkur sem dæmi að í mínu fyrirtæki, Íshestum, sem hefur um árabíl skipulagt hestaferðir um land allt er unnið í mjög miklu samstarfi við aðila út um allt land sem eru okkar verktakar. Framkvæmd hestaferða er nú einu sinni þannig að hún er svo samofin okkar menningu að kvöldvökur eru þar auðvitað alltaf og þar skipar sagan auðvitað stærstan sessinn. Ef að þeim þætti er ekki sinnt sem skildi þá er þar alveg kvörtun um leið því að kannski erum við með mikið af t.d. Þjóðverjar skipa stóran hlut hjá okkur og þeir koma geysilega undirbúnir til landsins og vellesnir. Það fundum við á fyrstu árum okkar fyrir tæpum 20 árum að maður var hvað eftir annað settur á gat og þeir tímar eru löngu liðnir þegar Flosi Ólafsson vinur okkar fór með útlendinga milli Laugarvatns og Geysis og öll Íslandssagan fór fram á þessu litla svæði. Þetta er nú ekki gert til að kasta neinni rýrð á Flosa, hann sagði mér þetta svona sjálfur að allir fóru ánægðir heim.

Núna eru einfaldlega okkar farþegar bara svo miklu betur upplýstir. Nú t.d. get ég nefnt ykkur dæmi um að ein af okkar vinsælustu ferðum er á svæðinu fyrir norðan Vatnajökul þ.e. okkar Egilsstaðaferð upp á Vesturöræfi og þar um. Hún er svo samofin Hrafnkelssögu að sjálf sögðu því að við ríðum yfir Fljótsdalsheiðina og í Aðalból að það er sett upp svo mikil fíla áður en lagt er af stað ef að allir hafa ekki keypt sér Hrafnkelssögu áður en lagt er af stað að það eiginlega þorir enginn annað en að gera það þegar lent er á Egilsstöðum.

Þar er þetta mjög vel samofið. Nú ég held að það liggi náttúrulega fyrir mjög verðugt framtak og það þarf auðvitað að styrkja heimamenn, bæði sem að starfa fyrir okkur og fyrir aðra til þess að standa betur að málum. Það er margt sem að þyrfti að fara betur þannig að ég fagna þessu alveg geysilega. Ég get nefnt að lokum tvö dæmi þar sem að hugmyndir streyma inn til okkar og annarra. Það hafa komið upp óskir um að setja upp ferðir í tengslum við ákveðnar sögur og kvæði t.d. að setja upp ferð í kringum Skúlaskeið. Ég hef nú ekki enn treyst mér til að fara alveg út í það mál en einn af okkar samstarfs- og samkeppnisaðilum Hestasport í Skagafirði er t.d. núna á næsta ári að hleypa af

stokkunum ferð sem að er svo samofin Njálssögu að það er nánast ekki hægt annað en að dáðst að þeim undirbúningi og þeirri vinnu sem þar fer fram.

Ég held ég láti þetta nægja að sinni en ítreka þakkir mínar til nefndarinnar og vonast auðvitað til þess við betri lestur á skýrslunni að ég geti fundið eitthvað aðeins meira. Takk fyrir.

### **Arnar Már Ólafsson**

Ráðstefnustjórar, góðir ráðstefnugestir.

Líkt og aðrir við þetta borð hafði þau forréttindi að lesa þessa skýrslu áður en ég kom hingað og ég vil þakka nefndinni fyrir vel unnin störf. Mér finnst þetta mjög yfirgripsmikið verk. Það vakti athygli mína skilgreining nefndarinnar á menningu þar sem um torskilið hugtak er að ræða. Mannfræðingar hafa nú í 200 ár verið að reyna að skilgreina þetta hugtak og ég held að skilgreiningarnar séu álíka ólíkar og þær eru margar en hér er íslensk menning skilgreind mjög vítt og mér fannst hafa tekist vel til með það.

Það sem að vakti sérstaklega athygli mína í þessu, og þá í ljósi þeirrar stofnunar sem að ég starfa fyrir, þá skoðaði ég það sem lagt er til varðandi stoðkerfið og grunnþjónustu og þá sérstaklega rannsóknir og þróunarstarf. Ef að þessar tillögur ná fram að ganga þá erum við að tala um gjörbreytt landslag í þessum málum. Við höfum verið að reyna að sinna rannsóknum núna undanfarin ár og haft mjög lítið fjármagn til þessa en eins og ég segi ef að þetta gengur eftir þar sem hér er lagt til þá getum farið að sinna þeim verkefnum sem að við höfum haft áhuga á að vinna með mun meiri krafti en hingað til.

En það er tvennt, eftir að hafa lesið þessa skýrslu, sem að ég svona velti fyrir mér án þess að fara ofan í smáatriði í skýrslunni neitt sérstaklega því við getum öll lesið hana yfir. Það er í fyrsta lagi hugleiðingin í lok skýrslunnar um "Leitina að Mónu Lísu" þar sem að Andri Snær Magnason sem er ungur rithöfundur er að leita að hinni íslensku Mónu Lísu eða því tákni sem að gæti staðið fyrir íslenska menningarferðþjónustu. Hann kemst að þeirri niðurstöðu og rökstyður sitt mál vel að Konungsbók Eddukvæða ætti að vera þessi minnisvarði.

Nú vil ég alls ekki varpa skugga á þetta merkilega rit en ég velti því fyrir mér hvort, og beiti þá fyrir mér lögmálum markaðsfræðinnar, hvort við þurfum ekki að skoða baklandið mun betur áður en við komumst að svona niðurstöðu vegna þess að nefndin tekur undir þetta sjónarmið Andra og gerir það að tillögu sinni. Þurfum við ekki að skoða okkar markhópa, t.d. þeirra þarfir og væntingar, hvaða hugmyndir þeir hafa um íslenska menningu o.fl. og taka síðan ákvörðun um þessi mál? Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt atriði. Ég er ekki viss um að niðurstaðan yrði sú sama og hér er lagt til.

Í öðru lagi er hugleiðing sem að mig langar að varpa fram. Ferðalög hafa löngum þótt vera leið til þess að vinna bug á menningarlegum hindrunum. Þau færa þjóðir nær hvor annarri og auka umburðarlyndi gagnvart framandi

menningarheimum o.fl. Þetta kannski hljómar skringilega í ljósi undangenginna atburða en Evrópusambandi setur þessi atriði er m.a. sett fram sem rökstuðning fyrir áherslu á ferðaþjónustu og uppbyggingu greinarinnar innan sambandsins. Það má færa líka rök fyrir því að ferðaþjónustan stuðli að varðveislu menningar, kennileita og menningareinkenna. Hún gefi menningunni nýtt líf sem að hugsanlega hefði glatast ef að ferðamenn hefðu ekki áhuga á að skoða hana. En í þessu sambandi finnst mér athyglisvert að skoða að fræðimenn eru oftast en ekki ósammála í þessu. og þeir segja að ferðalög og ferðamennska oftast en ekki grafi undan menningareinkennum svæða og þjóða. Þetta eru stór orð en það má færa rök fyrir þessu.

Mike Robinson fjallar t.d. um þetta í nýlegri grein sinni í fréttariti UNESCO og fjallar um þetta ferli þegar við erum að gera menningu að söluvöru og fullnægjum þar með þörfum ferðamannanna og það að með tímanum geti hún glatað sínu gildi. Ég hefði haft gaman af því að sjá í skýrslunni vangaveltur um þessi neikvæðu áhrif sem ferðamennska getur haft á menningu, sérstaklega vegna þess að íslensk menning er mjög viðkvæm auðlind.

Það er ekki bara umhverfið sem er viðkvæmt heldur er menningin okkar það líka. Tómas Ingi nefndi hérna áðan að íslensk menning er að stórum hluta ósýnileg og við þurfum að gera hana sýnilega og við þurfum að matreiða hana og pakka henni inn til að gera hana sýnilega og hvernig við gerum það skiptir mjög miklu máli. Sérstaklega ef við ætlum að halda upprunaleika þess sem við erum að bjóða. Takk fyrir.

### **Svanhildur Konráðsdóttir**

Ráðstefnustjórar, ágætu ráðstefnugestir. Ég er hér sem fyrrverandi kynningarstjóri "Reykjavík Menningarborg 2000" og Tómas Ingi nefndi nú eitt og annað sem að kemur einmitt fram í þessari skýrslu og tengist menningarborginni og ég held nú reyndar að mörg okkar hafi setið fundi saman áður vegna þess að menningarborgin lagði mjög mikla áherslu á samvinnu við ferðaþjónustuna.

Ég ætla nú að byrja á því eins og kollegar mínir hafa gert hér að fagna útkomu þessarar skýrslu. Þetta er nú eins og tónlist í mínum eyrum sem hef verið að syngja þennan söng síðastliðin 3 ár þ.e. að vekja athygli á mikilvægi menningar fyrir ferðaþjónustuna. Menningarborgin var stærsta verkefni á sviði menningar sem að hefur verið unnið hér á Íslandi og alveg frá upphafi þá lögðum við gríðarlega mikla áherslu á góða samvinnu við ferðaþjónustuna. Þetta gekk nú ekkert kannski átakalaust fyrir sig og Tómas Ingi nefndi hér í sínu máli að við værum full sjálfstrausts og við værum svo örugg um ágæti eigin menningar að við jafnvel áttuðum okkur ekki á því hvað hún væri mikils virði og hvað við gætum gert mikið með hana.

Það var nú reyndar ekki okkar reynsla til að byrja með. Þegar við vorum að vekja athygli ferðaþjónustunnar á þessum möguleikum þá komum við nú svona

framan af að lokuðum dyrum svolítið. Menn voru mjög tortryggir á það að hægt væri að nota íslenska menningu til þess að selja landið, til þess að auka áhuga manna á Íslandi. Menn voru enn dálítið fastir í fjöllum og fossum og þar að auki var auðvitað "Menningarborgin" eðli málsins samkvæmt bundin talsvert við Reykjavík og menn voru svolítið á því líka að Reykjavík væri í besta falli áfangastaður eða viðkomustaður á leiðinni út á land. Eg held að reynslan hafi sannað að þetta reyndist ekki vera rétt og eftir því sem að verkefninu vatt fram og við héldum fleiri fundi og jukum á skilning á milli þessa tveggja geira þ.e. menningarlífs annarsvegar og ferðaþjónustunnar hinsvegar þá fór þetta að skila ótvíræðum árangri.

Það er kannski það sem að við stóðum frammi fyrir í að markaðssetja Reykjavík og að markaðssetja þar með íslenska menningu erlendis var að það voru ýmsar hindranir í veginum. Það er getið um þær í þessari skýrslu um menningartengda ferðaþjónustu sem að er að nokkru leyti unnin upp úr okkar skýrslu en eitt af því var einmitt trúverðugleiki. Við ákváðum t.d. ekki að leggja höfuðáherslu á menningararfinn sem hefur verið svo títtnefndur hér. Menningararfnum eru gerð mjög góð skil hér í skýrslunni um ferðaþjónustuna og koma fram mjög margar fínar hugmyndir um það hvernig megi nýta hann en ég vil vara við því að menn einblíni um of á menningararfinn. Menningarborgin gerði fyrst og fremst út á nútímamenningu, út á lifandi menningu dagsins í dag og við vorum ekki í neinum vandræðum með að koma henni á framfæri. Hún var mjög sýnileg, hún var ekki ósýnileg á nokkurn máta.

Við nýttum okkur það sem mætti kannski kalla veikleika, við nýttum okkur það að vera ekki vel þekkt vörumerki. Við reyndum að snúa því okkur í hag, þ.e.a.s. þetta er ekki eitthvað útþvælt, ekki eitthvað sem að menn hafa heyrt hundrað sinnum áður heldur er þetta eitthvað nýtt. Það er einhver nýsköpun í gangi og það er kannski ákveðið lykilorð hérna. Tómas í sínu máli fór einmitt í gegnum ákveðin einkenni á íslenskri menningu. Ég held að nýsköpun sé lykilorð sem að menn mega ekki gleyma og nýsköpun versus arfurinn, þetta eru andstæður og við eigum að nýta okkur þessar andstæður sem að felast í menningunni.

Ég held svona til að koma með einhverja ákveðna hluti sem að við lærðum af þessari reynslu menningarborgarinnar þá er það lykilatíði að eyða þessari tortryggni sem að hefur ríkt á milli aðila í ferðaþjónustu og þeirra sem að skipuleggja menningarviðburði. Það er ákveðinn skortur á skilningi, aðilar í ferðaþjónustu segja "Menningarfólkið er aldrei búið að ákveða sig, það er ekkert öruggt, það eru engar dagsetningar komnar o.s.frv." Menningarfólkið á móti segir, og tekur hugsanlega undir það viðhorf sem að kom hér fram áðan að þetta er ekki eitthvað sem að við viljum selja. Við viljum ekki menga menninguna með einhverjum hætti. Bæði þessi viðhorf eru úrelt og röng og það er hægt að eyða þessum hindrunum með því að hreinlega skapa umræðugrundvöll og það er mjög mikilvægt að í framhaldi af þessari skýrslu þá verði áframhald á þeim samræðum sem að hafa átt sér stað í tengslum við menningarborgina.

Því miður, og það er nú kannski það sem að ég vil gagnrýna hvað mest, þá hefur ekki orðið þetta framhald. Það er ekki þessi samfella sem að við vorum að vonast til þess að yrði í framhaldi af "Reykjavík Menningarborg 2000" hún hefur því miður ekki verið til staðar. Og þetta á bæði við um Reykjavíkurborg og að mínu mati líka ríkið og þær stofnanir sem að tengjast því, þar til þá hugsanlega að þessi skýrsla kemur út. Það er vonandi að í framhaldi af henni þá fari menn að, og ég vil taka svo stórt upp í mig að segja að menn hysji upp um sig buxurnar og haldi áfram að vinna á þessum grunni sem að búið er að leggja. Þessum grunni sem að búið er að eyða í nánast þúsund milljónum má segja, Menningarborg, Landafundaverkefni, Kristnihátíð.

Ég ætla að gera ykkur tvö dæmi um það sem ég er að tala um. Reykjavíkurborg stóð að útgáfu sérrits sem að kom með tímaritinu Iceland Review síðastliðið ár og það gerist árlega eins og þið þekkið. Með einhverjum ótrúlegum hætti tókst mönnum að gefa þetta sérrit út án þess að geta þess einu orði að Reykjavík hefði verið valin Menningarborg Evrópu og hefði borið þann titil árið áruð. Allt þetta starf, allt þetta fjármagn, þessi reynsla, það var eins og hún hefði aldrei átt sér stað og aldrei orðið til.

Annað dæmi sem að tengist Landafundaverkefninu sem gekk gríðarlega vel vestan hafs. Enn þann dag í dag er ekkert kynningarefni til sem að byggir á því verkefni. Mjög fjölsótt sýning, Víkingasýningin frá Smithsonian safninu er nú á ferð um Bandaríkin. Norðmenn eru þar með fullar hillur af kynningarefni um það að Leifur Eiríksson hafi verið Norðmaður held ég o.s.frv. Íslendingar eru ekki með neitt. Og ég veit að framkvæmdastjóri Landafundanefndar hefur á umliðnum mánuðum gengið hús úr húsi til að reyna að verða sér úti um fjármagn og fá fram vilja manna til þess að halda áfram til að búa til þessa samfellu en það hefur ekki gerst.

Halda menn virkilega að það sé hægt að kynna í eitt skipti fyrir öll hluti. Þetta er svona sá lærdómur sem að ég held að sé mjög rík ástæða til þess að hafa í huga og vonandi í framhaldi af útgáfu þessarar skýrslu þá fara menn að huga að þessu aftur. Það er betra seint en aldrei. Takk fyrir.

### **Tómas Þór Tómasson**

Ágætu ráðstefnugestir. Það liggur við að maður geti svona samsamað sig með því sem þegar hefur verið sagt. Maður fer svona að leita að einhverjum punktum sem að eru ósagðir. Ég vil í fyrsta lagi taka undir með þeim að mér kom þessi skýrsla sannarlega ánægjulega á óvart eftir að hafa lesið hana og ígrundað hana aðeins. Mér finnst að nefndin hafi komist ótrúlega langt miðað við hversu teygjanlegt og óraunverulegt þetta hugtak ennþá er. Mér finnst þessi skilgreining sem að einmitt tekur þessa víðu mynd hafa einmitt náð að breiða sig yfir allt það sem að við getum kannski sett undir þessa reglu sem að er menningartengd ferðapjónusta. Mér finnst einnig að hún hafi líka haft fókus á þessi mál út frá ferðapjónustunni þannig að þarna er tæpt á mjög mörgu, bæði

hugmyndir og menn hafa síðan lagt finnst mér mikla vinnu í grunnhugsunina og það sem meira er að þeir koma henni vel frá sér.

Það sem mér finnst kannski standa upp úr er það að þarna er verið að leggja til grundvallarbreytingu á því hvernig á að kynna Ísland sem ferðamannaland og það er talað um það sem sagt að við höfum í rauninni verið með umfjöllun um fossana eins og talað var um eða náttúruna eins og eina stóra eik en nú á að setja aðra eik við hliðina og þær eiga að vera samkvæmt þessari skilgreiningu jafn réttháar þannig að það er bæði menningartengd áhersla og eins á náttúruna.

Það kemur líka glögglega í ljós, án þess að ég ætli að fara að fjalla um menninguna sem slíka, að það er gríðarlega mikil menning í landinu getum við sagt. Það er mikið að gerast og Tómas fór yfir það áðan og kannski miklu meiri heldur en við gerum okkur grein fyrir. Á sama hátt upplifir maður þetta gat á milli ferðaþjónustunnar og menningarinnar. Menn tala að því er virðist vera dálítið sitt hvort tungumálið í þessu og það er erfitt kannski að nálgast þetta en hinsvegar er það alveg hægt en það kostar kannski önnur vinnubrögð og einmitt kemur fram hér tillaga í þessari skýrslu um hvernig ætti að gera það og ég held að það sé eitt af þessum skrefum sem að við ættum að stíga sem allra fyrst þ.e. að koma á einhverri tengingu þó að ekki væri nema ein manneskja einhversstaðar sem að myndi þá byrja á að byggja einhverskonar brú.

Nú jafnframt vildi ég líka vekja athygli á því að það er kannski sitt hvað þessi menningararfur sem er sagan sem að við tölum um og þá yfirleitt gullaldarskeiðið okkar fyrir nokkur hundruð árum og síðan er kannski annar handleggur það sem er að gerast í dag. Vissulega og ég tek alveg undir það með Svanhildi að menningin í dag er mjög sýnileg, hún er mjög virk, og þetta er pottur sem er fullur af andstæðum og hann er fullur af framtaki þar sem menn fara oft fram úr sér og hugurinn ber þá hálfu leið og svo reyna menn að fylla upp í peningadósina seinna. Þetta eru gríðarleg verðmæti sem að við höfum og þau eru til staðar og þau eru alveg örugglega eitthvað sem að við getum selt ef við köllum það því nafni. Þetta er örugglega merkilegur hlutur sem að fólk vill koma upplifa og verða þannig þátttakendur í ferðaþjónustunni.

En á sama hátt þá er sagan okkar ósýnileg, þ.e. við eigum handritin og eins og skýrt kemur fram þá er nú hægara sagt en gert að nálgast þau og fá að líta þessa dýrgripa augum. Það er einmitt verkefni sem að við höfum því að þar liggur mikill auður, ónýtt tækifæri, og það er einmitt okkar verk að gera þennan arf og þessa sögu sýnilega. Þar er velt upp ýmsum hugmyndum og ekki síst í greininni hans Andra Snæs sem að heitir "Leitin að Mónu Lísu" sem að mér finnst vera að mörgu leyti brilliant. Ég hvet ykkur eindregið til að lesa hana því að hann kemur að þessu kannski frá öðru sjónarhorni heldur en við erum vön að líta hlutina. En hann er akkúrat að leita að því sem alla markaðsmenn dreymir um, hvernig getum við gert eitthvað sýnilegt sem að er í sjálfu sér óáþreifanlegt. Hann meira að segja finnur þetta tákni og mér þótti nú dálítið

gaman að velta því upp af hverju í ósköpunum við tökum ekki Björk og gerum hana að táknuinu okkar sem að þekkt er um alla veröld eins og er. En það er önnur saga.

Lokapunkturinn minn er sá að það sem að ég hef mestar áhyggjur af er að þegar skýrslunni er lokið og hún er komin út að þá gerist ekki neitt. Ég vil fyrir alla muni að það verði ekki þannig að hver eigi að fara að lesa þessa skýrslu og hugsa hana í botn o.s.frv. Svo eftir 3 ár förum við í gegnum þetta aftur og tökum hana upp aftur og endurskoðum skýrsluna heldur legg ég áherslu á að það verði farið í einhverskonar ferli sem að tryggir það að það verði framhald á þessari vinnu. Það er búið að leggja mikla vinnu í grunnhugsunina, auðvitað má deila um það og ávöxturinn mismunandi, en við skulum ekki láta tækifærið framhjá okkur fara án þess að það gerist eitthvað. Óskastaðan mín er sú að það verði búið til eitthvað ferli ekki síðar en mjög fljótlega þannig að framhaldið komist áfram. Það er fullt af punktum hérna sem að þarf í rauninni ekki mikið til að setja í að framkvæma, það kostar ekki mikla peninga en það held ég að geti fleytt okkur vel áfram. Takk fyrir.

## **Guðrún Helgadóttir**

***Glærur (29,0 KB)***

Ég fagna því að þessi skýrsla var unnin því hún mun vissulega verða ágætur umræðugrundvöllur eins og hefur komið hér fram. Þessi umræða er þegar hafin hér við pallborðið sem að er mjög skemmtileg byrjun.

Það er margt sem ég vil taka undir sem að fram hefur komið, t.d. orð Arnars um nauðsyn þess að skoða menningu og tengsl menningar og ferðaþjónustu fræðilega og gagnrýnið, þ.e. huga að því að þetta samband hefur bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Fræðimenn og listafólk héraendis hefur verið að gera þetta á undanförunum árum á mjög athyglisverðan hátt og til dæmis má nefna Reykjavíkur akademiuna og reyndar höfum við notið góðs af samstarfi við ýmsa aðila við ferðaþjónustubrautina á Hólum. Þar vorum við t.d. í fyrra með smá námskeið sem hét "Hugmyndin um Ísland" sem var tilraun til þess að kryfja þetta samband menningar og ferðaþjónustu.

Mín umfjöllun um skýrsluna mun fyrst og fremst snúast um tillögurnar nefndarinnar. Meginmálið er mjög skemmtilegt innlegg og fróðlegt í umræðuna um menningararfinn og vekur okkur til umhugsunar um það að á hverjum tíma er einhver söguskoðun uppi fremur en önnur. Við skoðum sögu okkar og menningararf út frá ákveðnum sjónarhóli, út frá hugmyndum samtíma okkar og út frá því hvaðan við komum. Það eina sem ég svo sem vildi leggja inn í þessa umræðu í dag, og þetta er náttúrulega umræða sem að er miklu, miklu víðtækari en við höfum tök á að sinna hér, er að út frá mínum bæjardyrum séð er fullmikið úr því gert að menningararfur Íslendinga sé ósýnilegur. Við höfum okkar menningarlandslag, við eigum okkar menningarmínjar. Þó við séum ung þjóð í okkar landi miðað við aðrar þjóðir þá er það mýta að íslenskur

menningararfur sé ósýnilegur. Við erum ekki nærri því jafn myndsnauð þjóð og oft er látið í veðri vaka.

En svo við snúum okkur að því sem að ég vil vekja mesta athygli á í skýrslunni að þá vil ég ítreka það að menningarstarfið er sá jarðvegur sem að við ætlum að nota í samhenginu menningartengd ferðaþjónusta eða menningarferðaþjónusta. Það er líf og starf þjóðarinnar meðal annars listiðkun og listsköpun og fræðaiðkun sem eru þessi menningarverðmæti sem að ferðaþjónustan nýtir og með aukinni áherslu á rannsóknir og nýsköpun á sviði menningar þá stækkar þessi sjóður sem að við getum sótt í.

Það er sérstakt fagnaðarefni hvað mikil áhersla er lögð á að þetta er langtíma ferli þar sem að mikil undirbúningsvinna liggur að baki. Þetta er ferli rannsókna, vörubrúnar og uppbyggingar á þeim grundvelli. Þetta finnst mér vera langmikilvægustu skilaboðin í skýrslunni.

Varðandi framtíðarsýnina þá held ég að við getum verið sammála um það að það sem að við viljum sjá er að ferðamenn og heimamenn eigi kost á fjölskrúðugu og góðu framboði sem að endurspeglar íslenska menningu eins og segir á bls. 8 "kynningarstarf og þróun menningartengdrar ferðaþjónustu verður að virða þessa deiglu þ.e. íslenska menningu og kynna íslenska nútímameningu eins og hún er". Þetta er mikið lyklatríði og á líka við um úrvinnslu okkar á menningararfinum. Úrvinnslan á fortíðinni, hugmyndir okkar um söguna og arfleiðina eru hluti af þessari deiglu sem nútímamening okkar er. Við megum alls ekki festast í því að fara að gefa einhverjar staðalmyndir. Saga okkar og fortíð er enn til umræðu. Við erum enn að spekulera í því hvort að Hallgerður hafi virkilega verið kvenskass eða hvort að það hafi bara verið einhver karlremba sem að skrifaði Njálu. Þetta er enn til umræðu.

Við viljum veita aðgang að menningu okkar sem þjóðar, það er menningunni sem við erum hluti af, ekki einhverri sérstakri túristameningu og það held ég að sé stærsta hættan í allri menningarferðaþjónustu. Það eru túristagildrurnar; menningarframboð fyrir ferðamenn sem er ekki hluti af almennu menningarlífi viðkomandi þjóðar.

Mig langar til að taka aðeins undir það sem að Einar var að segja um hestaferðirnar og menninguna, það er kannski dæmi um áhrif rannsókna, að ég er svo heppin að vera verkefnisstjóri í verkefni sem að heitir "Gæði í hestatengdri ferðaþjónustu", við erum að vinna úr viðtölum sem sannfæra mig um að þarna sé um dæmigerða menningarferðaþjónustu að ræða. Það er ekki bara á þeim forsendum að landið og sagan sé mikilvæg, heldur vegna þess að í hestaferðinni ertu að bjóða gestinum þátttöku í dæmigerðu íslensku menningarathæfi þ.e.a.s. þú ert að bjóða gestinum þátttöku og viðkynningu við ákveðna hefð. Það eru hefðir í sambandi við samspil manns og hests á Íslandi, þarna er hefð fyrir ferðamáta sem að enn í dag nýtur vinsælda og er stundaður



af þjóðinni sjálfri. Þetta held ég að sé dæmi um að við megum ekki alltaf vera að aðskilja menningu fyrir ferðamenn og okkar eigin menningu.

Og í sambandi við þessa framtíðarsýn þá langar mig til þess að vekja athygli á gæðunum. Við verðum alveg í upphafi þessa ferlis, þessa uppbyggingarferlis, að fara að huga að viðurkenningum fyrir gæðastarf - að eitthvað þurfi til að fá að skreyta sig með tákni íslenskrar menningar.

Það eru þrír punktar sem að mig langar aðeins til þess að vekja ykkur til umhugsunar um og kannski í sumum tilfellum að setja spurningarmerki við. Í fyrsta lagi þá kemur nú fram á bls. 8 atriði sem að við, sem að störfuðum samstarfshóp um eflingu menningarstarfs á landsbyggðinni og gaf út skýrslu í október 2000, heyrðum oft. Þetta að arðsemin kemur ekki alltaf fram þar sem að kostnaðurinn verður. Þar stendur kannski svolítið hnífurinn í kúnni í samskiptum ferðaþjónustu og menningargeira að menn þurfa að deila ábyrgðinni og jafnt gróða sem kostnaði. Þetta er líka ákveðið lykilatriði í því að ef við ætlum að virkja sérfræðipækkingu í þágu ferðaþjónustunnar mun það verða til þess að einhverskonar samstarf og samvinna verður og þá jafnframt sameiginlegur kostnaður.

Varðandi svæði og þróunaráætlanir þá held ég að við verðum að stoppa aðeins við áður en að við förum að skilgreina svæði. Við þurfum í fyrsta lagi að spyrja okkur hver skilgreinir svæði og í öðru lagi að þá er það jú þekkt í allri umræðu um byggðamál og reyndar fræðilegt vandamál; hvað er það sem að skilgreining svæðis byggist á. Svæðin skarast, menningarsvæði er afskaplega teygjanlegt hugtak og þarna verð ég að taka undir með Jóni Jónssyni að þarna er það auðvitað frumkvæði fólksins sem að kemur til með að vinna þessa vinnu sem að við köllum menningartengda ferðaþjónustu sem að skiptir langmestu máli.

Ég vil minna á að það er ekki alltaf bara sérstaðan sem að skiptir máli. Það eru líka ákveðin sameiginleg einkenni og sameiginlegir þræðir sem að liggja um allt Ísland sem að við ættum að byggja á. Jón benti hér á áðan söguslóðirnar, slóðir Íslendingasagna sem að raunverulega er hægt að rekja um allt Ísland. Annað dæmi eru t.d. sjóminjasöfnin og ýmis fleiri sérsöfn um búnaðarhætti og atvinnuhætti okkar fyrr á tímum. Þau eru í raun ekki sérstök fyrir eitt svæði. Þó að Ósvör sé í Bolungarvík þá er ekki hægt að segja að Bolungarvík sé eini staðurinn til að kynna sjóminjar á Íslandi. Það er til dæmis sjóminjasafn á Eskifirði og annað í Hafnarfirði. Þetta er ekki sérstaða þessara svæða, þetta var atvinnuvegur sem að var stundaður um allt land og þarna getum við virkilega grætt á samstarfi og sameiginlegum einkennum ekki síður en sérstöðu.

Að lokum varðandi hugmyndirnar um opinbera styrki. Í skýrslunni, í inngangi, þá er talað um að nefndin hafi verið sammála um það að leggja ekki til kerfisbreytingar heldur byggja á því sem að fyrir er og breyta heldur áherslum í starfinu og undir það vil ég taka. Ég held að við verðum að líta á uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu sem sameiginlega ábyrgð. Það er ekki bara á

ábyrgð ferðapjónustunnar og það er ekki bara á ábyrgð menningarsviðsins heldur er þetta verkefni og viðfangsefni sem að ætti að eiga sér farvegi í ýmsum geirum. Við höfum ákveðið stoðkerfi fyrir menningarmál og við höfum ákveðið stoðkerfi fyrir ferðapjónustuna. Báðir þessir farvegir þurfa miklu meira fjármagn og það þarf að leggja ákveðnar áherslur t.d. 5 ára uppbyggingartímabil eins og þarna er lagt til, til þess að veita meira fé inn í þessa farvegi til þess að sinna þessum verkefnum.

Ég hef sett ákveðið spurningarmerki við það að setja upp sérstakan menningarsjóð ferðapjónustunnar einmitt vegna þess sem að ég talaði um áðan að við viljum ekki sérstaka ferðamannamenningu, heldur viljum við veita aðgang að menningu þjóðarinnar. Í tillögunum er mikið fjallað um og mikil áhersla lögð á stoðkerfið og þá finnst mér í kaflanum um stoðkerfið sérstaklega mikilvægur sá skilningur sem að þar kemur fram að það er þarna skörun, svo við nefnum bara á ráðuneytisstiginu þá kemur þarna til kasta bæði samgönguráðuneytis og menntamálaráðuneytis og mig langar að bæta við og minna á hlutverk ráðuneytis byggðamála. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti kemur auðvitað líka þarna við sögu því að hér er um að ræða almenna atvinnuuppbyggingu á landinu öllu og þá nefni ég sérstaklega það stoðkerfi sem að er í heimahéröðunum um allt land sem að eru t.d. ferðamálafulltrúarnir, atvinnuþróunarfélögin og markaðsskrifstofur svæðanna. Þetta eru aðilar sem að ég held að þurfi að virkja verulega í þessari vinnu.

Í kafla 6 eru mjög athyglisverðar þær tillögur sem að líta til heildarmyndarinnar þ.e.a.s. tillögur sem að varða hvernig þarf að breyta lagaramma og reglugerðaumhverfi til þess að skapa ákveðið svigrúm fyrir starfsemi á þessu sviði og skapa meira svigrúm fyrir þróunarstarf. Ég held þó að í umræðunni verði það eflaust þannig að menn fari meira að fókusera á einstök verkefni sem eru nefnd í skýrslunni, þá megum við alls ekki gleyma þessum tillögum sem að varða stórtækari og almennari breytingar.

Nú eins og kemur fram í afmörkun verkefnisins þá er lítið í þessari skýrslu rætt um menntun og ráðgjöf en auðvitað sem kennari á ferðamálabraut Hólaskóla og kennari í menningartengdri ferðapjónustu þá get ég nú ekki farið úr pontu án þess að minnst á mikilvægi menntunar á þessu sviði. Ég held að það sé lykilatriði við uppbyggingu þessa og þyrfti að vinna áfram í nánari stefnumótun á því sviði.

Að lokum þá langar mig að víkja aftur að því sem að ég tel vera lykilatriði í þessari skýrslu. Það er þetta ferli, þetta er ferli rannsóknarvinnu sem að er mjög mikilvæg og þar fara fram frumrannsóknir á ýmsum sviðum sem að síðan verða í raun og veru hráefni fyrir vöruþróun í menningartengdri ferðapjónustu og þetta er uppbyggingarstarf sem á sér miklu dýpri rætur heldur en eingöngu þær að kynna eða markaðssetja einhverja vöru sem að við höfum komið auga á í dag. Takk fyrir.

## **Alm. umræður um pallborðið**

### **Guðlaugur Bergmann, Brekkubær á Hellnum.**

Ég kem frá Hellnum sem er undir Jökli. Það er eini jökullinn á Íslandi sem er skrifaður með stórum staf, þar nam land Bárður Snæfellsás að hluta rakti hann ættir sínar til Sama í Finnlandi. Þeir höfðu dulrænar gáfur. Við teljum að hann hafi numið land undir Jökli vegna þess að þar fann hann fyrir orku sem að hann vildi leita til og gekk síðan í Jökulinn. Ég get haldið áfram að segja frá mjög mörgum dulrænum sögum og dulúð í Íslendingasögnum og ég var nú svo heppinn, og við þarna undir Jökli, að fá Jón Böðvarsson sem að allflestir þekkja og hann var hjá okkur í fimm daga og ég var að ræða við hann um það hvort að Íslendingasögurnar væru ekki yfirfullar af dulúð og dulmagni og hann bætti sko við það aldeilis. Það eru draugar og forynjur á öllum síðum næstum því sagði hann.

Ég tek eftir því hér í þessari umræðu um menningartengda ferðapjónustu að það er ekkert rætt um þessa arfleið okkar, álfana, draugana. Allt þetta sem virkilega fólk kemur m.a. til Íslands og sækist eftir. Það vill þannig til að þegar fyrirspurnir koma um þetta atriði til Ferðamálaráðs þá er allt þetta fólk sent til okkar. Það er eins og við séum eina fólkið sem að þorum að ræða um það sem að öll þjóðin hefur í sálinni. Mér finnst þennan þátt gersamlega vanta í þessa skýrslu, þessa annars ágætu skýrslu.

Ég vildi vekja athygli á þessu því að ég veit að það eru margir hérna inni sem að eru spurðir að því, trúir þú að álfar séu til, og þá myndu kannski flestir segja nei, og þá myndi ég segja, má ég þá taka þennan hól þarna í burtu. Þá myndu allir segja, nei láttu hann vera. Takk fyrir.

### **Svanhildur Konráðsdóttir.**

Mig langar nú til að taka undir þetta og þakka fyrir þetta áhugaverða innlegg og get staðfest þetta að mjög stór hluti af þeim gríðarlega fjölda erlendra fjölmiðlamanna sem að komu við hjá menningarborginni og við höfðum einhver afskipti af eða greiddum götu fyrir. Þeir einmitt spurðu um þessa hluti. Þeir höfðu heyrt af álfakonunni og ég var í því að hringja í Erlu Stefánsdóttur og koma á viðtalstímum við hana vegna þess að það voru allir mjög áhugasamir um þetta.

Nú ég bý nú í Hafnarfirði og þekki mjög vel hvað álfar geta haft mikið aðdráttarafl þar og þar sér maður túrista ganga um götur með álfakortið einmitt og vera að skoða inn í garða og upp á hamar o.s.frv. Þannig að ég held að þetta sé mjög fín hugmynd og það er eflaust hægt að vinna heilmikið út frá þessu þema.

### **Magnús Finnbogason, bóndi á Lágafelli í Landeyjum.**

Ráðstefnustjórar, góðir fundarmenn. Ég er nú nýliði í þessari grein þó að ég sé nú sennilega næstelstur á fundinum þá er ég nýbyrjaður að starfa við þessa hluti. Ég get nú ekkert tjáð mig mikið um þessa skýrslu sem að hér liggur

frammi vegna þess að ég var bara að sjá hana hér áðan. Hinsvegar finnst mér afskaplega merkilegt hvað það er lítið hlutverk ætlað okkur Rangæingum og Árnesingum og raunar held ég Reykjanesinu og öllu sem því er áhangandi. Í skýrslunni stendur, allt svo með áhugaverð svæði, það er Eyjafjöllin þau eiga sína Njálu ásamt Vestmannaeyjum en þá á ekkert að fara lengra út úr. Ég hélt nú samt að hérna hefði verið þó svolítið gert í menningartengdri ferðapjónustu því að ég tel að það sem Sögusetrið hefur verið að gera sé akkúrat dæmi um það hvernig er hægt að nýta söguna til þess að gera áhugaverða hluti og Tómas Ingi talaði um það áðan að Íslendingar ættu engar sýnilegar minjar frá miðöldum. Sem betur fer er þetta nú ekki rétt, það vill svo til að skálinn á Keldum það mun vera elsta bygging á Íslandi að stofni til frá því um 1200. Að vísu eigum við mun eldri byggingar sem að kannski er erfiðara að sanna tilvist, það eru hinir manngerðu hellar sem að mikið er af hér í Rangárþingi.

En það sem að mér finnst vera eitt lykilatriðið í þessari ferðapjónustu er að tengja saman fortíðina og nútíðina og allt það sem þar er á milli. Ég hef orðið var við það á þessum ferðum mínum að mönnum þykir ekkert síður vænt um að heyra af því sem að er að gerast á svæðinu í dag heldur en það sem að var að gerast á því fyrir löngu síðan. Nú við höfum þessa sögustaði sem að við getum bent á og rakið söguna en sagan gerðist ekkert bara fyrir nokkur hundruð árum og stoppaði þar. Það hefur á þessum stöðum verið stöðug saga í gangi og svo er eitt sem að mér finnst vanta afskaplega mikið inn í þessa söguumræðu okkar. Það er uppruni sögunnar, hvaðan eru hugmyndirnar að fornritunum komnar? Var þetta eitthvað sem að Íslendingum datt allt í einu í hug?

Ég held að okkur vanti mikið meira að tengja söguna við hámenninguna sem að var í Evrópu á fyrri öldum, okkar saga tengist þangað aftur. Mér finnst að Íslendingar hafi gert allt of lítið af því að kynna sér og rökræða kenningar Einars Pálssonar um þessi mál, hvaðan menningin er komin. Nú hann Guðlaugur Bergmann minntist á það áðan með huldufólkið og slíka hluti. Ég segi alveg eins og er, ég trúi ekki á huldufólk en yrði manna síðastur til þess að leyfa eða gefa samþykki fyrir því að álagablettur yrði hreyfður. Þetta er hluti af þjóðarvitundinni og þetta er alveg lífsnauðsynlegt fyrir okkur að vernda þessa álagabletti. Hvað sem menn trúa þá er þetta liður í því sem að þjóðin hefur trúað á og þetta er þá kannski einn liðurinn til þess að við höldum einhverjum smáblettum eftir óskemmdum til framtíðar. Takk fyrir.

### **Arnar Már Ólafsson.**

Ég held að við Svanhildur hljótum að geta verið sammála um það að hluti Íslenskrar menningar sé nú ósýnilegur í ljósi þess að ferðamenn koma til Hafnarfjarðar til að sjá, eða sjá ekki. En varðandi orð Guðlaugs Bergmann um Íslendingasögurnar, og ég er honum hjartanlega sammála um það, álfa og tröll að ég sakna þess að sjá frekari umfjöllun um þessa þætti í þessari skýrslu. Það var nú líka kannski ástæðan fyrir því að ég nefndi niðurstöður hans Andra Snæs sérstaklega um konungsbók Eddukvæða líka í ljósi þeirrar reynslu sem að ég hef af ferðamönnum. Ég hef starfað sem leiðsögumaður undanfarin fjöldamörg ár

held ég og mín reynsla er sú að ferðamenn hafa mun meiri áhuga og þekkingu þá á þessum Íslendingasögum og forvitni á álfum og tröllum heldur en norrænni goðafræði.

Varðandi stefnumótun á sviði menntunar og rannsókna sem að Guðrún hjó að hér áðan þá hefur hún kallað á þörfina fyrir að endurstefnumóta þessa þætti. Það hefur nú töluvert gerst undanfarin ár, það hefur verið komið af stað ferðamálabraut við Háskólann á Akureyri og hér eru nokkrir nemendur af þeirri braut. Háskóli Íslands hefur tekið ferðaþjónustu inn fyrir sína vegg og Hólaskóli hefur eftt sitt menntunarsvið. Rannsóknir hafa eflst líka, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri tóku saman höndum fyrir rúmlega ári síðan og stofnuðu Ferðamálaasetur Íslands sem að er rannsóknarstofnun og að henni eiga í stjórn einnig aðilar frá Ferðamálaráði, Samtökum ferðaþjónustunnar og Hólaskóla. Svona til upplýsingar um nýtt landslag í þessum efnum.

### **Skúli Skúlason, Hólaskóli.**

Fundarstjóri og aðrir fundarmenn. Mig langaði aðeins til að segja nokkur orð í tengslum við þessa ágætu skýrslu og að sumu leyti kannski endurtaka það sem sumir pallborðsaðilar hafa nefnt en kannski í fyrsta lagi náttúrulega fagna þessari skýrslu. Sérstaklega kannski út frá tveimur atriðum sem að mér finnst skipta verulegu máli og langar til að segja örfá orð um. Það er í fyrsta lagi það að eins einfalt og það kann að virðast þá skiptir það verulegu máli að þessar tvær stoðir séu dregnar skýrt fram, náttúran og menningin. Af kannski ástæðum sem að kannski hljóma einkennilega en það er svo augljóst að við kannski hugsum ekki oft um það en það er einmitt í þessum tveim stoðum þar sem öll sérstaða og ímyndarsköpun okkar gagnvar ferðamenskunni liggur.

Það er kannski sérstaklega það sem ég á við að nú með því að setja þetta inn í stefnumörkun svona skýrt eins og þarna er lagt til þá getum við líka gert okkur enn betur grein fyrir mikilvægi og samverkunar þessara tveggja þátta sem að kannski skiptir ekki síst máli þegar að þessu kemur. Ég ætla svona að nefna sem dæmi náttúrulega einfaldasta dæmið sem að við höfum kannski verið að ræða svolítið hér og það eru einmitt tengsl hestsins og náttúrunnar og hvernig það hefur verið reifað hérna nú þegar. Þetta er mjög gott dæmi einmitt um þessa mikilvægu samverkun og hvað hún getur gefið okkur.

Í öðru lagi þá held ég að þessi samverkun skipti verulegu máli fyrir það sem að kannski er mjög brýnt í sambandi við ekki síst markaðssetningu núna og það er dreifbýlið og landsbyggðin. Svólítið í anda þeirrar umræðu um byggðamál sem að hann Jón nefnir hér t.d. áðan. Þar eru alveg geysileg tækifæri og tækifæri sem að sjálfsögðu eru líka í þéttbýlinu en þetta er atriði sem að menningin og náttúran, samhengið þarna á milli, á landsbyggðinni er alveg verulega áriðandi mál í markaðssetningu framtíðarinnar.

Í þriðja lagi er það kannski meira svona heimspekilegt atriði sem að líka er undirtónninn í stefnumörkun stjórnvalda sem að eru jú umhverfismálin,

siðfræðin í kringum þessa atvinnugrein. Sjálfbær þróun og annað slíkt. Samverkun í sambandi við mann og náttúru er jú akkúrat kjarninn í þessari ákveðnu hugmyndafræði sem að liggur að baki sjálfbærri þróun. Þannig er þessu komið á mjög svona skemmtilegan hátt í skýrslunni og ég held að þetta svona marki það eða segi okkur það að við erum komin svona aðeins út úr því að vera bara með einhver slagorð og yfirlýsingar og nú er maður farinn að sjá vinnuna koma og þessi skýrsla er dæmi um það.

Annað atriði sem ég vildi nefna er það að þessi áhersla á menninguna og við getum auðvitað velt því fyrir okkur, þetta er flókið viðfangsefni og það hefur komið fram hér mjög greinilega. En það eru skilaboð sem að verið er að gefa okkur hérna líka og þau eru að við skulum taka þetta alvarlega sem að við erum að gera. Við skulum snúa okkur að því að hugsa alvarlega um hvað ferðamálin geta gefið okkur. Hvað þau fela í sér, hver er auðlindin. Og það hefur verið mjög vel hér dregið fram hver hún er, í skýrslunni sjálfri. Það sem að mér finnst kannski svona vega hvað þyngst frá mínum bæjardyrum séð er að þarna er verið að leggja áherslu á þekkinguna. Menningin og þekkingin er jú það sem að er nú svolítið skylt fyrirbæri og þarna kannski getum við farið að standa upp og segja að við ætlum að fara að standa að hlutunum sem menningarþjóð, sem þjóð sem að telur sig vera mjög vel menntaða, sem þjóð sem að hefur mjög mikla sögu og við sem sagt getum í raun sagt að það er kominn tími til að við nýtum þekkingu okkar og menntunarstig og velmegunarstig hér á landi enn betur en að við höfum gert í ferðapjónustunni.

Þetta er held ég mikil hvatning hvað þetta varðar þannig að lítil ferðapjónusta í dreifbýli t.d. hún er mikilvægt þekkingarfyrirtæki. Það er þekkingin sem að gefur þetta viðbótarverðmæti sem að hér hefur verið dregið fram. Nú ég get ekki komist hjá því að fagna á hvern hátt þessar svæðisbundnu áherslur sem þarna komu fram og þá sérstaklega eins og varðar sögustaði þjóðarinnar sem að þarna eru sérstaklega nefndir með sérstök hlutverk. Verandi skólameistari í Hólaskóla að Hólum í Hjaltadal þá tek ég þessi skilaboð mjög alvarlega og langaði þá að segja kannski að reynsla okkar einmitt þar varðandi mikilvægi sögunnar fyrir svona staði og fyrir þá möguleika sem að eru í rannsóknum og miðlun, það er náttúrulega alveg stórkostlegt að geta tekið þátt í slíku, en það sem að kannski er mér efst í huga er sú mikla áskorun sem að það felur í sér fyrir okkur að vinna með þessa sögustaði. Það er jú nefnt í skýrslunni að þarna sé áhersla á kristni og prentlist eins og á Hólum og önnur atriði nefnd fyrir aðra staði.

Þá vildi ég segja bara það að í þeirri vinnu sem að við erum að vinna á Hólum og þær stofnanir sem að þar eru að þar kannski höfum við gert okkur mjög vel grein fyrir því undanfarið hversu mikil vinna þetta er. Hversu mikil þekking það er sem að við þurfum að vinna úr, svona kannski áður en við getum stigið öll þau skref sem að við vildum stíga til að miðla henni og nýta hana í ferðamálunum og þó að þessu sé jú mjög vel staðið víða á sögustöðum þá er

Þetta fagmennskan og þekkingin sem ég var að ræða um hér áðan sem að skiptir svo miklu máli.

Nú ég vildi líka nefna það að ég held einmitt að svona skýrsla eins og ég nefndi hér áðan og þessi umræða sem að er hér í gangi hún er að setja okkur svona eins og ég segi inn í framtíðina og ég er nú svo heppinn að vera í þessari ágætu framtíðarnefnd sem að var hér nefnd í morgunn og þar af leiðandi held ég að hér sé um að ræða alveg stórkostlegt innlegg og veganesti inn í umræðu þeirrar nefndar, eins og reyndar svo margar aðrar góðar skýrslur sem að skrifaðar hafa verið undanfarið og góð umræða.

Ég held að það sé gott að við hugleiðum öll alvöru málsins í sambandi við hvernig við viljum standa að ferðamálum tengdum menningu og náttúru hér á landi í framtíðinni. Takk fyrir.

### **Tómas Þór Tómasson.**

Mig langar aðeins í framhaldi af því sem hefur komið hér fram upp á síðkastið. Ég vil áréttta það sem að ég var að reyna að segja hér áðan að vissulega tek ég undir það að þetta er eitthvað sem að menn hrista ekki fram úr erminni á einni viku, einu ári eða þremur þess vegna. Þetta er náttúrulega langtíma dæmi og að sjálfsögðu verður að búa þannig um hnútana að það sé farið nokkuð rökrétt í uppbyggingu með rannsóknum og öðru sem að því tengist. Hinsvegar vil ég samt áréttta það að það eru til margar vörur nú þegar í menningarlífinu sem að vissulega er segull fyrir ferðamenn og það sem að kannski vantar er að kynna það hreinlega betur. Það á eftir að búa til kannski grunninn þegar menn eru að líta til stefnumótunar sem að tekur 5, 10, 15 þess vegna 30 ár. Það er til hellingur af hlutum sem að við þurfum að kynna betur og þeir eru til staðar núna.

Það sem að við þurfum líka að gera held ég eins og ég hef upplifað sumar athugasemdir hérna að við verðum að passa að við sjáum ekki skóginn fyrir trjánum. Vissulega er mikilvægt að vanda til verka en það sem ég vil leggja áherslu á er að nú þegar eru til staðar fullt af hlutum, það er mikið að gerast, þetta getum við vissulega talið okkur til tekna strax í því að draga fleiri til landsins þó að við búum ekki til endanlegan grundvöll fyrir menningartúrisma hér og nú. Þetta er eitthvað sem að þróast og kemur smátt og smátt en ég held að við eigum allt of mikið til núna til þess að við drepum þessu ekki á dreif, við erum ekki á reit 1 í þessu. Það er fullt af hlutum sem að hægt er að telja til, það sem einum sýnist vera menning finnst öðrum vera menningarleysa o.s.frv. en við eigum fullt af hlutum, við þurfum að kynna þá betur, þeir telja okkur til tekna og geta gert það tiltölulega fljótlega.

Ég vildi bara áréttta þetta að við erum ekki á reit 1, við erum komin þó nokkuð af stað, kannski í einhverju skipulagslögðu kaosi eins og skýrslan nefnir kannski menninguna eins og hún er í dag sem er bæði drifkraftur hennar, það er kostur

kannski þurfum við að þakka þessu aðeins betur inn og kynna það betur í sambandi við túrismann.

### **Rögvaldur Guðmundsson, Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar.**

Ágætu ráðstefnugestir og pallborðspátttakendur, ferðamálastjóri. Ég vil byrja á því að þakka Tómasi Inga Olrich og hans fólki fyrir athyglisverða skýrslu og mjög brýna. Nú ég vil byrja á því að í skýrslunni er talað um það að þekkingargrunnurinn sé veikur í sambandi við menningartengda ferðaþjónustu og á hverjum menn hafa áhuga á og slíkt, það er á bls. 15. Þar stendur: "Takmarkaðar upplýsingar um viðhorf innlendra ferðamanna til menningarstarfsemi svo og skortur á sérstökum könnunum um viðhorf útlendinga til íslenskrar menningar veikir talsvert þann þekkingargrunn sem að stuðst er við í skýrslunni." Ég vil þá aðeins benda á að mitt fyrirtæki hefur, fyrir þremur árum var gerð könnun í Leifsstöð á viðhorfum íslenskra ferðamanna til menningar og í fyrra var einnig símakönnun meðal Íslendinga og í sumar hefur verið í gangi könnun sem að tengist henni síðan aftur. Þetta er hluti af verkefninu "Miðlun menningarsögulegra upplýsinga" sem að mitt fyrirtæki er þátttakandi í með Fornleifastofnun Íslands, Landmótun og Landsímanum.

Niðurstöður úr þessari rannsókn liggja fyrir og úr þeirri íslensku liggja þær fyrir og þeirri erlendu er ekki að fullu lokið, það er enn verið að framkvæma hana uppi í Leifsstöð en þar munu koma svör 800 erlendra gesta um áhuga þeirra á ýmiskonar þáttum í menningu okkar og sögu og það eru um 20 þættir sem að spurt er um. En þetta snýr nú mest að menningararfinum ekki nútímalistum og menningu. Þannig er spurt t.d. um áhuga á sögustöðum, sögulegum atburðum, fornminjum, byggingum og mannvirkjum, venjum og siðum, víkingaaldar minjum, örnefnum og örnefnaskýringum o.s.frv. og mér væri það ljúft að koma þessum gögnum síðan inn í frekari vinnu í tengslum við þessa skýrslu.

En það má segja það í mjög stuttu máli að áhugi bæði Íslendinga og erlendra gesta á menningu okkar og menningararfi og ýmsum þáttum hans er afar mikill og það er ljóst að það voru yfir 90% ferðamanna sem að nefndu, að vísu er þetta ekki fullunnið, að þeir hefðu mikinn eða nokkurn áhuga á söguslóðum okkar, venjum og siðum fólksins, sögulegum atburðum og fornminjum svo dæmi sé tekið. Yfirleitt virðist áhuginn vera gríðarlega mikill.

Nú örstutt síðan um skýrsluna. Ég fagna því að menn vilji reyna að stuðla að því að eyrnamerkja á einhvern hátt peninga til uppbyggingar í menningartengdri ferðaþjónustu og þá er mér nú hugleikinn meira menningararfurinn en er þó alveg meðvitaður á það að menn verða að tengja það nútíma listum og nútíma sköpun en ég tel að við höfum vanrækt okkar menningararf svo lengi að það sé kominn tími til að sinna honum kannski svolítið sérstaklega. Ég vil þó svona setja svolitla varnagla varðandi úthlutunarreglur og slíkt úr slíkum sjóði, þar eiga að sitja 3 menn og tveir skipaðir af samgönguráðherra og einn af menntamálaráðherra. Þetta verður að vera afskaplega faglegt til þess að þetta verði allt saman réttlátt og gott.



Nú ég vil líka vekja athygli á tillögu sem er um að Ferðamálasetur Íslands á Akureyri fái 20 milljón króna framlag eftir fjögur ár til þess að stuðla að eflingu rannsókna á nýju sviði almennra rannsókna og vil þá vekja athygli á því að menn verða að vara sig svolítið á því að opinberar stofnanir fari ekki í verulega samkeppni við einkaaðilana í sambandi við rannsóknir og rannsóknarstörf heldur eigi að kannski ekki síst að sinna ýmiskonar ráðgjöf, hvatningu og uppbyggingu. Ég fanga því að það eigi að styrkja Ferðamálasetur Íslands að sjálfsögðu.

Nú í sambandi við að tengja menningartengda ferðaþjónustu sterkt við húsafriðun og fornleifarannsóknir er afskaplega jákvætt og eitthvað sem að menn þurfa að stuðla að því að fornleifarannsóknir eru jú oft grundvöllur þess að við getum kynnt okkar sagnaarfleið. Almennt síðan í sambandi við menningartengda ferðaþjónustu þá held ég að hún byggist afskaplega mikið á fólki og fólkið er Lykilatriðið og nefni Þórð í Skógum, ég nefni Petru á Stöðvarfirði og ég nefni Hildibrand í Bjarnarhöfn, ég nefni Björk, ég nefni Gretti o.s.frv.

Á þessu þurfum við að byggja og síðan þurfum við að virkja, eins og menn hafa bent á, markaðsstofur landshlutanna og atvinnuþróunarfélög til þess að takast á við þetta verkefni og grundvallaratriði er að heimamenn ákveði sjálfir hvernig þeir vilja koma þessu fyrir sem best en taki að sjálfsögðu tillit til þeirra hugmynda sem að hér hafa komið fram sem margar eru afskaplega góðar og vel útfærðar. Takk fyrir.

### **Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður Ferðamálaráðs Íslands.**

Ráðstefnustjórar, ágætu ráðstefnugestir. Ég vil nú byrja á því að lísa mikilli ánægju minni yfir þessari skýrslu. Hún er um margt mjög góð og eins og komið hefur fram hjá Tómasi Inga Olrich þá er þetta ákveðinn grunnur til þess að byggja á. Ég tek þó undir orð Magnúsar Finnbogasonar hér áðan að ég vil undirstrika mikilvægi þessa svæðis í menningartengdri ferðaþjónustu vegna þess að sagan er auðvitað löng hér. Mér dettur í hug, eins og kom hér fram hjá síðasta ræðumanni, Þórður í Skógum sem að byrjaði að safna fornminjum hér í kring um 1950 og menn hlógu auðvitað að því þá og það er akkúrat þannig með þessa brautryðjendur það er yfirleitt alltaf hlegið að því sem að þeir eru að gera. Þeir þykja skrítnir og sérstakir og þegar við hófum hér uppbyggingu á sögusetri, þegar hugmyndirnar voru fyrst að koma í gang, þá var auðvitað hlegið að þeim. Mönnum fannst þetta fáránlegt en það eru nú að verða 10 ár síðan en þið komið væntanlega og vonandi í Sögusetrið í dag kl. 6 og þá fáið þið að skoða hvað þar fer fram í raun og veru.

Ég minnst þess að ég sat í héraðsnefnd Rangæinga 1990 og þá kom ég með þá lítilfjörlegu hugmynd að setja upp borð og stóla við Hlíðarenda, Bergþórshvol og reyndar víðar þannig að fólk geti sest þar og lesið t.d. í Njálu og fengið sér kaffisopa o.s.frv. og þessi tillaga var felld. Mönnum þótti hún þannig að hún var

Í raun og veru íhlutun í málefni sveitarfélaganna sögðu þeir. Þannig að þið sjáið hvað gerist margt á 10 árum þegar þið komið í Sögusetrið á eftir.

Auðvitað er menningin náttúruafurð hvers svæðis fyrir sig. Við þurfum að passa upp á það að vera ekki alltaf að gera það sama, við þurfum að hafa þetta eins fjölbreytilegt og við getum og við verðum að horfa fram á veginn og framhaldið auðvitað skiptir mjög miklu máli hvernig við vinnum úr þeim upplýsingum sem að fram koma í þessari skýrslu en ég tel hana mjög gott skref á langri vegferð auðvitað en ég vara þó við því eins og ég segi að við séum að gera öll það sama. Mér fannst athyglisvert það sem kom fram hjá Arnar Má hér áðan þegar hann sagði að menningin gæti glatað gildi sínu, hann var að lesa um það í fræðibókum. Ég minnst þess að hafa skrifað grein um menningartengda ferðapjónustu fyrir fáeinum árum og þá var nú gamall ritstjóri Þjóðviljans sem að tók þetta einmitt upp. Honum fannst það fáránlegt að vera selja söguna með þeim hætti sem að við erum að gera en ég er auðvitað ósammála því. Takk fyrir.

### **Alma Guðmundsdóttir, nemi í ferðamálafræði við HÍ.**

Ég þakka fyrir að fá að vera hérna, við erum nokkuð mörg þaðan. Ég vildi bara vekja athygli á því að ekki er komið inn á neina menntun í þessari skýrslu og ég vildi bara vekja athygli á nauðsyn góðrar menntunar og ekki síst hvað varðar menningartengda ferðapjónustu þar sem að um svo viðkvæmt atriði er að ræða. Háskóli Íslands hóf nám í ferðamálafræði 1999 og hægt er að taka það nám til 45 eininga, diplománám, og síðan á þessu hausti var ákveðið að lengja það til BS gráðu þannig að mér þótti vert að koma því á framfæri hér og ég held að við nemendur séum ákaflega vel meðvituð um það að ferðamennska eða ferðapjónusta er ákaflega viðkvæm atvinnugrein og vildi láta við af okkur. Takk fyrir.

### **Bjarni Freyr, nemi í ferðamálafræði við HÍ, Útilífsmiðstöðin í Húsafelli.**

Mig langar til að taka undir það sem komið hefur fram hérna að það er jú fólkið í atvinnugreininni sem að er auðlind menningartengdrar ferðapjónustu og það skynjar maður mjög sterkt þegar maður kemur á staði eins og Bjarnarhöfn og hittir Hildibrand sem að minnst var á hér áðan. Í því skini þá langar mig til að velta upp spurningu sem að ég ætlast nú ekki til að sé svarað hérna en fólk getur svona mellt hana með sér. Hversu langar tíma tekur menningareinkenni að verða íslenskt. Ástæðan fyrir því að ég velti því fyrir mér er sú að ef við tökum Stykkishólm sem dæmi þá held ég að 30% íbúanna sé af erlendum uppruna og auk þess þá rakst ég á auglýsingu þar sem segir "Kúrekar norðursins, helgarferð í kúrekalandið, frumsýnt kántrísjón 3. nóvember".

Ég er viss um að þetta er ekki í beinni línu við íslenska menningu en engu að síður þá held ég að allir séu sammála um það að Hallbjörn Hjartarson sé jafn íslenskur og álfar og tröll og sennilegar er hann álfur og tröll bæði í einu og fæst okkar myndu vilja að hann dagaði uppi. Takk fyrir.

### **Margrét Hallgrímsdóttir, Þjóðminjavörður.**

Ég má nú til með að koma með nokkrar athugasemdir sem þjóðminjavörður um leið og ég þakka fyrir ágæta skýrslu og sérlega áhugaverð erindi hér í dag. Ég lít svo á að menningarferðapjónusta sé mikilvægt sóknarfæri fyrir þjóðminjavörslu í landinu og það held ég að eigi einnig við um ferðapjónustuna að uppbygging safna og þjóðminjavarsla sé einnig mikilvægt sóknarfæri fyrir menningarferðapjónustu í landinu.

Það eru sérstaklega tvö atriði sem að ég vill vekja athygli á sem að varða landið allt og einmitt þetta verkefni sem að er í undirbúningi og er aðeins drepíð á í skýrslunni en á eftir að fara dýpra í sérstakri stefnumótunarvinnu á vegum Þjóðminjasafnsins og þá vil ég sérstaklega nefna vinnu við að koma tveimur stöðum á Íslandi inn á heimsmunaskrá sem að ég lít svo á að sé grundvallarverkefni hvað varðar menningartengda ferðapjónustu á Íslandi. Það þýðir í raun að við komum Íslandi á kortið almennt og ég lít svo á að það sé mikilvægt að ferðamálayfirvöld í landinu styðji sérstaklega við það verkefni og vekji athygli á því að það er mikil vinna en mun hafa grundvallarþýðingu fyrir landið í heild.

Eins vil ég nefna safnamál og málefni þjóðminjasafnsins. Það er unnið að því nú hörðum höndum að opna þjóðminjasafnið á ný og vona ég sannarlega í lok næsta árs eða byrjun þess þarnæsta og ég held að þar verði líka mjög mikilvægt bakland fyrir ferðapjónustu í landinu og safnastarf almennt í landinu eins og hann kemst svo skemmtilega að orði hann Andri Snær í þessari skýrslu. Það má segja að sýningar þjóðminjasafnsins eigi einmitt að vera til þess að vekja athygli á menningunni í landinu, söfnum í landinu og sögustöðum í landinu þannig að það lít ég á sem einmitt líka mikilvægan grunn að menningartengdri ferðapjónustu.

Varðandi áþreifanlegar minjar þá eru þær náttúrulega mjög merkar á Íslandi. Í þessari vinnu með heimsminjaskrána þá hefur verið vakin athygli á því af sérfræðingum hér og erlendis að íslenskar minjar eins og t.d. torfbæirnir sem að við öll þekkjum, en erum kannski orðin svolítið samdauna vil ég kannski leifa mér að segja, eru einstakar minjar í heiminum. Alveg jafn merkar minjar eins og píramídar og kastalar í útlöndum. Þetta eru einstakar minjar í heiminum sem að við eigum að vera stolt af þannig að ég vil kannski sérstaklega leggja áherslu á það að við nálgumst það verkefni af stolti yfir okkar sögu og okkar menningu og okkar menningararfi bæði hinum áþreifanlega og þeim sem ekki er áþreifanlegur. Takk fyrir.

### **Einar Á. E. Sæmundsen, fræðslufulltrúi Þjóðgarðsins á Þingvöllum.**

Ég ætlaði nú að nefna hér fáein atriði sem að varða Þingvelli sjálfa. Þingvellir eru jú nefndir í skýrslunni á nokkrum stöðum enda eru Þingvellir líklega einn aðalviðkomustaður allra ferðamanna sem að heimsækja Íslands. Andri Snær leggur út af Þingvöllum í annarri hugleiðingu sinni í lok skýrslunnar þar sem að hann leitar að sögunni á Þingvöllum.

Það má kannski segja að það sé alveg rétt hjá honum að það hefur ekki verið mikið gert kannski á Þingvöllum annað en að gestir hafa getað fengið leiðsögn hjá Þjóðgarðsverði eða landvörðum til þess að skynja söguna sem að sannarlegar er algerlega ósýnileg á Þingvöllum. En það eru lögð til í þessari skýrslu ýmisleg atriði með sögustaði um land allt og það er lagt til að á Þingvöllum verði reist sýning þar sem verður dregið sérstaklega stjórnskipanin og dómar og dómstólar að mig minnir.

Það er svolítið gaman að geta bara sagt frá því að þau markmið sem að eru sett þarna fram eða þær hugmyndir sem að eru settar fram í þessari skýrslu eru í rauninni hugmyndir sem að við erum að vinna að núna. Það er að rísa, það er risin fræðslumiðstöð á Þingvöllum sem að við notum veturinn núna til að vinna sýningu inn í og þessar hugmyndir sem að koma fram í skýrslunni verða ábyggilega teknar inn í þá hugmyndavinnu og hönnun sýningar sem að fer fram í vetur.

Einnig erum við að vinna að skipulagi við merkingar í þinghelginni sjálfri þannig að ég held að þeir ferðamenn sem að koma á næstu misserum muni ekki þurfa að hlaupa um allt til að leita að sögunni, ég er alveg samfærður um það að fræðsla og upplýsingar fyrir ferðamenn í Þjóðgarðinum á Þingvöllum mun batna mjög mikið á næstu árum. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum auglýsti þessa stöðu sem að ég gegni í fyrravetur og það má kannski segja að með því að auglýsa þetta starf þá hafi Þjóðgarðurinn markað skýra stefnu í því að fræðslumál verði eflað hvort sem er fyrir erlenda eða innlenda ferðamenn og ég held að ég láti því máli mínum lokið. Takk fyrir.

**Þorleifur Þór Jónsson, Samtök ferðapjónustunnar.**

**[Glærur \(69,4 KB\)](#)**

**Inga Jónsdóttir, Jöklasýningin á Höfn.**

Ég held að flest myndlistarfólk í dag vinni að hluta til frá þeim menningararfi, sem það er alið upp við, frá fortíðinni og á Jöklasýningunni höfum við síðastliðin tvö sumur boðið listamönnum að sýna verk sem að tengjast viðfangsefninu jökull, Vatnajökull eða jökull, það þurfti ekki að vera bundið við Vatnajökul.

Þetta fékk góðar undirtektir gesta og það sem ég vildi benda ferðapjónustuaðilum hérna á er að skil milli listgreina hafa verið að falla og brotna og skil milli þess hvar list sé sett fram eru líka að brotna þannig að það að gefa vel menntuðum myndlistarmönnum tækifæri til þess að sýna hvað þeir eru að gera í dag er tilvalið og það eru t.d. til tvær leiðir. Annað hvort að leita að myndlist sem að er búið að búa til af núlifandi myndlistarmönnum sem að tengist einhverju verkefni sem er í gangi eða þá að bjóða myndlistarmönnum að koma og vinna einhver verk í tengslum við það verkefni sem að verið er að vinna á sviði ferðapjónustunnar.

Ég verð að minnast á það hérna af því að það var talað um að nefndin sem að vann þessa skýrslu, sem ég á eftir að lesa vel og vandlega, hún talaði um að hugtakið menning væri skilgreint víðtækt en mér finnst þið skilgreina myndlistarhugtakið mjög þröngt á bls. 41 eru talin upp nokkur dæmi um myndlist. Þetta eru allt málverk, en myndlist er líka þrívíð vil ég benda ykkur á og mér sýnist þetta allt saman vera verk eftir málara sem máluðu hlutlægt en það eru líka til fleiri tegundir myndlistar.

Kannski eitt að lokum af því að það var minnst á það að Björk gæti hugsanlega verið ímynd okkar í dag í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu. Mig minnir að á sínum tíma þegar hún var að byrja sín fyrstu skref þá hafi hún beðið um stuðning og styrk í það sem að hún var að gera vegna landkynningar og hún fékk það ekki en núna þegar hún er orðin fræg þá ætlum við að nýta okkur hana. Takk fyrir.

### **Björn Jónsson, leiðsögumaður og fararstjóri.**

Góðir áheyrendur. Ég hef starfað sem leiðsögumaður og fararstjóri í um 20 ár og er á ferðinni um landið með ferðamenn nánast allan ársins hring og tel mig því standa mjög nálægt grunninum að þessu sem kallað er ferðaþjónusta á landinu. Ég leit yfir þessa skýrslu á hraðhlaupi eins og þið flest hérna inni og rak augun í tvo punkta sem að allavega stinga mig mjög mikið í augun.

Í fyrsta lagi er minnst á laugar og baðstaði á Íslandi sem að gætu orðið mikil uppspretta og aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn á Íslandi. Þannig vill til að fyrir um viku síðan þá var ég með mjög efnaða gyðinga frá New York staddur í Bláa Lóninu og þá átti að vera einn af hápunktum þeirra að fara í það bað o.s.frv. Þeir komust aldrei lengra heldur en inn í búningsklefann því að þegar þeir sáu aðstöðuna, að klæða sig úr fyrir framan alla aðra og svo að fara í bað fyrir framan alla þá sögðu þeir, "þetta gera gyðingar aldrei".

Við lítum á okkar menningu sem merkilega en það er grundvallaratriði að skilja menningu annarra þjóða líka sem að við ætlum að bjóða upp á að koma hingað. Svona aðstöðu getum við ekki boðið upp á, á Íslandi.

Annað sem að ég rak augun í var, og sem er í rauninni miklu mikilvægara, í sambandi við þjóðgarðinn á Þingvöllum og Skálholt og fleiri staði. Á sumrin er nú ástandið orðið þannig að hér koma í Reykjavíkurböfn á hverjum einasta degi um 50 skemmtiferðaskip sem að hvert um sig er með um 3-4.000 farþega. Út úr bænum fara um 9 svona 10-20 rútur sem taka um 60 farþega hver sem allar byrja á því að fara á Þingvöll. Síðan taka þær þennan hefðbundna Gullfoss-Geysir rúnt og koma í Skálholt. Um eina helgina í sumar þegar ég var staddur þar á sunnudegi og þar var músíkhátíð, Skálholtstónleikar áttu að fara þar fram. Þar voru staddar 5 rútur, ca 1000 manns á staðnum og það var ekki nokkur leið að komast hvorki að kirkjunni, upp tröppurnar eða inn í kirkjuna. Þarna verður ekki stunduð menningarstarfsemi eins og líst er í þessari skýrslu að sumarlagi. Takk fyrir.

## **Jóhannes Sigmundsson, Ferðapjónustan Syðra-Langholti.**

Nú ég vil eins og aðrir fagna útkomu þessarar ágætu skýrslu og ég ætla ekki að fjalla um hana nánar, ég hef engan tíma haft til þess að kynna mér hana til hlítar en ég veit að ég á eftir að lesa hana heima og það mörgum sinnum og velta því fyrir mér sem þar kemur fram.

Hérna hefur verið fjallað um ýmiskonar menningu, bæði nútímamenningu og sögu þjóðarinnar og forna menningu. Ég ætla aðeins að fara út í þetta síðarnefnda, ég skal vera stuttur. Ég held nefnilega að mikill fjöldi ferðamanna hafi mikinn áhuga á sögunni og ekki síst þjóðsögum og sögum um tröll og álfa. Ég nefni smá dæmi.

Fyrir nokkrum árum fór ég sem leiðsögumaður með konum á norðurlandi, ég held að þær hafi verið hér á ráðstefnu á vegum Kvenfélagasamband Íslands. Það voru tvær rútur fullar af konum, kátum og hressum, svo vildi svo illa til að þegar við fórum hér um Rangárþing og austur að Skógum að það var þoka niður í miðjar hlíðar og þá var ekki annað að gera en að grípa til sögunnar. Ég fór út í það að segja svona helstu punktana í Njálu sem að ég mundi eftir og þegar við fórum um Eyjafjöllin þá sagði ég söguna af skessunni Gilitrutt.

Nú þetta mæltist eitthvað vel fyrir því að þegar næst var stoppað þá komu tilmæli úr hinni rúttunni að ég kæmi þangað og segði þessa sömu sögu. Við vorum þá að vísu á ferð um flóann en það gerði ekkert til. Þetta held ég að við eigum að virkja miklu meira, að kynna þessa gömlu sögu um þjóðsögur, um álfa og tröll.

Svona í lokin af því að ráðstefnustjórnir voru að auglýsa eftir vísu þá læt ég eina hérna flakka og með tilliti til þess að ég var að tala um skessuna Gilitrutt,

*Ráðstefnuna vantar vísu,  
vel má ráða bót á þessu.  
Til mótvægis við Mónu Lísu,  
mögnum bara upp gamla skessu.*

## **Samantekt framsögumanna**

### **Tómas Ingi Olrich.**

Mig langar aðeins að bregðast við hér nokkrum athugasemdum vegna þess að það þarf að eyða misskilningi þegar hann verður til og mig langar líka til þess að undirstrika þann skilning sem að sum ykkar leggja í þetta sem að hér hefur verið unnið.

Það er afar mikilvægt mál sem Jón Jónsson talaði hér um í upphafi þegar hann ræddi af mikilli yfirvegum um vaxtarsvæðin og þróunarsvæðin. En ég heyrði þó á honum að hann hafði svona áhyggjur af þessu vegna þess að honum fannst að þarna væri verið að kannski miðstýra þessu of mikið. Ekki rétt.

Ég held að það sé mjög gott að við skoðum þetta, ég ætla að minna ykkur á það að ég undirstrikaði það að hér væri á ferðinni upphaf en ekki endir. Það er mjög mikilvægt að þið leggið eitthvað til þessa máls og sníðið af þessu vankantana og takið þetta sem tillögur en líka sem hugmyndir og breytanlegar tillögur. Ástæðurnar fyrir þróunarsvæðunum eru margvíslegar, ég ætlaði að benda ykkur á það að það stendur þarna í kaflanum 6.2 á bls. 53, æskilegt er að þær stofnanir í héraði sem til þess eru bærar haldi utan um slíkar áætlanir í samvinnu við viðeigandi ráðuneyti og í samræmi við heildarstefnumótun í ferðamálum.

Það er með öðrum orðum ætlast til þess að heimamenn hafi þarna hlutverki að gegna í gegnum atvinnuþróunarfélögin og að sjálfsögðu er ekkert endanlegt í þessu. Það sem er hinsvegar mikilvægt að þið hafið í huga er það að ég hef fengið mjög sterkar vísbendingar um það frá þeim sem eru að selja vörur þ.e. ferðapjónustu erlendis að þegar þeir tala um möguleika á því að markaðssetja þetta erlendis þá finnst þeim mörgum miklu skipta að markaðssetningin nái yfir ákveðin svæði. Hver þessi svæðamörk eru svo nákvæmlega munu menn skilgreina hér heima.

En til þess að byrja einhversstaðar þá er oft nauðsynlegt að marka einhver svæði sem að hafa þá einhverja þætti sem að hægt er að markaðssetja sameiginlega en þessi skilgreining sem að hér er gerð á þessum þróunarsvæðum hún er til umræðu og mér finnst sjálfsagt að menn hugleiði það og útfæri það nánar. Það er enginn útilokaður hér, bara svo að það sé ljóst, það er ekki verið að útiloka neinn. Það er verið að setja ramma utan um þróunaráætlanir og það er ykkar að fylla út í þá ramma og koma með þær betrumbætur á þessu sem að menn kjósa.

Hluti af þessum vaxtarsvæðum er það að koma upp neti áfangastaða með svona hæfilega löngum ferðum á milli. Þetta er nú þegar að verða til, hægt og rólega, en þetta gerir líka auðveldara að selja vöruna þegar þessir áfangastaðir með vissu millibili ná að byggja sig upp þá eru komin það sem ég er hér að kalla þróunarsvæði og vaxtarsvæði. Þannig að þetta er mikilsvert að menn átti sig á því að þarna er ekki um fastar stærðir að ræða.

Arnar Már var með svona efasemdir um Mónu Lísu og ég tók eftir því að nafni minn Tómasson hann ruglaði pínulítið saman hugarflugsgrein Andra sem er ekki skýrsla mín. Þetta er þannig uppbyggt að ég tek svona sem dæmi þessa hugarflugsgrein hans Andra Snæs og set hana fram, ég tek upp vissar hugmyndir sem að í henni eru sem að mér finnst skinsamlegar og þær eru hér að sjálfsögðu líka til umfjöllunar. Þegar verið er að tala um hverjir eigi að koma á söfnin og Andri Snær er þar bjartsýnn og þá er hann það fyrir eigin reikning og þið eigið að líta á þetta sem hugarflugsritgerð sem að þið takið með þeim annmörkum sem að á því eru en líka með þeim kostum sem að í því eru fólgnir og ég held að það séu margir kostir fólgnir í því að láta mann koma svona að

verkefninu með allt öðrum hætti heldur en ég geri og við í nefndinni, nálgast þetta frá allt öðrum sjónarhóli.

Það er kannski spursmálið um það hvort að það sé skynsamlegt að velja svona einhvern grip sem að er táknrænn fyrir íslenska menningu. Hversvegna væri Konungsbók Eddukvæða góður gripur til þess að vera tákn fyrir íslenska menningu. Það er kannski aðalega vegna þess að þessi bók hún býr yfir lykli að aldagamalli sameiginlegri menningarsögu Evrópu, hvorki meira né minna. Það er hinsvegar ljóst að við Íslendingar nútímans við vitum ekki vel um þetta og það er áhugavert og umhugsunarvert fyrir okkur öll hér að ég er ekki frá því að þegar við fengum handritin heim á sínum tíma þá hafi þau verið meira virði í okkar augum heldur en þau eru í dag. Hugleiðið þetta allavega með mér, ég er ekki viss um það að almenningu sýni handritunum og þeirri merkilegu þekkingu sem að þar er og þeim upplýsingum sem að þar er að finna um sameiginlegan menningararf Evrópuþjóða að við gerum þessu fyllilega skil.

Ég ætla að segja ykkur annað að þegar við lítum yfir það sem að lagt er til í norrænum fræðum í dag þá er framlag Íslendinga, við skulum orða það bara varlega, það er minna en það ætti að vera. Við ættum að vera fremstir í skilningi og útlistun á þessum málum en við erum það ekki og Rögnvaldur Guðmundsson hafði hárrétt fyrir sér þegar hann sagði að við sinntum þessu ekki nægilega vel. Við hvorki skiljum þetta nógu vel né kynnum hann nógu vel. Það sem menn þekkja ekki og skilja ekki nógu vel kynna þeir heldur ekki nógu vel.

Ég held að við ættum bara að láta þetta vera á þessum nótum. Ég skal aðeins kannski nálgast þetta frá svolítið öðrum sjónarhóli. Sjálfur er ég bókmenntafræðingur og ég les þessa gömlu texta þ.á.m. lagatextana sem bókmenntir. Sem bókmenntir er þetta algert einsdæmi í bókmenntasögunni, algert. Það er ekki hægt að bera neitt annað saman við þessar bókmenntir, bæði að magni og gæðum. Okkur sést stundum yfir þetta og við þurfum þess vegna að passa okkur á því að líta svo á að þessi menningararfur sem að er hér mikið fjallað um í þeirri viðleitni að auka skilning þeirra sem að lesa skýrsluna á gildi þessara hluta að þetta er menningararfur sem að nýtur sérstöðu og varpar engum skugga á tröllin okkar og draugasögurnar allar, langt í frá.

Hinsvegar langar mig til að bæta því við af því að hér var kvartað undan því að það vantaði svona drauga og forynjur. Ég taldi að ég hefði ekki miklu hlutverki að gegna í þeim efnum, það væri að bera í bakkafullan lækinn. Það er búið að auglýsa þetta nokkuð mikið og tala mikið um þetta og jákvætt og ég ætla að það sé allt saman mjög gott. En á ég að segja ykkur eitt, munurinn á íslenskum rituðum heimildum frá miðöldum þ.e. frá 12.-13. öld og hollenskum og enskum heimildum frá 14.-16. öld er þessi. Í hollensku og bresku heimildunum úir og grúir af forynjum og ófreskjum. Sjómennirnir sem að sigla um sjóinn þeir láta teikna kort og þið þekkið þau sem eru til í Þjóðmenningarhúsinu og þið sjáið þarna hin margvíslegustu skrímsli sem að þeir hafa séð á siglingum sínum til Íslands. Íslensku heimildirnar eru ótrúlega lausar við þetta og það er hluti af



menningararfleið Íslendinga hversu blátt áfram og praktískar og nákvæmar lýsingar Íslendinga frá þessum árum, þar á meðal Grænlandingasaga og Vínlandsfundur, þetta er eitt af sérkennum þessara sagna hvað þær eru lausar við allan draugagang og standa þar m.a. upp úr öllum miðaldabókmenntum að þessu leiti.

Draugasögurnar og foryrnurnar eru mjög merkilegur þáttur og það skal fúslega viðurkennt hér að hann er vanræktur í þessari skýrslu og tek við þeirri gagnrýni. Hinsvegar er gagnrýnin sem að kom hér fram um að menntunina vantaði, það er viljandi gert. Mér fannst ég vera farinn ærið mikið hér í þessari skýrslu vera farinn inn á svið menntamálaráðuneytisins og mér fannst það ekki við hæfi að taka fyrir menntunina í þessum efnum. Það þyrfti að gera á vegum menntamálaráðuneytisins en kannski á grundvelli þessarar skýrslu.

Nú ég á 30 sekúndur eftir sé ég og það er allt í lagi að sleppa nokkrum athugasemdum, ég held ég þá bara sleppi þeim öllum sem eftir eru, það er allt í lagi.

### **Svanhildur Konráðsdóttir.**

Ég skal reyna að slá vallarmet hérna. Það er að lokum tvennt sem að ég vildi nefna sem að er hægt að líta á sem svona lærdóm sem að við gátum dregið af menningarborginni í tengslum við þetta umræðuefni hér í dag. Það eru tvö lykilorð, annarsvegar "samþætting" og hinsvegar "samhengi". Ég held að það sé mjög holt að hafa þessi tvö orð í huga þegar menn ræða um menningartengda ferðapjónustu. Skýrslan gengur út frá því að tvær meginstoðir íslenskrar ferðapjónustu verði annarsvegar náttúra og hinsvegar menning, ég held að það sé gríðarlega mikilvægt að þessar tvær stoðir standi ekki aðgreindar heldur standi þær saman og menning og náttúra séu þar með samtvinnuð og þetta á bæði við um markaðssetningu og sömuleiðis um vörupróun.

Þetta var yfirskrift menningarborgarinnar "Menning og náttúra" og þetta reyndist gríðarlega öflugt tæki fyrir okkur, bæði í að móta metnaðarfulla og áhugaverða dagskrá og ekki síður í að kynna og markaðssetja það sem menningarborgin snérist um.

Í annan stað vildi ég nefna "samhengið". Ég kom inn á það áðan þegar ég hafði mín byrjunarorð og það er að láta af þessum vertíðarhugsunarhætti. Hætta að djöflast af stað þegar gefur og moka inn og leggja svo árar í bát. Það gengur ekki til lengdar vegna þess að við sóum fjármunum og orku í eitthvað sem að skilar okkur þá engu til lengri tíma. Hafa samhengi í hlutunum, hugsa til enda en ráðast ekki af stað í eitthvað sem að við getum svo ekki klárað.

Síðan held ég að sé holt svona í lokin að hafa í huga þá skilgreiningu sem að við hjá menningarborginni notuðum og hún er sú að menning er það sem vel er gert, menning er allt það sem feugar mannlífið og bætir það en ómenning er allt það sem illa er gert. Takk fyrir.

### **Arnar Már Ólafsson.**

Já ég tók eftir því að sú kenning sem að ég varpaði fram í upphafi um það að þróun menningartengdrar ferðaþjónustu getur haft bæði jákvæðar og neikvæðar afleiðingar í för mér vakti einhverja eftirtekt og yfirleitt voru menn á því að það sé ekki rétt að þróun menningartengdrar ferðaþjónustu geti grafið undan henni.

Staðreyndirnar tala nú víst öðru máli þar sem að menningarferðamennska hefur verið gerð að söluvöru og hún sem sagt seld til þess að uppfylla væntingar og þarfir ferðamanna. Það hefur gerst að menning hafi glatað gildi sínu og ég held að það sé mjög mikilvægt að hafa það hugfast að ef við ætlum að byggja upp menningartengda ferðaþjónustu á Íslandi með þeim krafti sem að hér er lagt til þá held ég að við verðum að gera það með sjálfbærum hætti, sjálfbær þróun er ekki hugtak sem bara á við um umhverfismál heldur menningu líka.

Annars þakka ég fyrir góðar umræður.

### **Guðrún Helgadóttir.**

Þetta fer að verða hörð keppni. Ég vil taka undir með síðustu ræðumönnum, ég vil kannski enda þetta á því að segja að það að taka á móti gestum það er menning, það að fara í heimsókn og að ferðast er menning. Þar af leiðandi er ferðaþjónusta menning, ef vel er gert af góðum hug og vandað til verka þá auðgar það mannlífið en lykilorðið þarna er gæði. Takk fyrir.

### **Jón Jónsson.**

Mig langar kannski til að nefna 3 punkta svona í framhaldi af þessu og 3 óskilda punkta. Í fyrsta lagi þá var dálítið talað um ósýnileika og sýnileika menningarinnar og menningararfsins og þjóðtrú og vætti og þessháttar. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að einskorða sig ekki annað hvort við sýnilega þætti menningararfsins eða ósýnilega til að miðla þeim. Það verður að leggja mikla áherslu á að gera hvort tveggja og sumir hlutar menningarsögunnar eru hreinlega ósýnilegri heldur en aðrir. Svo ég nefni dæmi aftur á Galdrasýninguna á Ströndum þá undirstrikum við þetta sérstaklega á sýningunni með því að sýna ósýnilegan dreng og þannig tengist þetta dálítið dultrúnni.

Í öðru lagi þá held ég að það sé afskaplega mikilvægt að reyna að nota þetta tækifæri sem að við höfum núna til að, ef það verður að raunveruleika að lögð verður þessi aukna vigt í menningartengdu ferðaþjónustuna, reyna að gera alvarlega tilraun til að tengja saman hefðbundnar atvinnugreinar og ferðaþjónustu. Sem sagt menningartúrisma og landbúnað, menningartúrisma og sjávarútveg og menningartúrisma og fiskvinnslu. Ég held að það væri lag að reyna að taka dálítið röskleg á þessum þáttum.

Í þriðja lagi langaði mig til að hrósa skýrslunni hans Andra Snæs sérstaklega. Hún var afskaplega skemmtileg aflestrar og ég hvet ykkur til að lesa hana, það eru margar góðar hugmyndir þarna m.a. um að byggja þjóðfræðahús sem að ég

myndi kalla svo sem að myndi miðla þessum goðaheimi og sýna handritin auk þess að vera vísindastofnun þar sem að fræðimenn í íslenskum fræðum mundu hafa aðstöðu. Það er engin ástæða að mínu mati til að geyma það neitt að stilla Konungsbók Eddukvæða upp, ég veit meira að segja um rétta staðinn til þess, það ætti að gera það í "bláa herberginu" í Þjóðmenningarhúsinu þar sem að núna er skjal sem stendur á "Vér mótmælum allir" sem að einhvern veginn nær ekkert til manns, og sérstaklega ekki til erlendra ferðamanna. Þar væri rétti staðurinn til þess að hafa Konungsbók Eddukvæða í góðum kassa. Takk fyrir.

### **Einar Bollason.**

Já ég var nú eiginlega búinn að semja hér lokaorð og átti að hefjast á þessum orðum; Ég vil þakka allar þær spurningar sem okkur hafa borist. En þar sem að það hefur nú ekki farið mikið fyrir þeim þá vil ég í staðinn þakka þau mörgu fróðlegu erindi sem hér hafa verið flutt, þau hafa verið mjög gagnleg. En þar sem að bæði er nú keppni hér í gangi um hver er fljótastur og ekki bara kaffiilmurinn freisti heldur eru nú svo margir farnir að stelast í kökurnar að ég held að það verði ekkert eftir fyrir okkur hin. Þá ætla ég nú að vera fljótorður.

Ég vil þakka Gulla Bergmann alveg sérstaklega fyrir hans góða innlegg og get alveg fullvissað hann og aðra um að draugar og forynjur spila stórt hlutverk hjá flestum þeim aðilum sem að eru í hálendisferðum og án þess að ég ætli að vera að skýra það út í smáatriðum þá nægir að nefna hér tvö atriði, annars vegar rúmið í Hvítanesi sem að því miður hestamenn eru nú hættir að fá að nota það er komið svo glæsilegt hús þar rétt hjá að það er búið að úthýsa okkur úr einhverjum rómantískasta skála á landinu. Svo ekki síður suðausturhornið á girðingunni á Hveravöllum en þar hafa sennilega flestir ferðamenn dottið af baki á Íslandi. Hvað hvílir þar undir skal ég ekki segja neitt um.

Nú ég vil taka undir með Guðrúnu sérstaklega hvað gæðamál skipta miklu máli í sambandi við menningarferðaþjónustu sem að mér finnst mun skemmtilegra orð heldur en menningartengd ferðaþjónusta. Ég vil þá ekki síst minna á umhverfismál, við þurfum að koma mikið sterkar með þau mál inn í framhald þessarar skýrslu. Nú ég vil svo að lokum taka undir hjá mörgum sem að hér hafa komið fram sem að hafa sagt að sjálfsögðu hefur menningarferðaþjónusta verið hjá okkur í áratugi og kannski aldir. Hún hefur kannski ekki verið nógu sýnileg þannig að ég legg nú til að eitt meginmarkmiðið verði að gera hana skilmerkari og ekki síst og það er alveg ástæðulaust að vera með neina feimni í þeim málum kannski dálítið arðbærari. Takk fyrir.

### **Tómas Þór Tómasson.**

Já ætli ég reyni ekki við þetta blessaða met. Einar stóð sig illa í því. Ég held að ég taki þetta bara saman í tvo punkta fyrst að ég lýk þessu. Ég vil hvetja ykkur til að lesa þessa skýrslu, þetta er dálítill lesning en hún er mjög fróðleg og ég held að hún nái að koma orðum yfir ansi margt sem að menn hafa meira hugsað heldur en kannski reynt að setja niður fyrir sér og skilgreina.

Í öðru lagi vil ég ljúka með því eins og ég hef sagt áður að ég er hræddastur við það að þessi skýrsla fari upp í hillu og liggi þar lengi þannig að ég ætla að koma allavega þeim persónulegu tilmælum til Tómasar Inga að um leið og hann leggur fram þessa skýrslu að hún fái einhverja formlega umfjöllun áframhaldandi þannig að vinnan haldi örugglega áfram. Ég held að það sé það brýnt að ýta þessu úr vör að það taki langan tíma. Ég lýk þessu með þeim punkti.

**John Moreu**

**Glærur (111 KB)**

**Fyrirspurnir til John Moreu úr sal.**

**Einar Gútavsson, Ferðamálaráð Íslands í New York:**

Who are the factory tourists?

**John Moreu:**

It started with the Dutch themselves. And that is what you have to do because you have to build a base among your own local community, your own population. They have to carry it. Then we offered it in all of our programs to the foreign travel trade to be included in packages or as an optional for individuals. We presented it through the national tourist boards offices in all the different languages and what we do is that we spend a lot of effort, and therefore money, on what is called free publicity.

Free publicity doesn't exist, free publicity is very expensive but if you do it well suddenly you get magazines which have great credibility and are recognized for their acknowledgement, architecture and things like that. They start writing about it. They are recommending that people if they are in Holland should go on these tours. And suddenly that happens, because if we tell them they say "sure, you are selling" but if the editor of "Domus" which is a very famous architectural magazine in Italy for instance writes about it and says it is worth while then people will go. But you have to take five years before it really starts to take off.

**Guðrún Helgadóttir, Hólaskóla:**

Thank you for a very informative talk. I am particularly interested in the zap tourist. What do we do with them when they grow up?

**John Moreu:**

Then the first thing we buy is an old age home.... no! The zap tourist will grow up but will then come into the group of let's say 45-50 year old group. We'll have a much more distinct life style and a knowing of what he or she wants. And they will become a much more of what I would almost describe as a regular tourist, if I may say so. The pace will be slower and don't forget if they do it right they do create new zap tourists for us.

In the 70's Amsterdam was known as the "Hippy capital" of the world. Some of you are old enough to remember, many of you are not but some of you are old enough to remember that. We found out that 25 years later the hippis that slept on Dam square in the open air came back with their children to show them where they slept outside 25 years ago but then they went to the Youth Hostel. That is interesting and not planned, you can't organize that.

**Ópekkur:**

I would like to ask about the role of market research and how important it has been in your job in Amsterdam.

**John Moreu:**

In short, absolutely vital. Because if you don't have the research there is nothing you can do. Yes, you can do a lot of things but you have no idea what you are doing and if you are doing the right thing. Research, many tourist boards do research primarily statistical and that is important because you have to be able to measure from year to year etc. But that is not marketing research. That is statistical data that you need to justify to the government why you need more money. Market research is to go to the client and ask what the client wants. Every market research in my opinion starts with asking the client what he wants. Not that you can meet everything the client wants but if you don't know what your clients want then you go back to what we could call being "product oriented". We produce something and throw it on the market and basically ram it down the client's throat.

That was a big mistake that Henry Ford once made when he said; "They can get any Ford they want as long as it is black". Ford almost went bankrupt, because not everyone wanted a black T-Ford.

So it is absolutely vital and I have in one company that is called The Amsterdam Marketing and Data Center five people work full time on research and related activities because it is that important.

**Bjarnheiður Hallsdóttir, Katla Travel:**

How important is the industrial tourism for Holland and what is "Milkie".

**John Moreu:**

I was sure this question would come up so I should have looked it up. It has something to do with more income and less kids and something else. Advertising agencies are always coming up with new names, I've read it once, it is in one book and I have never seen it again. Don't worry about it.

How important is industrial tourism. At the moment if you look at it from the point of view of quantity, it is not yet a major. But for instance the city of Rotterdam, the first one in Holland that developed architectural tourism and industrial tourism came as a result of that. Arcitectural tourism has become a

major factor. We do get a lot of students, architects, engineers, designers etc. primarily to Rotterdam because of the modern new architecture. And as a spin of that came then industrial tourism.

But we are not talking about thousands of people yet, but as I said before it takes 5-6 years for something like that to grow and catch on. Never when you develop things like that expect short term quick results. First, they don't happen and number two it is going to cost you ten times more than you can afford because then you have to ram it into the market and number three what I find the greatest danger is that by doing it that way you put something on the market without thinking about all the consequences that it may have for the local population, for employment, for the environment etc.

Also if you do it the wrong way you are already what we call in Dutch slaughtering the goose with the golden eggs before you even have the goose. So, as I said with museum and exhibitions it has taken us seven years very frustrating seven years I tell you. It's now one of the most successful programs we run. Not because it is right or wrong, please, these are just illustrations.

**Tómas, Hótel Borg:**

Yes, I have this one question. What affect has hass being legal in Holland have on the tourist industry there and should we legalise hass here in Iceland.

**John Moreu:**

Now sit down cause this is going to take a while, I am going to explain the government policy of the last 26 years.

No, hass in Holland is not legal, first of all. There is a special word in Dutch that I have never found an English word for but it is accepted within certain rules and regulations i.e. that a user can not have more than 5 gramms and a coffee shop can not sell more than 5 gramms to an individual pr. day and that sort of things and can not have large stock etc. On the other hand it is still by law not legal but it is accepted because we decided, and I have to agree from my experience in Amsterdam, that you can spend billions of dollars on trying to fight marijuana or hass and you will never win. All you do is that you leave it in the hands of the criminals which makes it even more attractive. So we do it this way, it is not legal, it is accepted and it is decriminalized which is important.

That is entirely different from our point of view regarding hard drugs. They are forbidden, remain so, anybody caught goes to jail, the dealer, the user etc. although with the users we have a littlebit more clemency than with the dealers.

So, on the other hand I will be very honest, I spoke to somebody earlier today that you do surveys and ask people what they do. Now one of the things we always ask in Amsterdam if they visited "The red light district". Fantastic,

nobody does. You come on a summernight into "The red light district" and you can't move because of the people and they are not locals. But nobody goes there. Now we know that on the tourism expenditure for example from Italy that of the younger people between 20-30 16% will visit the coffee shops and smoke a joint. Now I can not guarantee you that if we didn't have the coffee shops they would not come because the same are among the largest number of visitors to visit the Van Gough museum, cause Van Gough is very popular in Italy. It is very difficult to separate all of this. But when you have outside research agencies do you research for you and not do it yourself people have the tendency to be much more honest in answering the questions because they can be anonymous.

So we know that 26% of all the foreign visitors that come to Amsterdam visit "The Red light district" at least once, we know. Now we don't necessarily use that as our primary promotional material, but we don't hide it either. We do publish it, every year I used to do a press conference when we had our annual figures and reports and we would always get these questions and I would give the answer.

So yes it is very much a part of the attraction of Amsterdam as a city on certain groups like other cities have other attractions for other groups for other specific reasons. I don't think that most of the foreign visitors to Hamburg go to visit the harbour, but again in Hamburg nobody visits the red light district there according to the survey. So who pays for all the real estate? So yes it is important but it is not the dominant factor because then we would not survive. It is a side effect and it has created the image that Amsterdam and Holland as a whole is a fairly tolerant society and that again is appreciated by a lot of people. As long as you can be yourself, if you don't bother somebody else somebody else will not bother you.

That has created that Amsterdam for many years was the advertising agency capital and a capital of graphic design. All these things are linked and you can also link them with the arts. A number of world premiers from famous composers have taken place in Amsterdam because of the atmosphere.

### **Alm. umræður og ályktanir Tómas Ingi Olrich.**

Fundarstjóri, góðir félagar. Ég ætlaði nú bara að koma hérna upp til að þakka ykkur fyrir líflega umræðu um skýrsluna um menningartengda ferðabjónustu. Hún var mér mjög gagnleg og ég vona að hún sé bara upphafið að frekari umræðum. En það er orðin dálítið löng vaktin hjá mér núna þannig að ég er að hugsa um að draga mig í hlé og skilja ykkur eftir í höndum Ísólfs Gylfa, varaformanns Ferðamálaráðs, og hann mun fara mjúkum höndum um ykkur vona ég. Þakka ykkur kærlega fyrir.

Guðný Margrét Emilsdóttir, fyrrverandi starfsmaður Ferðamálaráðs og Flugleiða á Ítalíu.

Ágætu ráðstefnustjórar, formaður Ferðamálaráðs Tómas Ingi Olrich, Magnús Oddsson ferðamálastjóri og mitt ágætasta samstarfsfólk.

Nú eins og þið heyrðuð, ég heiti jú Guðný Margrét Emilsdóttir og hef unnið fyrir Ferðamálaráð Íslands og Flugleiðir. Þetta hefur verið sem sagt sameiginlegt starfsgildi þessara tveggja fyrirtækja og það hefur verið þannig að Ferðamálaráð Íslands hefur greitt ca 50.000 mörk í þetta verkefni og því var sem sagt, sagt upp þessu starfsgildi af hálfu Ferðamálaráðs þann 31. mars. Ég var með 6 mánaða uppsagnarfrest þannig að eðlilega hefði þetta verið þá 30. september sem að ég hefði þá átt sem sagt að ganga út.

En Flugleiðir vildu ekki sem sagt segja upp starfsgildinu það hafði að vísu eitthvað farið fram þarna munnlegar umræður en þeir vildu það ekki í ljósi þess að það hafði verið mikill uppgangur á Ítalíu. Sem sagt fjölgun ferðamanna til Íslands, fjölgun Ítala til Íslands, í ljósi þess þá vildu Flugleiðir ekki segja upp starfsgildinu. Og Haukur Birgisson sem að var minn næsti yfirmaður hann lofaði mér því að það yrði unninn sem sagt annar samningur. Sem sagt að þessi gamli samningur væri barn síns tíma. Þannig að það kemur nýr samningur.

Nú síðan fæ ég, ég er auðvitað bjartsýn, ég fæ ekki að vita það fyrr en 10. september að það kemur enginn nýr samningur. 10. september sem sagt og ég var sem sagt að bíða eftir þessum samningi sem að mér var lofað. Það sem ég er að reyna að segja núna er það að mér finnst náttúrulega alveg fáránlegt þegar orðinn er uppgangur eins og slíkur á Ítalíu að 1994 þegar ég hef störf þá eru Ítalir rétt rúmlega 3.000 og í fyrra þegar við lokuðum árinu þá voru þeir 8.147 þegar við lokuðum í fyrra.

Þannig að það hefur orðið þarna tæp þreföldun frá 1994-2000. Þannig að það er ekki hægt að bera það fyrir sig. En Ferðamálaráð bar það fyrir sig að það væru þessi 50.000 mörk eða þetta fjármagn sem að fór í Ítalska markaðinn. Það markaðsstarf sem að hefur verið unnið sem sagt er gífurlegt og það vita auðvitað kollegar mínir bæði auðvitað Einar og Pétur Ómar og Guðrún líka í París, Dieter Wendler, Haukur Birgisson o.s.frv. þetta góða fólk og það vantar að vísu einhverja hérna. Það er bæði búið að láta, ekki bara þá þetta fjármagn í þessi ár, heldur það hefur orðið ákveðinn uppgangur og það er búið að veita ákveðnar upplýsingar. Það er búið að vera kynningarstarf með ferðum fjölmiðla til Íslands, búið að halda kynningar fyrir fyrirtæki og stofnanir, ferðaheildsala. Það er búið að svara fyrirspurnum og það er búið að vera virkilega mikil virkni í allri fjölmiðlaumfjöllun um Ísland, bæði í sjónvarpi og tímaritum og blöðum og útvarpi og þess háttar.

En það sem að mér finnst líka verða að koma hér fram er hverskonar ferðamenn eru Ítalir. Mér finnst maður alltaf vera að horfa á einhverjar tölur, jú



Það eru komnir yfir 40.000 Bandaríkjamenn og það eru búnir að koma þetta margir Þjóðverjar og það eru búnir að koma þetta margir Frakkar og Bretar en mér finnst svolítið hafa gleymst í þessari umræðu Norðurlöndin. Mér finnst það aðeins, kannski af því að þeir standa svona nálægt okkur, en þetta er alveg gífurlega mikill og mikilvægur markaður fyrir okkur.

En Ítalirnir sem að koma til Íslands þeir dvelja mjög lengi og þess vegna er þetta mjög verðmætur markhópur. Þeir eru hérna að meðaltali 10 nætur, Ítalirnir, og þess vegna ef við förum að margfalda einhvern ákveðinn fjölda af ferðamönnum sinnum þeirra gistinætur o.s.frv. þá hljótum við að sjá verðmæti markaðarins í öðru ljósi heldur en kannski, ég veit ekki hversu lengi kannski Bandaríkjamenn dvelja hvort það eru 4-5 nætur að meðaltali ég ætla ekki heldur að fara að tal heldur um það. Við verðum líka að skoða þetta og þegar Ítalir ferðast þá eru þeir ekkert ólíkir okkur Íslendingum að því leyti að hann er þá stöðugt líka að eyða í sjálfan sig, í góðan mat, hann eyðir líka í góð vín þó svo að einhver vínflaska sé dýr hjá okkur, 10.000 lírur sem eru 460 kr. en það er mjög dýr vínflaska á Ítalíu en góð vínflaska hér kostar kannski 4.000 þá láta þeir þetta eftir sér af því að þetta er bara hluti af ferðalaginu hjá þeim. Annars er þetta ekki ferðalag.

Auðvitað erum við líka mjög svipuð með þetta erlendis. Þeir eyða mjög miklu í minjagripum og ég hef verið mjög mikið með þá sem leiðsögumaður og þeir spyrja mig alltaf þegar þeir eru búnir að versla svo og svo mikið af minjagripum, hvað get ég keypt meira. Þeir eru búnir að versla lopann og það er búið að kaupa keramik og það er búið að kaupa gler og sitt lítið af hverju. Þeim finnst vanta meiri margbreytileika í minjagerð á Íslandi. Þeir kvarta undan þessu og það eru Sikileyingar, þar sem meðalhiti árs er kannski 15-20° og á sumrin fer þetta upp í 40°. Þeir eru að kaupa lopapeysur. Ég skil ekki hvað þeir eru að gera með þetta, þeir eru að flytja þetta heim til Sikileyjar.

En það sem að ég vildi líka benda á að það eru allir alltaf að tala um hausatölu og með því að gerast aðili að Schengen þá eðlilega getum við ekki talið ferðamenn og þá spyr ég kannski Magnús Oddsson að því, vissum við þetta ekki með einhverjum ákveðnum fyrirvara þannig að kannski var hægt að innleiða eitthvert nýtt kerfi þegar fólkið fór út úr landinu. Vissum við þetta ekki með einhverjum ákveðnum fyrirvara, þetta kom ekki bara allt í einu og þá gátum við ekki lengur talið. Ef að þessi talning er svona mikilvæg.

Ég vil líka kannski leiða mál mitt að því, var þetta ár í ár, eruð þið ánægð með það fram að 11. september. Var þetta svona rosalegt dúndurár. Þegar ég var að ferðast bæði í júlí og ágúst þá heyrði maður að það vantaði í hópferðir svo maður tali ekki um Hópferðamiðstöðina og alla þá bíla sem að þar lágu, þennan bílaflota. Hótel úti á landi kvörðuðu mjög mikið en mér heyrst að hótél í Reykjavík, jú þetta var svona eitthvað fyrir neðan árið í fyrra, sem sagt gistinætur í Reykjavík. En bílaleigurnar áttu gott ár.

Þess vegna spyr ég, eigum við ekki kannski að kíkja aðeins á það. Gistinætur í fyrra til kannski 31. ágúst árið 2000 og taka svo gistinætur til 31. ágúst 2001. Gefur þetta ekki okkur einhverja mynd af hvernig allavega árið fyrir hryðjuverk var. Það er annað, af því að það er verið að biðja mig að flýta mér hérna.

Af því að það er búið að vera að tala um menningartengda ferðapjónustu o.s.frv. Jú Ítölum finnst mjög gaman að fara í torfbæina og heimsækja Þórð o.s.frv. en þeim finnst alveg þegar maður fer að tala um allar okkar Íslendingasögur o.s.frv. þá sofna þeir alltaf. Þeim finnst þetta ekki skemmtilegt af því að Arnar Már kom aðeins inn á þetta áðan. Það er ekki neitt svona allavega sem þeim finnst með Íslendingasögurnar en auðvitað er það eitthvað sem að er sýnilegt og helst kannski eins og að koma í Stöng og Glaumbæ og að Víðimýri o.s.frv. Þeim finnst alveg Skagafjörður frábær og að vera þar bæði upp á Víðimýri og Glaumbæ og það er Grettir og Drangey o.s.frv.

En það er líka annað í sambandi við hryðjuverkin og það er búið að vera að tala hér um sóknarfæri og ég sé það auðvitað líka á Ítalíu. Vegna þess að sko ég er alveg viss um það frekar einmitt eins og var þegar Persaflóastríðið var þá var alveg þvílíkur uppgangur sem sagt að Ítalir til Íslands þeim fjölgaði þvílíkt mikið þannig að það getur líka orðið núna ef að við sækjum inn á þennan markað.

Mig langar til þess að nota hérna tækifærið og ég vil þakka því fólki sem að ég hef unnið með og bara allri ferðapjónustunni því að það hefur verið einstaklega gaman og gott starf sem að ég hef átt með ykkur og ég er ekkert að fara, ég vil að þið hafið það bara á hreinu. Hvað sem að verður, ég er ekkert að fara og það bara verður þá líka sóknarfæri. Það verður líka að sjá það þannig, hvað sem verður, og ég vil líka að Ferðamálaráð kannski endurskoði það hvort að virkilega þeir ætli ekki að setja áfram fjármagn í þennan markað. Takk fyrir.

Hrönn Greipdóttir, hóteltjóri Radisson SAS Hótel Saga.

Ráðstefnustjórar, ágætu fundarmenn. Voðalega hefur fækkað hér í salnum. Ég ætla ekkert að tala um nýtingu hótela í Reykjavík en ég vil byrja á því að þakka fyrir góða ferðamálaráðstefnu. Ég held að sú umræða sem að hefur farið hér fram í dag nýtist okkur vel í þeim ólgusjó sem að við erum í nú og sjáum framá á komandi mánuðum.

Ég er hingað komin í pontu til þess að flytja fundinum ályktun sem að ég legg svo fyrir ráðstefnustjóra til viðeigandi afgreiðslu.

**Ferðamálaráðsstefnan 2001 haldin á Hvolsvelli 18. október ályktar:**

*Nauðsynlegt er í ljósi atburða síðasta mánaðar og þeirra upplýsinga sem liggja fyrir að bregðast við til að tryggja tíðni og áfangastaði núverandi leiðakerfis Flugleiða, sem er hornsteinn ferðapjónustunnar hér á landi.*

*Ráðstefnan telur að þær aðgerðir sem gripið verði til eigi að vera almennar aðgerðir til stuðnings við núverandi markaðsaðgerðir og áætlanir næstu mánaða frekar en sértækar aðgerðir eða algjörlega ný aðkoma að markaðsvinnunni.*

*Ráðstefnan er sammála um að trygging leiðakerfis Flugleiða er ekki aðeins hornsteinn ferðapjónustunnar heldur forsenda fyrir þátttöku fyrirtækja í alþjóðlegu viðskiptalífi. Gera megi ráð fyrir að einhver þeirra flyttu starfsemi sína erlendis, ef ekki nyti þeirrar tíðni og fjölda áfangastaða, sem íslenskt viðskiptalíf nýtur nú.*

*Ráðstefnan telur að með sameiginlegum aðgerðum stjórnvalda og ferðapjónustunnar til að tryggja áframhaldandi tíðni samgangna við landið verði hagsmunir atvinnulífsins í heild og ríkissjóðs best tryggðir við þessar erfiðu aðstæður.*

*Ráðstefnan skorar á stjórnvöld að sýna með óyggjandi hætti að verið sé að snúa vörn í sókn með myndarlegu fjárframlagi til markaðsstarfs.*

***Flutningsmenn: Anna G. Sverrisdóttir, Einar Bollason, Erna Hauksdóttir, Garðar Vilhjálmsson, Helgi Pétursson, Hrönn Greipsdóttir og Þorleifur Þór Jónsson.***

***Ályktunin er samþykkt með þorra atkvæða gegn fjórum mótatkvæðum.***

### **Þórunn Reynisdóttir, framkvæmdastjóri AVIS á Íslandi.**

Góða kvöldið. Í sambandi við þessa ályktun sem að hún Hrönn var að flytja hérna rétt áðan vil ég koma á framfæri hvað hana varðar að ég tel það mjög brýnt að Flugleiðir séu styrktir með hvaða nafni sem að menn vilja nefna það, markaðsfjármunum eða lagfæringum á lendingargjöldum eða hvað sem menn vilja kalla það. En það verður að verða núna með einu skilyrði árið 2001 að þeir byrji á að selja sín dótturfyrirtæki sem eru bílaleiga, hótél, hvað sem þau nefnast. Það verði frumskilyrði að þau verði seld áður en ríkið setur nokkuð fé inn í fyrirtæki þeirra.

Ég vil koma þessu á framfæri og vonast til þess að Ferðamálaráð, SAF sjái til þess að það verði gert með einum eða öðrum hætti svo að hægt sé að styrkja móðurskipið, Flugleiðir, með myndarlegum hætti í framtíðinni og fjármagna það jafnvel. Ég væri tilbúin til að setja hagnað af mínu fyrirtæki þetta ár í móðurfélagið svo framarlega sem ég nyti hluta af markaðsstarfsemi þeirra. Takk fyrir.

### **Karl Sigurhjartarson, Ferðaskrifstofa Vesturlands.**

Ég held að flestir hér séu sammála í meginatriðum þessari ályktun. Mér fannst hún full löng, ég held að það hljóti að vera hægt að koma þessu til skila í styttra

máli. En það var eitt sem ég hnaut um og það er í sambandi við það aukna fjármagn til markaðsaðgerða. Ég get ekki séð að við hér séum í stakk búin til þess að ákveða það að því fé skuli ekki varið til sértækra aðgerða. Við höfum ekkert skoðað þetta mál og ekkert kannað þetta mál. Ég held að það séu allir sammála um að það þurfi að leggja verulega aukið fjármagn til markaðsaðgerða en ég treysti mér engan veginn til að segja eitthvað um það hvort að það eigi endilega að vera stuðningur við nú þegar fyrirhugaðar aðgerðir eða hvort að það eigi að reyna eitthvað algerlega alveg nýtt. Takk fyrir.

### **Tómas, Hótel Borg.**

Góðir ráðstefnugestir. Mér datt í hug svona á síðustu mínútunum að koma með uppástungu sem að menn geta hugsað, ekki endilega ályktun. En ég er nú búinn að standa í fyrirtækjarekstri sjálfur fyrir mig og einkarekstri í ein 20 ár og reka fyrirtæki fyrir aðra í ein 10 ár þar á undan. Yfirleitt er það þannig að svona þegar maður gerir áætlun fram í tímann, rekstraráætlun, þá er alltaf ákveðin upphæð sem að er tekin og sett í auglýsingar og t.d. ef við tökum McDonalds, ég kynntist þeim nú fyrir 15 árum síðan og þá höfðu þeir fyrir reglu að auglýsa fyrir 4% af veltunni og til öryggis þá auglýstu þeir fyrir 6% til þess að fá örugglega nógu marga kúnna inn og það hefur heppnast mjög vel hjá þeim.

Ég sting upp á því að ríkið sem að hefur sannarlega milljarða ofan á milljarða í tekjur af öllum túristunum okkar að það verði skyldað til að eyða svo og svo miklu prósentulega séð af öllum þessum tekjum sem að þeir fá af túristunum í auglýsingar fyrir Ísland úti í heimi og þá njótum við öll góðs af. Takk fyrir.

### **Eva Sigurbjörnsdóttir, hótelstýra á Hótel Djúpavík.**

Ég fattaði það bara á síðustu stundu að ég ætlaði að fá að leggja herna fram ályktun. Ég er bara ekki alveg búin að skrifa hana. Get ég fengið nokkrar mínútur.

Eins og þið vitið eflaust mörg ykkar þá er ansi afskekkt heim til mín, eða það er allavega langt þangað. Maður er ekki alltaf verulega ánægður með vegina. En þegar ég las það í fréttabréfi SAF núna fyrir stuttu að SAF myndi styðja þá kröfu að lagður yrði heilsársvegur að Dettifossi þá datt mér nú í hug að það væri kannski hægt að fá SAF til að styðja það líka að það yrði lagður heilsárs vegur heim til mín þar sem ég er að reyna að stunda ferðapjónustu.

Það hafa líka gerst þau undur og stórmerki að það er búið að panta hjá mér allt hótelið um áramótin og ég verð sjálfsagt að ganga í það að kaupa allar þær vörur og hafa þær til sem ég þarf að eiga til að taka á móti 25-30 manns en svo er það ekki undir mér komið eða þeim hvort að þau geta komið af því að það er óvíst að það verði hægt að keyra til mín, vegurinn gæti verið lokaður.

Þar af leiðandi þá samdi ég herna ályktun sem hljóðar svo:

**31. ráðstefna Ferðamálaráðs haldin á Hvolsvelli 18. október 2001**  
**ályktar:**

*Ráðstefnan hvetur samgönguráðherra, samgöngunefnd Alþingis og fjárveitingavaldið í heild til þess að jafna sem kostur er samkeppnisaðstöðu ferðaþjónustuaðila með því að veita auknu fé til vegabóta á þeim vegum sem verst eru settir í dreifbýli.*

**Flutningsmaður: Eva Sigurbjörnsdóttir.**

**Ályktunin var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

Hrönn Greipsdóttir, Radisson SAS Hótel Saga.

Ráðstefnustjórar, ágætu fundargestir. Svona rétt til að fá að fylgja þessari ályktun sem að ég flutti hér áðan fyrir hönd þess hóps sem að ég sagði þá að stæði að henni. Þá langar mig til að byrja á því að svara vinkonu minni, Þórunni. Hugmyndafræðin á bak við þessa ályktun er náttúrulega fyrst og fremst að fá aðgerðir nú strax. Og ég held að það liggi nokkurn veginn í augum uppi að Flugleiðir grípa ekki til þeirra aðgerða að selja dótturfyrirtækin sín svo að til þessa megi koma sem að við erum að fara fram á í þessari ályktun.

Ég tel líka, það kom hér fram í morgun í erindum þeirra sem að töluðu þá að sjaldan eða aldrei hefur verið mikilvægara að snúa bökum saman. Ég stend sjálf í þessari samkeppni við dótturfyrirtæki Flugleiða en ég held að núna þá sé það mjög mikilvægt að við lítum á ferðaþjónustuna sem eina heild og hvernig VIÐ ætlum að koma okkur upp úr þessum öldudal sem að við erum í nú.

Umræður um sölu dótturfyrirtækja Flugleiða held ég að ættu þess vegna að bíða betri tíma. Takk fyrir.

**Þórunn Reynisdóttir, framkvæmdastjóri AVIS á Íslandi.**

Ég verð nú að fá tækifæri til að svara vinkonu minni henni Hrönn. Við erum nú saman í bíl þannig að þetta er nú allt í góðu. En hérna, ég sé ekki aðra ástæðu til annars en að þó við séum að tala um að ferðaþjónustan sé að vinna þetta í heild en að Flugleiðir áttu í verulegum vanda áður en 11. september kom til og ég tel að áður en ríkið fer nokkuð að skipta sér af Flugleiðum, og ég er tilbúin ég bauðst til þess að kaupa Hertz um daginn, og ef menn segja nei við því án þess að vita hvað verðið er þá er nú eitthvað meira en lítið að. Á sama degi segja þeir upp 300 manns, 284, og ég átta mig ekki alveg á þeirra umhverfi og ég átta mig ekki á þeirri umræðu hérna hjá SAF, með fullri virðingu fyrir því góða félagi og þeim sem þar sitja, að vera að verja alltaf Flugleiðir.

Flugleiðir eru bara eins og hvert annað fyrirtæki, það verður að vinna sína heimavinnu eins og við hérna sem sitjum hérna, sækja okkar þjónustu og þeir verða að vinna sína heimavinnu líka.

Ég ætla aðeins að bæta einu við varðandi Ferðamálaráð. Mig langar Magnús að fá að heyra frá þér varðandi Ítalíu hvers vegna þeirri skrifstofu var lokað, það er búið að vera að vinna þarna geysilega mikilvægt starf undanfarin ár og ég tel þetta mjög ranga ákvörðun. Þetta er einn af fáum mörkuðum sem hafa skilað okkur Íslendingum verulega góðum tekjum. Takk fyrir.

### **Magnús Oddsson, ferðamálastjóri.**

Ráðstefnustjórar, góðir ráðstefnugestir. Ég ætlaði nú ekki en til mín var beint tveimur spurningum. Fyrri spurningin var frá Guðnýu Margrétu varðandi það hvort var ekki vitað um talningarleysið. Jú, það var löngu vitað og Ferðamálaráð byrjaði að skrifa bréf og ræða við sýslumann og utanríkisráðuneytið nokkrum mánuðum áður en að til þess kom og hefur haldið því áfram síðan og hefur leitað annarra leiða í þeim vanda og það mál er nú á borðum tveggja ráðherra. Þannig að svarið við spurningunni er jú, það var löngu vitað.

Síðan spurði Þórunn Reynisdóttir, af hverju hefði komið til, það er ekki lokun að vísu heldur er verið að segja upp starfi sem að verið hefur á Ítalíu. Það er ekki verið að hætta markaðsvinnu á Ítalíu, það verða að sjálfsgöðu áfram gefnir út bæklingar og sinnt fyrirspurnum og öðru.

En svarið er ósköp einfalt, það blandast engum hugur um að Guðný Margrét Emilsdóttir hefur unnið geysilega gott starf og þetta snertir ekki persónur svo að það sé nú á hreinu. Það snertir einfaldlega það að, þetta er svolítið langt mál, að hér var stofnað eins og menn vita Markaðsráð ferðapjónustunnar. Markaðsráð ferðapjónustunnar hefur markað ákveðna stefnu í því hvað séu A-markaðir og B-markaðir og C-markaðir og lögð hefur verið sú lína að leggja markaðslega áherslu þegar menn hafa takmarkað fjármagn á svokallaða A-markaði.

Um það leiti sem að ákveðið var að hætta þessari starfsemi á Ítalíu þá komu uppsagnir, eins og þið vitið, frá Flugleiðum á samstarfssamningi sem að hefur verið í London og síðan í Kaupmannahöfn þannig að við stöndum frammi fyrir því að þurfa að sinna því verkefni sem að Flugleiðir hafa sinnt þar án greiðslu og einfaldlega þegar fjármagn er takmarkað þá verður að færa það til eftir því hvernig kaupin gerast á eyrinni og því miður í þessu tilfelli varð mjög góður starfsmaður fyrir því að fara úr starfi en svona gerast nú hlutirnir og ein af mínum óskum er auðvitað sú að okkur takist að fá það fjármagn að við getum sinnt Norðurlöndunum, Bretlandseyjum og síðan Ítalíu, Sviss og Austurríki þessum mörkuðum sem að eru hér og eru okkur verulega mikilvægir. Ég ætla ekkert að fara út í þá umræðu hver er mikilvægastur, það er svo margvíslegt hvernig menn nálgast það.

Þannig að þetta er í fyrsta lagi ákvörðun um forgangsörðum markaða sem tekin er af Markaðsráði og í öðru lagi er þetta spurning um það að við þurfum að taka á okkur stærri byrgðar frá 1. janúar núna næstkomandi enda kom uppsögnin til framkvæmda núna á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Því miður og ég vona svo sannarlegar að við fáum það fjármagn sem þarf til að snúa þessu við aftur og eins og ég sagði hér í morgunn og endurtek að geta snúið vörn í sókn á Ítalíu jafnt sem annarsstaðar. Þetta er svarið við spurningunni. Takk fyrir.

### **Rögnvaldur Guðmundsson, Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar.**

Örstutt varðandi þessa talningu ferðamanna. Það er spurning hvort að hægt er að fá þetta eitthvað skýrar hjá Magnúsi hvort að hann hefur trú á því að þetta mál leysist við skulum segja fyrir áramótin eða á næstu mánuðum. Að menn nái því að telja gesti á einhvern hátt þá út úr landinu eða hvernig það er. Þetta er alveg grundvallaratriði í öllum rannsóknum að þetta liggja fyrir og við Íslendingar stöndum mjög vel að vígi hvað þetta varðar að vera með einn stað þar sem inn koma yfir 95% af öllum gestum til landsins.

Þannig að það er grundvallaratriði að þetta mál leysist sem allra fyrst og þó fyrir hefði verið. Vegna þess líka að gistinætur á Íslandi eru taldar af Hagstofunni og koma nokkuð seint fram og þar að auki vita menn að þær ná ekki yfir nema svo sem helminginn af gistinóttunum á Íslandi. Þetta er mjög einfalt reikningsdæmi, í fyrra komu 150.000 manns hérna yfir sumartímann og samkvæmt könnunum Ferðamálaráðs gistu þeir að meðaltali 10 nætur það er 1.5 milljón. Síðan voru aðrar 150.000 sem gistu í 5 nætur og þá bætast við 750.000 gistinætur. Samkvæmt þessu eru gistinætur útlendinga svona á bilinu 2,2 - 3 milljónir talsins en Hagstofan telur sem sagt ellefuhundruð og eitthvað þúsund.

Þannig að það er grundvallaratriði ef við ætlum að telja gistinætur að geta talið ferðamenn inn í landið. Þetta er grundvallaratriði og menn hljóta að þurfa að leysa þetta eins fljótt og hægt er. Ég vil bara beina því til Magnúsar hvort að hann hafi trú á því að þetta leysist á næstu mánuðum.

### **Jón Baldur Þorbjörnsson, Ísafold ferðapjónusta.**

Ég má til með að nota tækifærið og slá þrjár flugur í einu höggi hérna, það er að styðja Evu vinkonu mína Sigurbjörnsdóttur og í öðru lagi að koma með örlítið innlegg í vísnaumræðuna sem að var hérna áðan þótt það sé reyndar ekki frá mér komið og þá er það þriðja flugan að þetta er eiginlega menningartengt sem að ég ætla að segja.

*Athvarf mikið er til ills vinar  
þótt á brautu búi  
En til góðs vinar liggja gagnvegir  
þótt hann sé fyrr farinn.*

Þetta er reyndar úr Hávamálum. Ég styð Evu hjartanlega í hennar tilraun til þess að halda úti hóteli í Djúpuvík og það heilsárshóteli. Helst vildi ég geta verið með í þessu trússi sem að kemur til þín um áramótin Eva og bið ég Vegagerðina að splæsa í ýtu.

### **Tómas Tómasson, Hótel Borg.**

Ég beini þessari spurningu til Magnúsar Oddssonar væntanlega og ég segi eins og Densel Washington sagði í myndinni Philadelphia, viltu útskýra þetta fyrir mér eins og ég væri 6 ára. Mér heyrðist hérna fyrr í dag vera talað um það að á síðastliðnum 5 árum þá hefði ferðamönnum fjölgað úr 200.000 í 300.000 og svo er sagt að það sé verið að skera niður fé til Ferðamálaráðs en mín reikningslist getur ekki skilið þetta ef að ríkið hefur góðar tekjur af ferðamönnum og ríkið rekur Ferðamálaráð af hverju er verið að skera niður ef að aukningin er svo mikil. Takk fyrir.

### **Magnús Oddsson, ferðamálastjóri.**

Ég væri held ég mjög óraunsær ef ég segði það Rögnavaldur að ég væri bjartsýnn á það að þetta talningarmál leystist á næstunni. Þetta er búin að vera ótrúleg, ég ætla nú ekki að kalla það þrautagöngu en það eru búnir að vera ótal veggir sem að menn hafa rekið sig á og það er búið að velta upp ótal möguleikum og leiðum. Þetta er framkvæmanlegt eins og sýslumaður á Keflavíkurlflugvelli sagði ef þið eigið 20 milljónir þá skal ég gera þetta. Þannig að þetta er framkvæmanlegt en ég held að þetta sé ekki eitthvað sem að er að detta ofan úr loftinu einhver lausn á þessu alveg á næstunni en á meðan eins og sagt er í verkföllum, meðan áfram er talað þá er von um lausn.

Varðandi spurningu Tómasar Tómassonar þá hefur kannski einhver misskilið mig því að ég sagði ekki að það hefði verið skorið niður. Sem betur fer hefur það alls ekki gerst eins og þið vitið þá hefur Markaðsráð ferðapjónustunnar orðið til á þessum árafjöldum sem vinnur að markaðsmálum. Það sem aftur á móti hefur auðvitað gerst er það að kostnaðurinn vegna þessara auknu umsvifa á mörkuðunum eykst. Það kostar auðvitað miklu meira að sinna tvöfalt fleiri Bandaríkjamönnum í Bandaríkjunum, í heilli heimsálfu með upplýsingaefni svörun fyrirspurna og öllum þeim tengslum, heldur en helmingi minna. Þannig að kostnaðurinn á öllum okkar svæðum vegna reksturs er einfaldlega að aukast. Það hefur alls ekki verið skorið niður og þegar við erum að taka við Norðurlöndunum og Bretlandi, eðlilega hefðum við átt að vera auðvitað búnir að sinna því lengi, þá einfaldlega þurfa menn að reyna að hagræða og færa til fjármuni. Þannig að það má alls ekki fara héðan með það að það hafi verið skorið niður. Það hefur ekki verið gert en að sjálfsögðu vildum við sjá miklu meira.

### **Ráðstefnuslit**

**Ísólfur Gylfi Pálmason**

**Varaformaður Ferðamálaráðs Íslands.**



Ráðstefnustjórar, ágætu ráðstefnugestir.

Einhversstaðar stendur að margar hendur vinni létt verk og þetta hefur verið ákaflega ánægjuleg ráðstefna. Það hafa auðvitað margar spurningar vaknað og mörgum spurningum verið svarað. En ég er alveg viss um það að öllum spurningunum hefur ekki verið svarað en svona er þetta nú bara að við eigum að halda áfram að þróa okkar starf og við eigum að muna eftir því að ferðapjónustan er alvöru atvinnugrein og við erum ein heild.

Auðvitað eru ákveðnir aðilar í samkeppni eins og gerist og gengur en nú ríður á að við stöndum vel saman. Ég vil þakka heimamönnum fyrir að hafa undirbúið þessa ráðstefnu. Það hvíldi nú helst á Eyju Þóru Einarasdóttur sem er formaður Ferðamálasamtaka í Rangárvallasýslu og Ágústi Inga Ólafssyni sem er sveitarstjóri Hvolhrepps. Ég vil líka þakka starfsmönnum Ferðamálaráðs fyrir þeirra þátt, ráðstefnustjórunum Guðmundi Svavarssyni og Halldóru Magnúsdóttur fyrir að stýra ráðstefnunni jafn vel og raun ber vitni.

Halldóra talaði aðeins um veðrið og þetta er svona ósköp venjulegt veður á þessum slóðum eins og þið kannski vitið. Ég veit að þið komið víða að en Hvolsvöllur er akkúrat svæðið þar sem yfirleitt er býsna gott veður eins og þið hafið komist að í dag.

Klukkan 6 þá verður svona samverustund í Sögusetrinu, þar er Njálusýning og þar er verslunarsafn eða kaupfélagssafn með ýmsum skemmtilegum munum og mér er sagt að Njáll og Gunnar hafi lagt í hér í gamla daga einhver mjöð sem þar mun hugsanlega verða fram reiddur þannig að ég hvet ykkur eindregið til þess að fara í Njálusetrið en síðan hefur víst samgönguráðherra líka lagt í einhvern mjöð og það verður boðið upp á hann hér í þessu húsi kl. hálf átta og síðan hefst veisla hér klukkan átta og ég hvet ykkur sem allra flest til að taka þátt í þessu.

En kærar þakkir kæru vinir fyrir góða samveru, 31. ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs Íslands er slitið.

### **Afhending umhverfisverðlauna Ferðamálaráðs 2001.**

Ávarp Sturlu Böðvarssonar, samgönguráðherra.

Góðir gestir.

Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs verða nú veitt í sjötta sinn. Verðlaunin eru hugsuð sem hvatning til ferðapjónustuaðila um að huga að umhverfismálum í sínum rekstri. Þegar talað er um að huga að umhverfismálum í rekstri er ekki einungis litið til hins náttúrulega umhverfis heldur einnig og ekki síður til menningarinnar og sögunnar. Það verður mikilvægara með hverju árinu sem líður að ferðapjónustuaðilar geri sér grein fyrir því að umhverfismálin mega ekki verða einhver aukastærð í rekstri ferðapjónustu-fyrirtækja, því það eru jú náttúran, sagan og menningin sem eru megin auðlindir ferðapjónustunnar.

Að þessu sinni bást fjölmargar tilnefningar til Ferðamálaráðs um vænlega verðlaunahafa. Það varð hins vegar niðurstaða Ferðamálaráðs að umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs Íslands fyrir árið 2001 hlytu, Íshestar.

Það er ánægjulegt til þess að vita að ferðaþjónustufyrirtæki í þessum geira ferðaþjónustunnar sé að standa sig eins vel og raun ber vitni í umhverfismálum, ekki síst með tilliti til þess að mjög neikvæðar fréttir hafa borist af umferð hestamanna um hálendið, bæði nú í sumar og síðasta sumar. Það er rétt að taka fram að í þeim tilfellum sem mest bar á í fréttum var ekki um að ræða skipulagðar hópferðir á vegum ferðaþjónustufyrirtækja heldur fólk á eigin vegum.

Fyrirtækið Íshestar var stofnað árið 1982 af nokkrum einstaklingum, tíu árum síðar var fyrirtækið gert að hlutafélagi og hefur verið rekið í því formi síðan. Aðsetur fyrirtækisins fyrstu árin var í Miðdal við Laugarvatn og var megináherslan á styttri hestaferðir í nágrenninu og á lengri ferðir yfir Kjöl. Síðan þá hefur nýjum ferðum verið bætt jafnt og þétt í ferðaframboð fyrirtækisins og nú er svo komið að sumarið 2001 buðu Íshestar upp á 13 lengri ferðir með 103 brottförum auk fjölda styttri ferða. Í sumar voru Íshestar með á sínum snærum um 1300 hross og áætlaður gestafjöldi er um 20 þúsund gestir, sem er gríðarleg aukning frá síðasta ári er gestir voru tæp 16 þúsund.

Íshestar er í sterkum viðskiptasamböndum víða um heim og hefur getið sér gott orð. Mikil áhersla er lögð á strangar gæðakröfur og góða umgengni við viðkvæma náttúru landsins. Einnig er lögð áhersla á gott samstarf við Náttúruvernd Ríkisins og Landgræðslu og farið er í einu og öllu eftir ábendingum þeirra um leiðir og landsvæði.

Íshestar hafa verið í fararbroddi afþreyingarfyrirtækja í umhverfismálum og er framkvæmdastjóri Íshesta formaður Umhverfisnefndar Samtaka ferðaþjónustunnar. Íshestar reka hestamiðstöð þar sem boðið er upp á sjö mismunandi ferðir árið um kring. Í hestamiðstöðinni er mikil áhersla lögð á umhverfissvæna starfshætti, þar sem m.a. allt sorp er flokkað og pappír endurnýttur.

Íshestar starfa náið með Skógrækt Hafnarfjarðar og verið er að undirbúa lagningu göngustíga sem tengja svæði Íshesta við Skógræktarsvæðið. Íshestar hafa þegar sett fram umhverfisstefnu sína og eru að vinna að vottun hinna virtu umhverfissamtaka, Green Globe. Þá hafa Íshestar verið í stöðugri vöruþróun og nú hefur fyrirtækið sett á markað tvær nýjar ferðir undir nafninu Íshestar Eco Ferðir. Í þessum ferðum er athyglinni beint að menningarlegum bakgrunni, Íslendingasögunum og einstakri náttúru landsins. Þetta eru ekki hestaferðir, heldur litlir hópar í skoðunarferðum. Báðar þessar ferðir eru dagsferðir. Þessar ferðir hafa nú þegar vakið mikla athygli og sölufólk um heim allan byrjað að kynna þær á markaðnum.

Það er því mikil ánægja að fá að veita Íshestum Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs Íslands árið 2001 og vil ég biðja Einar Bollason að koma hér upp og veita þeim viðtöku. Verðlaunagripurinn er höggmyndin Harpa eftir Hallstein Sigurðsson myndhöggvara.

## Hátíðarræða

Herra samgönguráðherra! Ágætu gestir!

Mér hefur verið falið af sveitarstjórn Hvolhrepps að reyna að lýsa Rangárþingi með augum þess manns sem ekki er innfæddur.

Þó að ég sé búinn að vera hérna fyrna lengi tala ég enn rangæsku með hreim og glöggir frumbyggjar hérna heyra undir eins hvaðan ég er, og hér eru margir glöggir og gáfaðir menn.

Mér er ætlað að lýsa svolítið landslagi, sögu og íbúum Rangárþings. Sjálfsagt mundi flestum finnast þetta ærið verkefni en nóttin er ung og ef nóg er í glösunum ætti það ekki að koma að sök.

Eitt af því fyrsta sem fangar augað er litið er yfir Suðurlandsundirlendið af Kambabrún er Hekla. Eitt frægasta eldfjall í heimi, hvorki meira né minna, takk fyrir.

Hekla er ægífögur og yfir henni hvílir einhver dulúðugur sjarmi, eitthvert fyrirheit, einhver draumur sem enginn veit hvort rætist. Það er kannski þess vegna sem hún er kvenkennd.

Áður fyrr stóð slík ógn og skelfing af Heklu að hún var álitin, um víða veröld, vera ein af aðal inngöngudyrum Helvítis. En sem betur fer voru fleiri inngangar í þá virðulegu stofnun, ekki síður en í Smáralindina, annars er hætt við að oft hefði myndast umferðaröngþveiti því vegakerfið er eins og það er.

Ekki er hægt að segja annað en að þrátt fyrir allt hafi hún verið traust og reglusöm. Hún fór til dæmis aldrei á túr, nema einu sinni á öld, og hafði það aldrei brugðist allar götur síðan Ingólfur Arnarson strunsaði hér um sveitir og fannst lítið til koma og settist svo að á rýrðar koti er hann nefndi Reykjavík og þótti fæstum gáfulegt.

Samkvæmt þessu höfðu jarðfræðingar merkt á almanakið hjá sér árið 2047 og voru hinir ánægðustu með sig og tóku þessu bara rólega. Svo skeður það 1970 að hún byrjar að gjósa og lætur eins og engir jarðfræðingar séu til. Og þegar Ómar Ragnarsson var að lýsa þessu gosi sagði hann, "ef þetta er ekki stórgos, þá veit ég ekki hvað gos er". Það kom reyndar í ljós að hann vissi það ekki, en það er önnur saga.

Og svo til þess að undirstrika sjálfstæði sitt gaus hún svo aftur 1980 og 1990 og 2000 og þá fannst sumum kominn tími til að jarðfræðingarnir segðu af sér.

Austur af Heklu taka Tindfjöllin og Þríhyrningur við og þar austur af Þórsmörkin, einhver dýrlegasta vin á norðurhveli jarðar, umgirt jökulum, fjöllum og kolmórauðum jökulfljótum þar sem almættið hefur safnað saman öllu litrófi íslenskrar náttúru.

Í Þórsmörkinni var hér áður fyrr, og reyndar enn, haldnar stórar og miklar útihátíðir. Mér er sagt að hvergi norðan Alþafjalla hafi rómantíkin blómstrað meir en einmitt þar.

Austur af Þórsmörk tekur Eyjafjallajökull við og í norðri Mýrdalsjökull, sem svo teygir sig austur fyrir Vík í Mýrdal en undir honum sefur Katla gamla, líka kvenkennd. Katla er að því leytinu ólík Heklu að hún hefur breitt yfir sig sína hvítu köldu jökulsæng. Og Guð hjálpi þeim sem reynir að kíkja þar undir.

Katla hafði þann háttinn á að hún fór mjög reglulega á túr, reyndar helmingi oftár en Hekla eða tvisvar á öld. Síðast gaus hún 1918. Svo reglusöm hafði hún verið að jarðfræðingarnir voru búnir að stilla klukkurnar sínar á 1968. En eins og hremmingarnar með Heklu væru ekki nægar hefur hún ekki látið á sér kræla í 83 ár.

Út við sjóndeildarhringinn í suðri blasa Vestmannaeyjar við. Þetta eru fjölmargar eyjar og sker, sem flest koma upp á stórstreymisfjöru. Þar var fyrsta þrælauppreisnin á Íslandi brotin á bak aftur og þar á Keikó heima sem er frægastur hvala og kann svo vel við sig að hann neitar að fara, enda í fríu fæði og húsnæði, nokkuð sem öllum er ekki boðið uppá.

Í suðri er svo hafnlaus sandströndin og ef ykkur skyldi detta í hug að fara á sjó frá ströndinni og halda í suður þá takið þið fyrst land á suðurskautinu.

Og milli hafsins og fjallahringsins er Suðurlandsundirlendið, þar sem fólkið býr og sagan gerist.

Já, hér er aðeins til ein saga. Saga saganna, og ein bók, bók bókanna Njála. Það kann að vera að á hátíðisdögum hér í Rangárþingi líti einstaka maður í Biblíuna og ennþá munu prestarnir lesa úr Biblíunni við guðsþjónustur, hjónavígslur og jarðarfarir en það er aðeins tilbrigði við Njálustefið og ber ekki að taka það alltof hátíðlega.

Sumir segja að ekkert hafi skeð í Rangárþingi síðan Gunnar var veginn og Njáll brenndur. Kannski er eitthvað til í þessu. Eitt er víst, að til dæmis í Fljótshlíðinni hefur verið friður og ró síðan. Mér er sagt að hjónaskilnaðir og annar heimilisófriður séu þar óþekkt fyrirbrigði. Þar hafa til dæmis aldrei verið listakostningar til sveitarstjórnar síðan Gunnar var veginn. Getur það verið að

Fljótshlíðingar hafi leyst öll sín mál með því að losa sig við íþróttakappann Gunnar. Kannski væri hægt að fá þá úr Fljótshlíðinni til að leysa kvótamálið.

Nokkurnveginn það sama má segja um Landeyjarnar. Þó þar hafi orðið smá eftirskjálftar, sem rétt eru sýnilegir á mælum Biskupsstofunnar.

En Njála geymir margar stórkostlegar persónur og hver sem les söguna eignast fljótt sína uppáhalds söguhetju. Ég til dæmis dái enga persónu meira heldur en Hallgerði Langbrók. Hún hefur verið forkunnarfögur, fluggáfuð og hún vissi hvað hún vildi. Hafði ótakmarkaðan metnað fyrir sig og sitt fólk. Hún vildi verða fremst meðal jafningja og hafði alla burði til þess og leit á karlmenn sem einnota.

Gunnar hefur verið glæsímenni. Hann var afburða skytta. Stökk jafnlangt aftur fyrir sig sem áfram, hvernig sem hann hefur farið að því? En vitið virðist aldrei hafa íþyngt honum. Hann var búskussi hinn mesti og flæktist um allar trissur á íþróttamótum með strákafíflunum á Bergþórshvoli. Var nema von þó Hallgerður vildi ekki eyðileggja hárgreiðsluna með því að klippa hárið niður í bogastreng handa karlinum, sem var hvort sem er búinn að klúðra öllu.

Mér hefur alltaf fundist hún vera fyrsta nútímakonan á Íslandi og kynsystur hennar mega vel við una.

Oft þegar ég virði fyrir mér íslensku nútímakonuna dettur mér Hallgerður í hug. Þær eru glæsilegar, klæddar eftir nýjustu tísku, ganga rösklega með stresstöskuna í hendinni, líta hvorki til hægri né vinstri og láta sem þær sjái mann ekki af því að þær vita hvernig þær ætla að fara að því að "meika það".

Þveröfugt við karlana, sem halda að það sé hægt að leysa öll mál yfir bjórkollu, í fjallajepum, veiðiferðum eða öðrum þvítíkum karladellum.

En það býr líka fólk í Rangárþingi. Þetta er elskulegt fólk, næst hógværa fólk í landinu, næst á eftir Skaftfellum.

Þeir segja sjaldan "Ég" heldur "Maður telur nú það" eða "Já, manni er sagt svo" eða "Maður hefur nú heyrt það". Eins er varla hægt að fá þá til að segja skoðun sína á veðrinu. "Það hefur víst rignt", "Einhver sagði að það hefði sést til sólar" Og það er voða erfitt að fá þá til að segja "já" eða "nei". En hafi þeir sagt "já" þá stendur það út yfir gróf og dauða eins og sést best á því að þeir eru enn að kjósa þá til þings Ingólf Jónsson á Hellu og séra Sveinbjörn Högnason á Breiðabólstað þó þeir séu báðir löngu dauðir og komnir til feðra sinna.

Vinur minn einn Þingeyingur að ætt, svo langt sem séð verður, og er búinn að búa hér svo lengi að hann er ekki lengur með hreim, sagði mér einu sinni hver væri munurinn á Þingeyingum og Rangæingum. Hann sagðist einu sinni hafa spurt góðan bónda í Fljótshlíðinni hvað hann ætti margt fé. Hann sagði að það

slefaði rétt yfir 500 og allt einlembt. Svo sagðst hann hafa spurt þingeyskan bónda sem hann vissi að átti álíka margt fé. Hann sagði að það sleikti 1000 og allt tví- og þrílembt.

Hér er friðsælt og gott mannlíf og þessar 3.400 hræður er hér búa una sér glaðar við sitt.

Einstaka sinnum þurfa menn að bregða sér til Reykjavíkur, um 106 km leið eða tæplega klukkutíma akstur ef lögreglan er búin með yfirvinnukvótann. En þegar þú ert kominn til Reykjavíkur kemur í ljós einkennilegt náttúrufrábæri. Það er miklu lengri leið austur en að austan. Enginn hefur getað útskýrt þetta, þó er það hald vitra manna að þetta stafi af snúningi jarðar.

Þegar þið eruð orðin uppgefin á stressinu og viljið komast í ró og næði til þess að geta hugsað og leyst lífsgátuna, komið þá hingað. Hér er nóg pláss, ró og friður. Störfin eru unnin af Pólverjum, svo við hin getum gengið um með pípuhatt og hvítt um hálsinn og sótt kirkju á sunnudögum og þakkað Guði fyrir hvað við erum frábær.

Í Guðs friði!

Matthías Pétursson.